

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um leiðréttingu, millifærslu og hárlitun. 19



**MENNING** Sunnu dreymdi um að vinna með Bergþóri Pálssyni.w 35



**LÍFIÐ** Brynhildur Guðjónsdóttir leikur titilhlutverkið í leikritinu Karitas án titils. 46



**SPORT** Grétar Rafn Steinsson talar um lífið eftir atvinnumannsferilinn. 42





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
11. apríl 2014
86. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## LÍFIÐ



### Ætlaði að hætta í Hjaltalín

Sigríður Thorlacius heldur stórtónleika með hljómsveit sinni Hjaltalín í Hörpu þann 16. apríl. Um tíma vissi hún ekki að meðsöngvari hennar í bandinu, Högni Egilsson, væri með geðhvarfasýki og ætlaði að hætta í sveitinni.

## FRÉTTIR

**Peningar á ferðamannastaði** Ríkið hyggst verja „umtalsverðum fjármunum“ til uppbyggingar á ferðamannastöðum sem ekki þoli frekari bið í sumar. 4

**Hringurinn þrengist** Næsta skref við leit að malasísku þotunni gæti verið á hafsbotni með fjarstýrðum kafbáti. 12

**Fjórfaldur kostnaður** Viðgerð á veginum yfir Þverárfjall varð fjórfalt dýrari en ef fjármagn hefði verið til fyrir viðhald í gegnum árin. 16




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | A | 15 |
| Akureyri | 0° | A | 7 |
| Egilsstaðir | 2° | SSA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | SA | 8 |
| Reykjavík | 6° | SA | 9 |

**STREKKINGUR** Í dag verða suðaustan 8-15 m/s og úrkoma víðast hvar en suðvestan síðdegis með skúrum V-til. Hiti 0-10 stig en vægt frost inn til landsins fyrir norðan. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk





**ÁFRAM VEGINN Í GÁLGAHRAUNI** Lagning nýs vegar á Álftanesi gengur hratt í góða veðrinu þessa dagana. Mótmælendur sem létu til sín taka við upphaf framkvæmda vegna spjalla á hrauninu láta ekki sjá sig lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Lög um arðgreiðslur brotin í sparisjóðum

Í rannsóknarskýrslu um sparisjóði segir að greiddur hafi verið út meiri arður en lög leyfðu. Sérstakur saksóknari segir ný mál meðal þeirra sem upplýst hafi verið um.

**VIÐSKIPTI** Mikill hagnaður sparisjóðanna árin 2004 til 2007 leiddi til þess að arðsemi eigin fjár varð mjög mikil. Það gerði mörgum þeirra kleift að greiða stofnfjáreigendum drjúgan arð.

Nokkur dæmi voru um að greiddur væri út meiri arður en lög leyfðu, jafnvel sem nam meira en hagnaði viðkomandi rekstrarárs. Þannig var beinlínis gengið á varasjóð þeirra. Þá segir í skýrslunni að sparisjóðirnir hafi stundað að auka við stofnfé undir lok árs til að hækka arðgreiðslur ef hagnaðurinn var góður. Árin 2004 til 2007 hafi hann yfirleitt verið dágóður. Enginn hafði haft eftirlitsskyldu með arðgreiðslum sparisjóðanna samkvæmt lögum.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis segir að hlutafélagavæðing sparisjóðanna hafi verið upphafleg orsök vanda þeirra. Fall og rekstrarerfiðleika þeirra megi rekja til þess hvernig eignasafn þeirra var samsett og hvernig þeir voru fjármagnaðir.

Þá er starfsemi endurskoðenda gagnrýnd, bæði fæð þeirra innan stærstu sjóðanna og að stjórn og stjórnendur hafi lítinn áhuga haft á innra eftirliti. Þá hafi endurskoðendafyrirtækin líklegast unnið önnur verk fyrir sjóðina en aðeins að endurskoða. Í skýrslunni segir að margir hafi greint frá því í skýrslum sínum fyrir nefndinni að endurskoðendur hefðu samið ársreikninga fyrir sparisjóðina. Þessu hafi endurskoðendurnir mótmælt eindregið.

## 300 milljarðar

Heildarkostnaður við fall sparisjóðanna er nú þegar orðinn 33 milljarðar en gæti orðið hátt í 300 milljarðar.

Heildarkostnaður sem þegar hefur fallið til vegna erfiðleika og falls sparisjóðanna er rúmir 33 milljarðar króna. Mögulegar endurheimtur ríkisins á stofnfé þeirra velta á sölu stofnfjár eða samruna þeirra við aðrar fjármálastofnanir. Óvissa ríkir um hvort og hversu há fjárhæð muni falla til vegna uppgjörs við slitastjórn Sparisjóðabankans. Seðlabankinn lýsti 215 milljarða króna kröfu í þrotabú bankans. Heildarkostnaðurinn getur því orðið hátt í 300 milljarða.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur tilkynnt 21 mál til ríkissaksóknara sem öll geta varðað fangelsisrefsingu, að því er segir í skýrslunni. Aðspurður segir sérstakur saksóknari þennan fjölda mála ekki hafa komið sér á óvart.

Embættið hefur þegar fengið upplýsingar sendar um þau mál þar sem grunur vaknaði um að auðgunarbrot hefðu verið framin. Samanlagt hefur það verið með um tíu til tólf mál sem tengjast sparisjóðunum á sinni könnu. „Eitthvað af þessu er tengt þessum málum sem hefur verið tilkynnt um, önnur eru ný,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. „Tvö eru farin í gegnum allt kerfið en að minnsta kosti fjögur til sex eru í rannsóknarfasanum eða á leiðinni inn í hann.“

- fb, fbj / sjá síður 6 og 8

Rússar sviptir atkvæðisrétti:

## Einn á móti og annar var með

**UTANRÍKISMÁL** Ögmundur Jónasson greiddi atkvæði gegn refsiaðgerðum þings Evrópuráðsins á hendur Rússlandi fyrir innlimun Krímskaga.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þingið samþykkti í gær að svipta Rússland atkvæðisrétti í ráðinu til áramóta. Sviptingin er málamiðlun. Hluti þingmanna vildi vísa Rússlandi úr Evrópuráðinu. Tillagan var samþykkt með 145 atkvæðum. 21 var á móti og 22 sátu hjá.

Íslandsdeildin var ekki samstiga í málinu. Karl Garðarsson greiddi atkvæði með aðgerðunum. Brynjar Níelsson sat hjá.

- óká / sjá síðu 10




NÝR STAÐUR OPNAR Á NÝBÝLAVEGI 6-8 KL. 11 Í DAG
BBQ Burrito og Kristall
★ 1000 KALL ★
serrano FRESH ★ HAPPY ★ MEX
Tilboðið gildir aðeins á Nýbýlavegi fram yfir síðustu kvöldmáltíð á skírdag.




NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

## SPURNING DAGSINS



Bergþór, er verið að keyra yfir okkur?

**„Nei, en menn eru úti að aka.“**

Bergþór Karlsson, formaður bílaleigunefndar Samtaka ferðaþjónustunnar, segir grun þingmannsins Þorsteins Sæmundssonar um að stórfyrirtæki svindli út bílaleiguafslátt og leigi bíla til starfsmanna vera órökstuddan.

Menntamálaráðuneytið hefur á skömmum tíma nýtt sér fjölbreytta þjónustu:

# Tæplega fjórtán milljónir í ráðgjöf

**ALÞINGI** Menntamálaráðuneytið greiddi tæpar fjórtán milljónir í ráðgjafarþjónustu frá 1. júlí 2013 til 15. mars 2014. Upphæðin dreifðist á nítján aðila. Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur um kostnað ráðuneytisins vegna ráðgjafarþjónustu.

Hæstu upphæðina fær Gát sf. eða samtals 2,4 milljónir fyrir tvær úttektir, á Flensborgarskóla annars vegar og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra hins vegar.

Ráðgjafarfyrirtækið Hagvangur hlaut tæpar 800 þúsund krónur vegna aðstoðar við ráðningu framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Hrafnhildar Ástu Þorvaldsdóttur.

Háskóli Íslands fékk 600 þúsund krónur vegna úttektar á þekkingu framhaldsskólanema á starfi leikskólakennara. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýna meðal annars að framhaldsskólanemar telja laun leikskólakennara lægri en þau í raun eru. - ssb



**FJÖLBREYTT VERKEFNI** Menntamálaráðuneytið leitar sér ráðgjafar vegna ýmissa ólíkra verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölskipaður dómur einróma:

# Mátti leggja á auðlegðarskatt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að auðlegðarskatturinn svokallaði hafi verið löglegur.

Það var Guðrún Helga Lárusdóttir, eigandi Stálskipa, sem höfðaði mál vegna auðlegðarskatts árin 2010 til 2012.

Fjölskipaður dómur Hæstaréttar var einróma um að álagning auðlegðarskatts bryti ekki gegn stjórnarskrá. Guðrún á að greiða ríkinu eina milljón króna í málskostnað. - ssb



**ÖLDUNGUR** Sikkar þekkjast gjarnan á litríkum túrbönum sem þeir nota til að hylja hár sitt. NORDICPHOTOS/AFP

Hafa lagst í langferð til að fagna nýja árinu í Pakistan:

# Indverskir pílagrímar í hörkustuði

**ERLENT Indverskir sikka-pílagrímar sjást hér undirbúa lestarferð yfir til Pakistans í gegnum þorpið Wagah. Þorpið liggur á landamærum Indlands og Pakistans. Pílagrímarnir ætla að halda upp á áramót sikka með þriggja daga hátíðahöldum.** - ssb

Hæstiréttur sneri frávísun við:

# Mál Hannesar fer fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sneri í gær við frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á máli sérstaks saksóknara gegn Hannesi Smárasyni er varðar fjárdrátt. Héraðsdómur þarf því að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Hannes var ákærður á síðasta ári fyrir að hafa dregið sér tæpa þrjá milljarða króna úr sjóðum FL Group þegar hann var stjórnarformaður fyrirtækisins. Peningarnir voru færðir yfir á reikning Fons eignarhaldsfélags í tengslum við viðskipti við Sterling Airlines. - ssb

Faðir sem hristi barn sitt:

# Í fangelsi fyrir að deyða dóttur

**DÓMSMÁL** Faðir var dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa valdið dauða fimm mánaða dóttur sinnar í mars í fyrra. Faðirinn neitaði sök í málinu.

Sannað þótti að faðirinn hefði hrist barnið viljandi en barnið var flutt meðvitundarlaust á Landspítalann þar sem það lést. Innvortis áverkar þess voru blæðingar í heila sem leiddu til dauða. Barnið var jafnframt með blæðingar í andliti og á brjóstkassa auk annarra alvarlegra áverka. - ssb

# Grunnskólakennarar vilja 30 prósent á laun

Grunnskólakennarar íhuga að grípa til aðgerða til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við sveitarfélögin. Ef kennarar fengju þá launaleiðréttingu sem þeir telja að þeir eigi inni myndu laun nýútskrifaðs kennara hækka um 90 þúsund.

**VINNUMARKAÐUR** Grunnskólakennarar íhuga að grípa til aðgerða til að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það styttist í skólalok og kennarar telja að hafi samningar ekki náðst áður en sumarfrí hefst muni lítið þokast við gerð nýs samnings fyrr en á nýju skólaári. Tíminn er því að hlaupa frá kennurum.

„Okkar fólk er farið að ókyrrast mjög og menn eru farnir að ræða hvort það þurfi virkilega að grípa til aðgerða. Það er í fyrsta skipti í langan tíma sem menn setja fram þær hugmyndir,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Grunnskólakennarar vísuðu kjaradeilu sinni við ríkið til sáttasemjara fyrir rúmum þremur vikum þar sem þeim þótti ekki nógu góður gangur í viðræðunum. Ólafur segir að rætt hafi verið um að gera langtímakjarasamning eða allt til ársins 2017. Markmiðið sé að jafna laun grunnskólakennara launum annarra háskólamenntaðra stétta sem hafi sambærileg laun og beri álíka ábyrgð.

„Það er verið að reyna að setja aukinn kraft í viðræðurnar. Okkar helstu viðmiðunarhópar eru að mestu búnir að semja svo línur eru að skýrast. Óvissuþáttunum er að fækka,“ segir Ólafur.

Framhaldsskólakennarar skrifuðu undir nýjan kjarasamning í síðustu viku, samkvæmt honum geta laun þeirra hækkað um allt að 29 prósent á samningstímanum sem er um tvö og hálft ár.

„Það þarf að hækka laun grunnskólakennara að minnsta kosti til jafns við framhaldsskólakennara. Að öðrum kosti dregur í sundur með þessum stéttum og það er ekki í boði,“ segir Ólafur.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á að semja um breytingar á vinnutíma kennara með það að markmiði að einfalda hann.

Ólafur segir að það hafi verið rætt. Hins vegar vanti faglegan rökstuðning fyrir því hvers vegna eigi að fara út í að breyta vinnutíma kennara.

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að viðræður við kennara snúist um ákveðnar kerfisbreytingar og launin séu hluti af þeim.

„Viðræðurnar eru í fullum gangi. Þetta þokast áfram,“ segir Inga Rún.

Hún segir að kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara hafi verið til skoðunar. Það séu hins vegar allt aðrar aðstæður í grunnskólum en framhaldsskólum. „Þetta eru ólíkar skólagerðir,“ segir hún.

johanna@frettabladid.is



**VILJA SAMNING** Grunnskólakennarar eru orðnir langeygir eftir nýjum kjarasamningi og íhuga að grípa til aðgerða til að knýja á um að samið verði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þarf að leiðrétta launin um 30 prósent

Grunnskólakennarar telja að þeir eigi inni allt að 30 prósenta launaleiðréttingu.

Nýútskrifaður grunnskólakennari sem hefur umsjón með 12 til 19 nemendum fær 306 þúsund krónur á mánuði í dag. Ef hann fengi 30 prósenta launaleiðréttingu myndu laun hans hækka upp í um 400 þúsund krónur á mánuði á samningstímanum sem gæti orðið allt að þrjú ár.

Grunnskólakennari sem hefur kennt í 15 ár fær 361 þúsund krónur í mánaðarlaun. Ef hann fengi sömu launaleiðréttingu myndu laun hans hækka í tæpar 470 þúsund krónur á mánuði á samningstímanum.


PÁSKATILBOÐ



94.900

FULLT VERÐ 109.900

VELDU GRILL SEM ENDIST OG ÞÚ SPARAR

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400 Opið til kl. 16 á laugardag


Isavia segir fleiri starfa við öryggisgæslu á flugvöllum en fyrir sex árum:

# Starfsmönnum í flugvernd fjölgað

**VINNUMARKAÐUR** Sigurður Ólafsson hjá Isavia segir að starfsmönnum í flugvernd hafi fjölgað á síðustu árum. Þeim hafi fjölgað meira en farþegum sem fara um flugvelli landsins.

Samkvæmt tölum sem Isavia hefur tekið saman voru 108 stöðugildi í flugvernd 2008. Fjöldi brottfararfarþega á hvern starfsmann hafi verið 8.124. Á þessu ári sé áætlað að stöðugildin verði 198 og fjöldi brottfararfarþega á hvern starfsmann verði 6.726.

Kristján Jóhannsson, formaður félags flugmálastarfsmanna, sagði í þættinum Í bítið á Bylgjunni að í kjarasamningagerðinni yrði að taka tillit til farþegafjölgunarinnar sem hefði orðið á hverju ári.

„Þetta kemur náttúrulega beint í andlitið á okkar fólki sem er að sinna þessum sömu farþegum,“ sagði Kristján.

Engin lausn er í sjónmáli í kjaradeilu flugvallarstarfsmanna og Isavia.

Næsta boðaða vinnustöðvun flugvallarstarfsmanna verður að morgni 23. apríl og á að standa í fimm klukkustundir frá klukkan fjögur til níu. - jme



**KJARADEILA** Flugvallarstarfsmenn segja að farþegum á flugvöllum hafi fjölgað og því eigi þeir að fá hærri laun. Isavia segir að starfsmönnum hafi fjölgað á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Fjöldi brottfararfarþega á hvern starfsmann í flugvernd var 8.124 árið 2008 en á þessu ári er áætlað að farþegarnir verði 6.726 á hvern starfsmann.**

*Heimild: Isavia.*

# ÚTLIT FYRIR SUMAR

## Skínandi sértilboð á ÖLLUM aukahlutum

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




20% afsláttur á ísetningu aukahluta



Gúmmímotta í skott



Þverbogar á toppgrind



Aurhlífar



Hlíf á afturstuðara



Dráttarbeisli

**Búðu bílinn undir sumarið hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skínandi sértilboð á öllum aukahlutum og ljómandi 20% afsláttur á ísetningu aukahluta fyrir sumarið. Það er útlit fyrir gott sumar.**

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Verð á RAV4 frá 5.440.000 kr.

5 5 ÁRA ÁBYRGÐ | 40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Aukahlutir eru ekki innifaldir í birtu verði. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**4.200** **lögbýli eru í ábúð á Íslandi.**

**Þar af framleiða um 3.200 búvöru á borð við mjólk, kjöt og fleira.**

Auk þess stunda bændur ferðaþjónustu, skógrækt og landgræðslu.

*Heimild: Bændasamtök Íslands*

Samgönguráðherra hefur rætt lagningu nýrrar Sundabrautar við borgina:

# Sundabraut er forgangsverkefni

**SAMGÖNGUR** Hanna Birna Kristjánsdóttir samgönguráðherra telur að Sundabraut eigi að vera í forgangi þegar kemur að því að velja samgöngumannvirki sem henta í einkaframkvæmd.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Þetta kom fram á Alþingi í umræðum um Vegaáætlun til næstu fjögurra ára.

Ráðherra kvaðst hafa rætt lagningu nýrrar Sundabrautar við borgaryfirvöld í Reykjavík og hefðu þau sýnt mikinn áhuga á að koma að lagningu brautarinnar.

„Ég hef skipað starfshóp til að halda utan um það verkefni að leita leiða til þess að innleiða auknar framkvæmdir í samgöngumálum með aðkomu einkaaðila,“ sagði Hanna Birna í umræðunum.

Helgi Hjörvar, alþingismaður Samfylkingar, spurði samgönguráðherrann út í málið og vildi fá að vita hvort Hanna Birna sæi fyrir sér að gjöld yrðu tekin vegna samgöngumannvirkja sem væru fjármögnuð af einkaaðilum.

Hanna Birna kvað já við því en sagði jafnframt að það yrði að vera hóflegt og sanngjarnt. Almenningur yrði alltaf að hafa val um að aka aðra leið en þá sem gjald væri tekið fyrir.

**- jme**

Fengu Nýsköpunarverðlaun:

# Fimmtungur notar Meniga

**VIÐSKIPTI** Meniga fékk í gær Nýsköpunarverðlaun Íslands 2014. Meniga er leiðandi í Evrópu á sviði heimilisfjármálahugbúnaðar, með 17 viðskiptavini í 14 löndum.

Rúmlega 200 manns sóttu Nýsköpunarþing í gær. Þar var fjallað sérstaklega um vaxtarferla fyrirtækja.

Meniga hefur rekið heimilisfjármálavefinn meniga.is frá því 2010. Nú nota um 20 prósent íslenskra heimila vefinn, að því er segir í tilkynningu frá Rannís. **- óká**

Fær 600 þúsund króna styrk:

# Bæjarráð bætir hremmingar

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Kópavogs ákvað á þriðjudag að veita fyrrverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs, LSK, sex hundruð þúsund króna styrk.



**SIGRÚN ÁGÚSTA BRAGADÓTTIR**

Sigrún Ágústa Bragadóttir var ásamt Gunnari I. Birgissyni, þáverandi formanni stjórnar LSK, dæmd fyrir að leyna Fjármálaeftirlitið upplýsingum varðandi lánveitingar úr sjóðnum til Kópavogsbæjar mánuðina eftir hrun. Sigrún átti að greiða 150 þúsund króna sekt auk málskostnaðar.

„Vegna þeirra hremminga sem Sigrún Ágústa Bragadóttir lenti í í kjölfar málaferla og atvinnumissis sem framkvæmdastjóri LSK samþykkir bæjarstjórn að greiða Sigrúnu Ágústu 600.000 króna styrk,“ sagði í tillögu bæjarfulltrúans Ómars Stefánssonar sem samþykkt var með sex atkvæðum gegn einu. Þrír bæjarfulltrúar greiddu ekki atkvæði.

**- gar**

## REYKJAVÍKURBORG

### Fá styrk fyrir stúku

Borgarráð samþykkti í gær að veita Fylki 4 milljóna króna styrk til að setja upp sæti við völl félagsins í Árbæ. Borgarráðsfulltrúi VG greiddi einn atkvæði á móti.

## LEIÐRÉTT

Í dálkinum „Frá degi til dags“ á skoðanasíðum Fréttablaðsins 8. þessa mánaðar var rangt farið með ættartengsl Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Bændasamtakanna, og Ásgeirs Jónssonar hagfræðings. Hið rétta er að þau eru bræðrabörn. Eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á mistökunum.

# Umtalsvert fé frá ríkinu til uppbyggingar strax í sumar

Frumvarpi um náttúrupassa seinkar fram á haust. Enn er stefnt að upptöku náttúrupassa í byrjun næsta árs. Verja á „umtalsverðum fjármunum“ til uppbyggingar á ferðamannastöðum sem ekki þoli frekari bið í sumar.

**FERÐAMENN** Frumvarp um náttúrupassa verður ekki lagt fram á yfirstandandi þingi heldur er nú stefnt á að leggja það fram við upphaf haustþings. Þetta kom fram í máli Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í ræðu á ársfundi Samtaka ferðaþjónustunnar í gær.

„Það er mitt mat á þessari stundu að frumvarpið sjálft þurfi meiri tíma í undirbúningi til þess að við náum um það þeirri sátt sem ég tel að sé ekki bara mikilvæg, heldur nauðsynleg þannig að öllum spurningum og öllum álitamálum sé svarað,“ sagði hún. Áfram er stefnt á að taka upp náttúrupassann í byrjun næsta árs.

Samhliða þeirri ákvörðun að seinka frumvarpi um náttúrupassa hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita sérstökum fjármunum til nauðsynlegrar uppbyggingar á ferðamannastöðum strax í sumar, sagði Ragnheiður Elín.

Hún sagði í samtali við Fréttablaðið ekki ljóst um hversu háa upphæð yrði að ræða, aðeins að þetta yrðu „umtalsverðir fjármunir“. Hún sagði að áður en kostnaðurinn kæmi í ljós yrði að kortleggja þörfina, og það starf myndi hefjast strax.

Hluti fjármunanna mun renna til staða sem eru í eigu og umsjón ríkisins, hluti til staða sem sveitarfélögin eiga og hluti til staða í einkaeigu.

„Áherslan verður á þá staði þar sem þörfin er mest, enda þola endurbætur á þeim stöðum litla bið. Við megum ekki láta vonandi annað metsumarið bíða með hættu á því að við skemmum okkar dýrmætu staði,“ sagði Ragnheiður. Peningarnir munu renna til staða þar sem hægt er að hefja framkvæmdir strax í sumar.



**SÁTT** Mikilvægt er að ná sátt um frumvarp um náttúrupassa og verður sumarið nýtt til að sníða agnúa af frumvarpi um málið, sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnheiður sagði í samtali við Fréttablaðið nokkrar ástæður fyrir því að rétt væri að bíða með frumvarp um náttúrupassann. „Ég hef lagt á það áherslu að stofnuð yrði sjálfseignarstofnun vegna þess að þetta þarf að vera samstarfsverkefni einkaaðila og opinberra aðila. Það hafa komið athugasemdir við það frá meðal annars fjármálaráðuneytinu þar sem gagnrýnt er að þetta fjármagn fari ekki í gegnum ríkissjóð. Þetta er auðvitað eitthvað sem við þurfum að skoða,“ sagði Ragnheiður.

Hún sagði einnig álitamál tengd almannarétti og rétti til gjaldtöku. Það yrði ríkið að vera með fast land undir fótum áður en náttúrupassinn verður lögfestur. „Ég óttaðist að ef við færum að keyra þetta í gegn núna með svona lítinn tíma, og miðað við allt sem er að gerast í þinginu, gætum við gert mistök.“

**brjann@frettabladid.is**

## Biðlar til landeigenda við Geysi

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, gagnrýndi áform um gjaldtöku við einstaka ferðamannastaði, sérstaklega gjaldtöku af ferðamönnum við Geysi, í ræðu sinni á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar í gær. Hún biðlaði til landeigenda um að koma til samstarfs við ríkið í sumar og halda ímyndinni um frjálsa för óspilltri.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Friedrichshafen | 20° | New York | 17° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 9° | Orlando | 25° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 13° |
| Berlín | 13° | Las Palmas | 22° | París | 19° |
| Billund | 13° | London | 16° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 19° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 10° |




**Á MORGUN** 5-13 m/s, hvassast A-til.




**SUNNUDAGUR** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**HELGARSPÁIN** Það dregur smám saman úr vindi og úrkomu til morguns og verður yfirleitt úrkomulítið á morgun en él norðaustantil. Hægur vindur á sunnudaginn og þurrt og lítur út fyrir bjartviðri sunnan heiða. Hitinn breytist lítið.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# MJÚKIR **HEIMILISVÖRUDAGAR**

## **20%** AFSLÁTTUR AF **GARNI (ÁLNAVÖRUM), HANDKLÆÐUM, SÆNGURFÖTUM, PÚÐUM, POTTALEPPUM OG OFNHÖNSKUM** 10.-14. APRÍL.




**GARN Í MIKLU ÚRVALI**




**ÁLNAVARA**




**ELDRI HANNYRÐABLÖÐ**




**POTTALEPPAR OG OFNHANSKAR**




**PÚÐAR OG PÚÐAVER**




**FÖNDURVÖRUR**

KYNNINGAR
**Á SKARTGRIPAGERÐ**
Laugardaginn 12.04:
Í Kringlunni kl. 14:00
Í Smáralind kl. 16:00

Gildir ekki af búsáhöldum.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

SKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS UM FALL SPARISJÓÐANNA

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður telur niðurstöðu rannsóknarnefndar sýna að hann hafi haft rétt fyrir sér um sparisjóði:

# Segir forstjóra Fjármálaeftirlitsins hafa sagt ósatt



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Hvetur fólk til skoða viðbrögð Steingríms J. Sigfússonar og Gunnars Andersen við gagnrýni hans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hélt því margoft fram á síðasta kjörtímabili þegar hann var í stjórnarandstöðu að lög um eiginfjárhlutfall hefðu verið brotin á meðan sparisjóðirnir voru á forræði ríkisins, án þess að Fjármálaeftirlitið hefði af því afskipti.

Gunnar Andersen, þáverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, svaraði því til að lögin hefðu ekki verið brotin. Í rannsóknarskýrslu Alþingis um sparisjóðina kemur annað upp úr dúrnum. Segir Guðlaugur Þór „staðfest“ að hann hafi haft rétt fyrir sér. „Það getur enginn haldið því fram að ég hafi ekki sinnt skyldu minni í stjórnarandstöðu því hvað eftir annað benti ég á þetta, skrifaði um þetta greinar, tók þetta upp í þinginu og fékk nú bágt fyrir,“ segir hann.

„Menn hljóta að vilja fá skýringu á því hvernig þetta má vera, þessi gríðarlegi kostnaður almennings vegna þessara aðgerða og aðgerðaleysis fyrrverandi ríkisstjórnar í málefnum SpKef og Byrs,“ segir Guðlaugur og bætir við: „Þetta er áhugavert líka í ljósi þess hvernig fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins beitti sér gegn mér, þar sem hann sagði að ég væri að vinna gegn sér og að hann ætlaði þess vegna að taka mig niður.“

Hvort Gunnar hafi sagt ósatt varðandi eiginfjárhlutfallið segir þingmaðurinn: „Það er augljóst. Ég hvet menn til að skoða viðbrögð þáverandi fjármálaráðherra [Steingríms J. Sigfússonar] við gagnrýni minni sem og fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins.“ -fb

21 mál til ríkissaksóknara:

## Fjöldinn kemur ekki á óvart

Rannsóknarnefnd Alþingis um fall sparisjóðanna tilkynnti 21 mál sem varðað geta fangelsisrefsingu til ríkissaksóknara.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir fjöldann ekki koma á óvart. „Ekki miðað við það sem við vissum þegar.“

Sérstakur saksóknari hefur samanlagt verið með um tíu til tólf auðgunarbrotamál sem tengjast sparisjóðunum á sinni könnu.

„Eitthvað af þessu er tengt þessum málum sem þau hafa tilkynnt um, önnur eru ný,“ segir Ólafur Þór. „Tvö eru farin í gegnum allt kerfið en að minnsta kosti fjögur til sex eru í rannsóknarfasanum eða á leiðinni inn í hann.“

Fjármálaeftirlitið fékk upplýsingar um mál þar sem grunur lék á um brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki. Hrannar Hafberg, formaður rannsóknarnefndarinnar, sagði yfirvöld verða að meta hvort atriðin kölluðu á frekari rannsókn. „Hugsanlega kunna einhver þeirra mála sem tilkynnt voru til yfirvalda að vera fyrnd, kunna þegar að vera til rannsóknar eða rannsóknum kann að vera hætt.“ - fb

Ofbýður hve dýr skýrslan er:

## Bjóst við meiru

Sigrún Magnúsdóttir, alþingismaður Framsóknar, segir sér ofbjóða hve dýr rannsóknarskýrsla um fall sparisjóðanna er.



**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR**

„Mér finnst alveg makalaust hvað þetta tók langan tíma og kostaði mikið fé. Maður bjóst við að það yrði kveðið fastar að orði,“ segir Sigrún.

Enginn annar nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vildi tjá sig um skýrsluna að svo stöddu. -ssb

# Lög brotin við útgreiðslu arðs

**Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðina segir að hlutafélagavæðing þeirra hafi verið upphafleg orsök vanda þeirra. Drjúgur arður var greiddur út úr mörgum sjóðum, jafnvel sem nam meira en hagnaði viðkomandi rekstrarárs. Heildarkostnaður vegna sparisjóðanna gæti orðið hátt í 300 milljarða króna.**

Fall og rekstrarerfiðleika sparisjóðanna má rekja til þess hvernig eignasafn þeirra var samsett og hvernig þeir voru fjármagnaðir. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda, orsök erfiðleika og fall sparisjóðanna sem kynnt var í gær.

Þar er vandinn rakinn til þess að sparisjóðunum hafi verið gert kleift að hlutafélagavæðast þar sem margir sparisjóðir, sér í lagi hinir stærstu, breyttu rekstrarformi sínu í hlutafélag og glötuðu þar með einkennum sínum og sérstöðu gagnvart viðskiptabönkum. Í skýrslunni er því velt upp að um tilvistarvanda sparisjóðanna hafi verið að ræða þar sem fjárfestingarbankalíkanið hafi haft „gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ýmsa forystumenn sparisjóðanna“, eins og segir orðrétt.



**RANNSÓKNARNEFNDARMENN** Rannsóknarnefnd sparisjóðanna var skipuð í ágúst 2011 og var því í tæp þrjú ár að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá er starfsemi endurskoðenda gagnrýnd, bæði fæð þeirra innan stærstu sjóðanna og að stjórn og stjórnendur hafi lítinn áhuga haft á innra eftirliti. Þá hafi endurskoðendafyrirtækin líklegast unnið önnur verk fyrir sjóðina en aðeins að endurskoða. Í skýrslunni segir að margir hafi greint frá því í skýrslum sínum fyrir nefndinni að endurskoðendur hefðu samið ársreikninga fyrir sparisjóðina. Þessu hafi endurskoðendurnir mótmælt eindregið.

Afkoma sparisjóðanna náði hámarki árið 2006 er hún nam samtals 21,4 milljörðum króna. Verulegt tap varð hins vegar af rekstri þeirra á árunum 2008 og 2009. Tap þeirra árið 2008 nam tæpum 143 milljörðum króna sem jafngilti um 23 prósentum af heildareignum þeirra samkvæmt efnahagsreikningum í árslok 2007. Þá hafi þeir svo gott sem tapað nærri tvöföldum samanlögðum hagnaði næstliðinna tíu ára, umreiknuðum til sama verðlags. Á árunum 2008 og 2009 töpuðu sparisjóðirnir rúmum 203 milljörðum króna.

Eignir þeirra jukust mikið á sama tíma og námu í árslok 2001 samtals 161 milljarði króna. Þær urðu mestar í lok árs 2008, samtals 668 milljarðar króna. Eftir áföll árin 2008 og 2009 drógust eignirnar mikið saman og námu í lok árs 2011 samtals 59 milljörðum króna.

Hjá minni sparisjóðum sem lánuðu út fyrir starfssvæði sitt varð mest tap á lánum sem veitt voru fyrir milligöngu Sp-ráðgjafar ehf. Stærri sparisjóðirnir töpuðu mikið á sams konar lánum, það er lánum í erlendum myntum til einkahlutafélaga til kaupa á hlutabréfum eða stofnfjárbréfum með veði í bréfunum sjálfum. Þeirra stærst voru lán til kaupa á hlutum í Icebank hf.

Mikill hagnaður sparisjóðanna árin 2004 til 2007 leiddi til þess að arðsemi eigin fjár varð mjög mikil. Það gerði mörgum þeirra kleift að greiða stofnfjáreigendum drjúgan arð. Nokkur dæmi voru um að greiddur væri út umtalsvert meiri arður en lög leyfðu, jafnvel sem nam meira en hagnaði viðkomandi rekstrarárs. Þannig var beinlínis gengið á varasjóð sjóðanna.

Heildarkostnaður sem þegar hefur fallið til vegna erfiðleika og falls sparisjóðanna er rúmir 33 milljarðar króna. Í árslok 2012 var stofnfé í eigu ríkisins 1,9 milljarðar króna en á árinu 2013 voru afskrifaðar 213 milljónir króna af stofnfé ríkissjóðs í sparisjóðunum.

➜ Tap sparisjóðanna árið 2008 nam tæpum 143 milljörðum króna sem jafngilti um 23 prósentum af heildareignum þeirra

*Úr rannsóknarskýrslu Alþingis um fall sparisjóðanna.*

Mögulegar endurheimtur ríkisins á stofnfé þeirra velta á sölu stofnfjár eða samruna þeirra við aðrar fjármálastofnanir. Óvissa ríkir um hvort og hversu há fjárhæð muni falla til vegna uppgjörs við slitastjórn Sparisjóðabankans. Seðlabankinn lýsti 215 milljarða króna kröfu í þrotabú bankans og hefur lítill hluti krafnanna verið samþykktur. fanney@frettabladid.is


Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!



Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Toronto Symphony Orchestra í Eldborg

HARPA



## 24. ágúst, kl. 19:30

Þessi magnaða hljómsveit heimsækir Hörpu og leikur á allt slagverk í húsinu.

Menningarveisla sem forvitnir áheyrendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Miðasala hefst **í dag, 11. apríl**

Stjórnandi **Peter Oundjian**
Einleikari á fiðlu **James Ehnes**

Verk meðal annars eftir
**Tchaikovsky & Rachmaninov**

**www.harpa.is/tso**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

SKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS UM FALL SPARISJÓÐANNA

# Sparisjóðirnir juku við stofnfé í lok árs til að hækka arðgreiðslur

**Enginn hafði með lögum eftirlitsskyldu með arðgreiðslum sparisjóðanna. Mikill hagnaður áranna 2004 til 2007 gerði þeim kleift að greiða stofnfjáreigendum drjúgan arð. Rannsóknarnefnd Alþingis segir að djúpt hafi orðið á upphaflegum markmiðum sparisjóðanna með þessu.**

Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna segir sparisjóðina hafa stundað að auka við stofnfé undir lok árs þar sem þá dró það ekki niður arðsemi en gaf háa arðgreiðslu. Þetta segir í skýrslu nefndarinnar sem kynnt var í gær.

Við breytingar á eignarhaldi yfir sparisjóðunum, sem urðu á árinu 2001 með breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði hafi verið losað um áhrif sveitarfélaga og héraðsnefnda í stjórn sparisjóða með því að heimila að allir stjórnarmenn yrðu kosnir af stofnfjáreigendum, í öðru lagi varð heimilt að breyta rekstrarformi sparisjóða í hlutafélag og í þriðja lagi var ákvæðum um stofnfjárbréf breytt í því skyni að gera þau að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti.

„Það að gera stofnfjárbréfin vænlegri sem fjárfestingarkost heppnaðist dável því fá ef nokkur önnur verðbréf gáfu eftir það jafn háa ávöxtun en báru um leið litla áhættu. Þau voru verðtryggð, þau nutu sérstaks endurmats sem gat numið 5% árlega og þau gáfu góðan arð, jafnvel þótt tap væri á rekstri sparisjóðsins. Þessir eiginleikar stofnfjárbréfanna reyndust hagsbót fyrir stofnfjáreigendur en voru íþyngjandi fyrir sparisjóðina sjálfa. Verðbætur og sérstakt endurmat breytti ekki eigin fé sparisjóðs en var tilfærsla úr varasjóði inn á stofnfé,“ segir í skýrslunni.

Þá segir að engar hömlur hafi verið settar á aukningu stofnfjár sparisjóðanna aðrar en að í samþykktum væri tiltekinn hámarksfjöldi stofnhluta og þar með stofnfé. Aldrei hafi gilt reglur um hversu mikið stofnféð væri eða hlutfall þess af eigin fé.

Tryggingasjóði sparisjóða var upphaflega falið að ákveða árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu hjá sparisjóðunum. Meginhlutverkið breyttist árið 2000 í öryggissjóð. Ákvörðun Tryggingasjóðsins um hámarkshlutfall arðgreiðslu átti að vera eins konar öryggisventill.

Í Tryggingasjóðnum var frá upphafi lögð sú lína að láta hlutfallið ráðast af tvenns konar viðmiðum, annars vegar fastri hlutfallstölu og hins vegar arðsemi, eða raunarðsemi, eigin fjár viðkomandi sparisjóðs. Stjórn Tryggingasjóðs var að mestu leyti skipuð sparisjóðsstjórum.

„Enginn hafði að lögum eftirlitsskyldu með arðgreiðslum sparisjóðanna. Þegar yfirverðsvæntingar og arðsvonir stofnfjáreigenda voru komnar í algleyming var ugglaust erfitt að standa gegn kröfum þeirra um háan arð. Mikill hagnaður sparisjóðanna árin 2004 til 2007 leiddi til þess að arðsemi eigin fjár varð mjög há. Það gerði mörgum sparisjóðum kleift að greiða stofnfjáreigendum drjúgan arð,“ segir í skýrslunni.

> **„Enginn hafði að lögum eftirlitsskyldu með arðgreiðslum sparisjóðanna.**
>
> *Rannsóknarnefnd Alþingis*

Mikil aukning stofnfjár varð 2005 til 2007. Fyrir utan það markmið að stækka sparisjóði og efla þá í samkeppni á fjármálamarkaði segir nefndin að önnur markmið hafi getað legið að baki stofnfjáraukningu: Í fyrsta lagi að verjast yfirtöku, í öðru lagi að hækka hlutfall stofnfjár af eigin fé sem stækkaði hlut stofnfjáreigenda gagnvart hlut sjálfseignarstofnunarinnar við umbreytingu í hlutafélag og í þriðja lagi að fá hærri arð greiddan.

Síðasta markmiðið átti stoð annars vegar í því að arðgreiðsla var reiknuð af stofnfé í lok árs, án tillits til þess hvenær það var innborgað, og þar með hversu lengi það hafði verið bundið í sparisjóðnum. Hins vegar var við útreikning á arðsemi eigin fjár tekið tillit til þess hvenær eigið fé myndaðist. Með því að auka stofnfé undir lok árs dró það ekki niður arðsemina en gaf háa arðgreiðslu ef hagnaður sparisjóðsins hafði verið góður. Árin 2004 til 2007 var hann yfirleitt dágóður vegna góðrar útkomu verðbréfaeignar.

„Í þessu ljósi má horfa til þess að gengishagnaður af Exista bréfum á árinu 2006 var töluverður. Það að færa Sparisjóðabankann á gangvirði á árinu 2007 skilaði mörgum sparisjóðum gengishagnaði auk þess sem afkoma Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Byrs sparisjóðs var mjög góð á árinu 2007 einkum vegna sölu á eignarhlut þeirra í Icebank,“ segir Tinna Finnbogadóttir, fjármálahagfræðingur og einn nefndarmanna í rannsóknarnefndinni, við Fréttablaðið.

fanney@frettabladid.is



**GRÍÐARLEG AUKNING STOFNFJÁR** Nefndin segir óljóst hvort hlutafélagsvæðing hafi verið í þágu stofnfjáreigenda eða til hagsbóta fyrir sparisjóðinn sjálfan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





SPARNEYTINN OG SPORTLEGUR.

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Það er komið að þér að upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. BMW 116d með 116 hestafla dísilvél er skemmtilegur millistærðarbíll sem sameinar alla helstu kosti BMW. Við bjóðum þig velkominn að reynsluaka og upplifa BMW.

BMW 116d – 4,1 l/100 km*
Verð frá 4.490.000 kr.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM62188

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# nettó
Kræsingar & kostakjör




## PÁSKABLAÐ NETTÓ ER KOMIÐ ÚT!




**EMMESS RJÓMAÍS**
CAPPUCCINO
~~VERÐ ÁÐUR 639,-~~
**390,–**
-39%




**PÁSKAEGG NO 9**
FREYJU RÍS- EÐA DRAUMAEGG
**2.198,–**



**KALKÚNN FRANSKUR**
KÍLÓVERÐ
**1.167,–**
TAKMARKAÐ FRAMBOÐ!



**HEILNÆMUR LAMBAHRYGGUR**
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 2.198,-~~
**2.148,–**

**Tilboðin gilda 10. – 21. apríl 2014**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mega ekki stunda doktorsnám í eigin deild:

# Skráð fyrir breytingu



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**VAKTI ATHYGLI** Forseti og varaforseti tannlæknadeildar vörðu nýlega doktorsritgerðir við tannlæknadeild.

**MENNTAMÁL** Óheimilt er samkvæmt reglum Háskóla Íslands að taka akademískan starfsmann í deild í doktorsnám við viðkomandi deild.

Fyrir nokkrum dögum varði Teitur Jónasson, forseti tannlæknadeildar, doktorsritgerð við deildina og það sama gerði varaforsetinn, Bjarni Elvar Pjetursson, í febrúar.

Þessar doktorsvarnir hafa vakið deilur innan Háskólans.

Inga Þórisdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ, segir nýjar reglur um meistara- og doktorsnám hafa verið settar 2009. Teitur og Bjarni hafi verið búnir að skrá sig í doktorsnám í deildinni áður. Enn séu tveir starfsmenn á Heilbrigðisvísindasviði í doktorsnámi á grundvelli eldri reglna, annar í hjúkrunarfræði og hinn í læknadeild. - jme

Ceraviva® flísar



Ceraviva Cementi flísar
30x60cm verð kr.
3.490 pr.m²

Einnig fáanleg
í stærðinni
15x60cm

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7 Reykjavík – Fuglavík 18 Reykjanesbæ

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Rússar fá ekki að kjósa í Evrópuráðinu

Ögmundur Jónasson var á móti því að svipta Rússa atkvæðisrétti í Evrópuráðinu, Karl Garðarsson studdi sviptingu en Brynjar Níelsson sat hjá. Ráðið refsar með þessu Rússum fyrir innlimun Krímskaga. Sum lönd vildu reka Rússa úr ráðinu.

**UTANRÍKISMÁL** Þing Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að svipta Rússa atkvæðisrétti í ráðinu til áramóta. Ákvörðunin er í mótmælaskyni við yfirtöku Rússa á Krímskaga.

Að sögn Karls Garðarssonar, þingmanns Framsóknarflokks og formanns Íslandsdeildar Evrópuþingsins, var tekist á um það á fundinum hvort vísa ætti Rússum úr ráðinu, líkt og Bretar vildu gera.

Í mótmælaskyni hunsuðu Rússar fundinn í gær og lét Alexei Pússkof hafa eftir sér að um hefði verið að ræða „andstyggilegan farsa“.

Karl greiddi atkvæði með sviptingu atkvæðisréttarins, Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, var á móti og Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og varamaður Unnar Brár Konráðsdóttur í ráðinu, sat hjá.

Á fundi þings Evrópuráðsins í fyrradag var líka samþykkt ályktun um þróun mála í Úkraínu, þar sem aðgerðir fyrri ríkisstjórnar og aðgangsharka við mótmælendur var átalin og stuðningi lýst við nýja bráðabirgðaríkisstjórn og uppbyggingarstarf í landinu.

Allir fimmtán þingmenn Rússa greiddu þá atkvæði gegn ályktuninni. Að auki gerðu það Ögmundur Jónasson, tveir þingmenn Armena, tveir Danir, einn Ungverji, Tékki, Hollendingur, Moldóvi og einn þingmaður Grikkja. Karl Garðarsson greiddi atkvæði með ályktuninni, en Brynjar Níelsson var ekki viðstaddur kosninguna.

Karl segir að í Evrópuráðinu kjósi hver fulltrúi eftir eigin samvisku og vissi hann ekki hvernig íslenska sendinefndin hefði kosið í málunum. Þingmönnum er raðað í stafrófsröð í salinn og skipt í hópa eftir stjórnmálaskoðunum.

Ögmundur segir alls ekki hægt að álykta sem svo að hann hafi í þessum málum lagst á sveif með Rússum. „Ég hallast með Evrópuráðinu,“ segir hann. „Þetta er spurning um það hvort þú viljir að Evrópuráðið verði vettvangur allra ríkja í Evrópu, hvað sem þau taka sér fyrir hendur, þar sem þau ræða málin og setja fram gagnrýni hvert á annað, eða hvort þrengja eigi þennan hóp.“ Ögmundur bendir á að mörg dæmi séu um að ríki Evrópu hafi vikið af vegi dygðarinnar án þess að vera vikið úr Evrópuráðinu. „Sannast sagna kvað við ansi sterkan kaldastríðstón í þessum umræðum,“ bætir Ögmundur við og kveður málið ekki jafn svart og hvítt og margir vilji vera láta. „Hópurinn sem ég tilheyri hjá Evrópuráðinu, vinstri flokkarnir, fordæmdi Rússa mjög harðlega fyrir aðkomu þeirra að Úkraínu, en vildi ekki svipta þá rétti til að sitja fundi ráðsins með fullan atkvæðisrétt.“

Hvað varðar ályktun þings Evrópuráðsins um þróun mála í Úkraínu segist Ögmundur hafa talið hana óyfirvegaða og ekki byggða á staðreyndum, heldur skoðunum. „Ég tel að Evrópuráðið þurfi að vanda sig mjög þegar það sendir eitthvað svona frá sér.“

olikr@frettabladid.is



**Í STRASBOURG** Ísland var eitt stofnríkja Evrópuráðsins árið 1949. Ráðið er opið öllum evrópskum réttarríkjum sem virða grundvallarmannréttindi. NORDICPHOTOS/AFP

## KOSIÐ Í STRASBOURG

**Ályktun um þróunina í Úkraínu**
**Samþykkir** 154
**Á móti** 26
**Sátu hjá** 14

**Rússar sviptir atkvæðisrétti**
**Samþykkir** 145
**Á móti** 21
**Sátu hjá** 22



ÖGMUNDUR JÓNASSON   KARL GARÐARSSON   BRYNJAR NÍELSSON

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu



Kópavogur

**Samlind-Bílstál**
Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

**Bílvík ehf.**
Smiðjuvegi 4E · 200 Kópavogur
Sími 661 7062

**Bifreiðaverkstæði Toppur**
Skemmuvegi 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

**Bílaverkstæðið Stimpill ehf.**
Akralind 9 · 200 Kópavogur
Sími 564 1095

**Knastás**
Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

**Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs**
Smiðjuvegi 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060

Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



**BOGFIMIMAÐUR** Skráðum iðkendum fjölgaði 25 falt í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skoða lóð fyrir bogfimiiðkun í Hafnarfirði:

# Sprenging í bogfimi

**ÍÞRÓTTIR** Skráðum iðkendum í bogfimi á Íslandi fjölgaði úr tíu í 250 í fyrra.

„Má segja að sprenging hafi orðið nú á síðasta ári, bæði hvað varðar iðkendur og keppnir,“ segir í erindi Bogfimisetursins þar sem óskað er eftir lóð í Hafnarfirði og samstarfi við bæjaryfirvöld um bogfimiiðkun.

Fram kemur að Bogfimisetrið sé þegar með svæði í Kópavogi og á Akureyri. „Ef áætlanir ganga eftir kemur stöðunum til með að fjölga mjög hratt á næstu tólf til átján mánuðum til að svara þeirri gríðarlegu eftirspurn sem hefur myndast,“ segir í erindi félagsins þar sem sérstaklega er vísað til áhuga á Víkingaþorpinu í Hafnarfirði. Víkingafélagið Rimmugýgur sjái mikil tækifæri í bogfiminni.

„Völlurinn sem yrði opinn allt árið myndi hýsa allar útiæfingar og tegundir keppna í bogfimigreinum sem og myndi að öllum líkindum ýta undir víkingaímynd bæjarins,“ segir Bogfimisetrið.

Bæjarráð samþykkti að láta skoða möguleika á lóð fyrir bogmennina og fá fram afstöðu íþrótta- og tómstundanefndar til málsins. - gar

> **Búnaðurinn sem notast er við í keppnisgreinum í bogfimi er hættulaus, sé honum beitt á réttan hátt. Þó má auðvitað geta þess að ætli menn sér illan leik er það hægt með þessum verkfærum líkt og öðrum.**
>
> *Úr erindi Bogfimisetursins til Hafnarfjarðarbæjar.*




### Góður árangur í hlutafjárútboði Sjóvár

Við óskum Sjóvá til hamingju með skráningu á Aðalmarkað Kauphallarinnar og velheppnað hlutafjárútboð. Þátttaka í útboðinu var mjög góð og verður hluthafahópur Sjóvár einn sá fjölmennasti meðal skráðra félaga á Íslandi í kjölfar útboðsins.

Með þökk fyrir ánægjulegt samstarf,
Fyrirtækjaráðgjöf og Verðbréfamiðlun Íslandsbanka

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**ÞUNGAVINNUVÉLAR** Heiðgulir risarnir eru mættir á göturnar og munu ekki hvílast fyrr en seint í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Malbikunarframkvæmdir eru hafnar í Mosfellsbæ:

## Vorboðinn ljúfi mættur til leiks

**UMHVERFI Það er góðs viti þegar valtararnir sjá sólina í vorbyrjun og komast í snertingu við heitt malbik. Þessir valtarar voru mættir á göngustíginn við Skálahlíð í Mosfellsbæ ásamt starfsmönnum sínum og kepptust við að greiða leið Mosfellinga. Íbúar höfuðborgarsvæðisins mega búast við enn frekari framkvæmdum á næstu mánuðum og mjög líklegt að stúdentar flykkist í vegavinnuna þegar skóla lýkur.** - ssb



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Það er nóg að gera í Hafnarfirði. Hér er verið að landa 900 kílóum af lýsu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stálskip ehf. deildu kvóta Þórs út fyrir Hafnarfjörð:

## Hafnarfjörður fer fram á forkaupsrétt

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hafnarfjarðarbær hefur tekið til athugunar hvort Stálskipum ehf. hafi verið óheimilt að selja frystitogarann Þór HF og færa aflahlutdeild hans á fimm önnur skip, án þess að bærinn nyti forkaupsréttar. Frystitogarinn hefur verið seldur til Rússlands.

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur falið bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að virkja forkaupsrétt bæjarins. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri segir að líklegt sé að bærinn muni leita réttar síns fyrir dómstólum: „Við teljum ljóst að ekki hafi verið farið að lögum.“ Bærinn mun á næstu dögum skila inn áliti sínu til ráðuneytisins um hvort salan hafi áhrif á atvinnulíf í bænum. „Þetta er framsal á aflaheimildum sem er mjög stór hluti af þeim aflaheimildum sem tilheyra fyrirtækjum í bænum og við erum að missa af tækifærum í uppbyggingu í sjávarútvegi vegna þessa,“ segir Guðrún.

Fari svo að fallist verði á forkaupsrétt Hafnarfjarðarbæjar hefur bærinn heimild til að hnekkja sölu skipsins. Guðrún segir að fyrirtæki og einstaklingar innan bæjarins hafi lýst yfir áhuga á að kaupa skipið og aflahlutdeildir sem því fylgja. - ssb

# Undirbúa leit með fjarstýrðum kafbáti

Hljóðmerki sem gætu verið frá svarta kassa malasísku þotunnar valda því að leitarsvæðið hefur verið þrengt. Næsta skref gæti verið að leita að braki á hafsbotninum með fjarstýrðum kafbáti. Rafhlöðurnar í svarta kassanum ættu að vera að tæmast.

**ÁSTRALÍA, AP** Áströlsk leitarflugvél nam í gær hljóðmerki af miklu dýpi í Indlandshafi á svæði þar sem leitarskip höfðu þegar numið merki fjórum sinnum áður. Þetta eykur enn líkur á því að hægt verði að þrengja svæðið þar sem leitað er að malasísku þotunni með flugnúmer MH370 nægilega mikið til að hægt sé að leita að braki með kafbátum.

Hljóðmerkin sem björgunarmenn hafa heyrt eru eins og þau sem svartir kassar um borð í þotum gefa frá sér. Ekki er ljóst hvort um er að ræða svarta kassann úr vélinni, sem hvarf af ratsjám 8. mars síðastliðinn. Um borð voru 239 manns.

Leitarsvæðið er um 1.300 ferkílómetrar að stærð og hefur verið þrengt verulega á síðustu dögum. Mikilvægt er að þrengja svæðið sem mest áður en ómannaður kafbátur verður notaður til að leita að braki úr þotunni á hafsbotni.

Stefnt er á að nota fjarstýrðan Bluefin-kafbát til að leita á hafsbotni. Kafbáturinn getur kortlagt botninn með mikilli nákvæmni með bergmálstækni, en algert myrkur er á svo miklu dýpi. Kafbáturinn þarf sex til átta vikur til að leita á öllu leitarsvæðinu.

Aðstæður á Indlandshafi eru mjög erfiðar. Dýpið á leitarsvæðinu er að meðaltali um 4.500 metrar sem torveldar mjög leit að braki á hafsbotni. Kafbáturinn er ekki hannaður fyrir meira dýpi en 4.500 metra og því á mörkunum að hann ráði við verkefnið.

Mikil áhersla hefur verið á að reyna að finna hljóðmerki frá svarta kassanum þar sem rafhlöðurnar í kössunum eiga að endast í um það bil einn mánuð, og nú er liðinn meira en mánuður frá því að þotan hvarf. brjann@frettabladid.is

## Kafbátur leitar að MH370 á hafsbotni

Fjarstýrður kafbátur verður líklega notaður til að leita að braki úr þotu **Malaysia Airlines** á hafsbotni á næstu dögum eftir að leitarsvæðið hefur verið minnkað mikið vegna hljóðmerkja sem gætu verið frá svarta kassa vélarinnar.





Heimild: Bandaríski flotinn, Bluefin Robotics, Ástralska hafrannsóknastofnunin. © GRAPHIC NEWS



**HAFIÐ BLÁA** Þessir áströlsku kafarar hafa leitað flaksins í Suður-Indlandshafi svo dögum skiptir. MYNDIR/AFP



**SKIMAÐ EFTIR UMMERKJUM** Richard Brown stórskotaliði í áströlsku landhelgisgæslunni sést hér leita að flakinu með kíki.

**_Hugsjónir, fjármál og pólitík._**

*Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sjötíu og sjö ár.*

spron

Saga SPRON er saga vaxandi veldis, velgengni og að síðustu umdeildra endaloka.

„Bókin veitir ágætt yfirlit yfir þróun íslenska fjármálakerfisins þar sem breytingar gerðust lengst af hægt og þess vandlega gætt að velta ekki við viðkvæmum stoðum samfélagsins.”
Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar.

SÖGUFÉLAG




TAL
Fyrir okkur hin
tal.is


Við vorum að opna litla og glæsilega verslun í Grímsbæ
Í tilefni þess verðum við með opnunartilboð í dag, föstudag.*
Allir velkomnir.
*eða á meðan birgðir endast.
Aukabúnaður
25% afsl.
Samsung Galaxy S5
114.900 kr.
Apple TV
14.990 kr.
Opið í dag 10:00 – 18:00

Segja ónógt öryggi í raforku:

## Bitnar á rekstri atvinnulífsins

**ORKUMÁL** Bæjarráð Fljótsdalshéraðs hefur lýst yfir áhyggjum vegna stöðu mála er varða afhendingaröryggi á raforku á Austurlandi.

„Ljóst er að núverandi staða stendur allri uppbyggingu og rekstri atvinnulífs í fjórðungnum fyrir þrifum. Bæjarráð lýsir yfir fullum stuðningi við áform Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku og hvetur stjórnvöld til að setja aukinn kraft í þá vinnu og að tryggja fullnægjandi framboð á raforku í landinu,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs. - gar

Fyrsta skráning ársins í dag:

## Sjóvá skráð í Kauphöllina

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf tryggingafélagsins Sjóvár verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, Nasdaq OMX Iceland, í dag.

Hlutafjárútboði Sjóvár lauk 31. mars síðastliðinn. Heildareftirspurn í útboðinu var 35,7 milljarðar króna og því rúmlega sjöfalt meiri en 4,7 milljarða söluandvirði þeirra hluta sem boðnir voru út. Sjóvá er fyrsta félagið sem skráð er á Aðalmarkað Kauphallarinnar á þessu ári. - hg



# Viðgerð á vegi fjórfalt dýrari

Vegagerðin hefði ráðist í viðhald á um 2.000 kílómetrum af vegum með bundnu slitlagi í fyrra hefði fjármagn fengist. Þetta mun eiga við um 60% vega með bundnu slitlagi árið 2017 með sama fjármagn til viðhalds.

**SAMGÖNGUMÁL** Ráðast hefði þurft í viðhald á rúmlega tvö þúsund kílómetrum af vegum með bundnu slitlagi í fyrra umfram það sem var gert. Með sömu eða lítt breyttum fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna viðhaldsverkefna mun þetta eiga við um rúmlega þrjú þúsund kílómetra árið 2017.

Þetta sýnir rannsókn sem tveir sérfræðingar Vegagerðarinnar gerðu á ástandi vega með bundnu slitlagi í fyrra.

Jón Magnússon, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, segir að niðurstaða sín og kollega síns, Einars Gíslasonar, sé að viðhald vega sé arðbærasta fjárfestingin í samgöngumálum sem finnst, og að niðurskurður á viðhaldi kalli óumflýjanlega á auknar fjárveitingar síðar meir.

Jón segir að nýlegt dæmi sýni þetta svart á hvítu. Viðgerð á veginum yfir Þverárfjall hafi orðið um fjórfalt dýrari en ef fjármagn hefði verið til staðar til eðlilegs viðhalds á sama stað í gegnum árin.

Nú eru um 5.300 kílómetrar af tæplega 13.000 kílómetra vegakerfi með bundið slitlag. „Niðurstöðurnar leiða í ljós, að þrátt fyrir fulla nýtingu viðhaldsfjármagns á yfirstandandi ári, munu 2.058 kílómetrar af vegum með bundnu slitlagi ekki standast lágmarkskröfur Vegagerðarinnar í árslok 2013. Sé litið til næstu ára miðað við óbreytt fjármagn, er ljóst að þróunin er uggvænleg og í árslok 2017 er heildarlengd þessara vega sem ekki uppfylla lágmarkskröfur orðin alls 3.064 kílómetrar. Með öðrum orðum er fyrirsjáanlegt að 58% af vegakerfi landsins með bundnu slitlagi árið 2017 er undir þeim mörkum, að þeim verði haldið við með eðlilegum hætti til framtíðar. Af þessu má vera ljóst að niðurskurður í viðhaldi á vegum mun alltaf leiða til verulega aukins kostnaðar til lengri tíma litið,“ segir í samantekt þeirra Jóns og Einars. svavar@frettabladid.is

### ➜ 950 milljóna innspýting til ársins 2016

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að Vegagerðin þyrfti tvo til þrjá milljarða til viðbótar í heildarframlög til viðhaldsverkefna ef halda ætti í horfinu. Fimm milljarðar eru veittir til þessara verkefna í ár. Hreinn sagði jafnframt að nú sæi jafnvel til sólar hvað þennan lið fjárveitinga varðar og vonaði að botninum væri náð.

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013–2016, sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd, er erfitt að finna því stað að fjárveitingar verði auknar svo verulegu máli skipti. Heildarfjárveiting til viðhalds milli ára er óbreytt; fimm milljarðar á þessu ári sem hækkar í 5,450 milljarða 2015 og í 5,500 milljarða 2016. Um 40% af fjárveitingum til viðhalds hafa runnið til viðhalds vega með bundið slitlag, er skilningur Fréttablaðsins.



**VEGAGERÐ** Vegamálastjóri telur 2–3 milljarða vanta til viðbótar á hverju ári til viðhaldsverkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Sjá fjögur til fimm ár fram í tímann

Gagnaskrár Vegagerðarinnar eru notaðar við gerð viðhaldsáætlana og kostnaðarmats þegar teknar eru ákvarðanir um brýnustu verkefni til endurbóta á hverju ári. Við úrvinnslu þessara gagna notast Vegagerðin við danskt viðhaldsstjórnunarforrit, svokallað Rosy-kerfi. Forritið er m.a. notað á Norðurlöndum til að meta viðhaldsþörf og kostnað til lengri og skemmri tíma. Þannig er hægt að sjá fyrir kostnað næstu 4–5 ára við að viðhalda þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til vegakerfisins.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km

114g — $CO_2$ frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SPIDER-MAN- OG STJÖRNUSTRÍÐSVÖRUM
## 11. - 16. APRÍL





© Lucas - © Marvel

## HETJUPÁSKAR Í TOYS"R"US

**HITTU SVARTHÖFÐA**
– 12.-16. apríl 12.30, 13.15 og 14.00

**ÓKEYPIS VEGGSPJÖLD OG LÍMMIÐAR**

**SPURNINGAKEPPNI**
– Þú getur unnið flott hetjuverðlaun

**LEIKUR**
– Komdu og prófaðu að leika með flottu hetjuleikföngin okkar

Toys"R"Us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Tilboðin gilda 11-16.04.2014. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

# SKOÐUN

Of mikill sparnaður getur þýtt meiri kostnað:

## Hugum að undirstöðunum

Oft hefur verið bruðlað í ríkisrekstrinum og skattpeningunum okkar sóað. Eftir hrunið hefur mikil vinna stjórnmálamanna farið í að skera niður útgjöld ríkisins og laga þau að tekjunum.

Í einhverjum tilvikum er þó svo komið að sparnaðurinn hefur gengið svo langt að það leiðir af sér annaðhvort tekjutap fyrir ríkið eða þá kostnað til lengri tíma litið. Þetta hlýtur að þurfa að hafa í huga við ríkisreksturinn. Fréttablaðið hefur fjallað um tvö dæmi af þessum toga undanfarið.

Annars vegar er það fjársvelti Hafrannsóknastofnunar. Rekstur þeirrar mikilvægu stofnunar hefur verið skorinn meira niður en hjá flestum öðrum ríkisstofnunum. Nú er svo komið að Hafró getur ekki sinnt grunnrannsóknum á öllum stofnum.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Afleiðing þess getur verið að af því að stofnunina skortir þekkingu á fiskstofninum vilji hún gæta varúðar og leggi til minni veiði úr honum en í raun mætti leyfa. Þannig verður sparnaður upp á einhverja tugi milljóna hjá Hafró auðveldlega að hundraða milljóna tekjutapi fyrir sjávarútveginn, þjóðarbúið og ríkissjóð.

Þetta gerist þrátt fyrir að veiðigjöldin, sem lögum samkvæmt eiga að standa undir þjónustu við sjávarútveginn, þar með töldum rekstri Hafrannsóknastofnunar, séu nú orðin margfalt framlag ríkisins til stofnunarinnar. Peningarnir hafa verið teknir í annað – kannski skiljanlega á þessum mögru árum í ríkisrekstrinum, en það mætti þó að minnsta kosti nota hluta veiðigjaldsins til að sinna hafrannsóknum sómasamlega.

Hitt dæmið er af viðhaldi vegakerfisins. Fréttablaðið sagði frá því í gær að Vegagerðin hefði aðeins um 60 til 70 prósent þess fjár sem nauðsynlegt er til að viðhalda þeim samgöngumannvirkjum sem þegar hafa verið byggð upp. Ef viðhaldið skortir molnar burðarlag veganna niður og getur þá síðar þurft að ráðast í viðamiklar viðgerðir sem kosta miklu meira en reglubundið viðhald.

„Það hafa ekki orðið nein stóráföll en ef ekki verður bætt í fjárveitingar til viðhalds fara töluvert stórir kaflar í vegakerfinu að skemmast,“ sagði Hreinn Haraldsson vegamálastjóri í Fréttablaðinu í gær.

Þetta gerist þrátt fyrir að tekjustofnar, sem einu sinni áttu að vera eyrnamerktir uppbyggingu vegakerfisins, skili ríkinu margfalt meiri peningum en Vegagerðin fær.

Tilhneiging stjórnmálamanna er oft að forgangsraða peningum í vinsæl verkefni, sem afla atkvæða. Dæmi um slíkt eru nýframkvæmdir í vegakerfinu, sem vissulega eru nauðsynlegar – en þegar peningarnir eru af jafnskornum skammti og núna er kannski nær að passa upp á að vegirnir sem fyrir eru skemmist ekki. Hafrannsóknir eru heldur ekkert sérstaklega sexí verkefni og bara einhverjir útgerðarmenn sem kvarta þegar þær eru skornar niður. Þess vegna er miklu auðveldara að svína á Hafró en til dæmis spítölunum.

Það breytir ekki því að stjórnmálamönnunum ber að horfa til þess að sparnaðurinn vegi ekki að undirstöðunum í samfélaginu. Vegakerfið, sem hefur verið byggt upp með ærnum tilkostnaði, og grunnrannsóknir í þágu sjávarútvegsins eru þar á meðal.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Nýi Sjálfstæðisflokkurinn**

Nýr hægri flokkur, Nýi Sjálfstæðisflokkurinn, gæti litið dagsins ljós fljótlega eftir páska. Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, upplýsir á fésbókarsíðu hægri manna, Nýi Sjálfstæðisflokkurinn, að það sé nauðsynlegt að það sé góð stígandi í starfinu. Jafnframt lætur hann þess getið að svona flokkur megi ekki verða alls konar fyrir alla heldur byggja á einföldum prinsippum þar sem menn geta sameinast um grundvallarstefnumál sem mestu máli skipta. Stutt og einföld stefnuyfirlýsing er langbest, segir Benedikt. Það ætti líka að koma í veg fyrir að menn fari að deila um stefnuna eða túlka hana á mismunandi hátt þegar fram líða stundir.

**Hljómgrunnur fyrir nýjan flokk**

Nýr hægri flokkur sem hefur einföld markmið virðist fá hljómgrunn. Um daginn var gerð könnun þar sem fólk var spurt hvort það gæti hugsað sér að styðja hægri flokk sem nyti stuðnings Þorsteins Pálssonar. Næstum fjórir af hverjum tíu, sem tóku þátt í könnuninni, kváðu já við því. Fólk úr öllum flokkum. En þó að stofnun Nýs Sjálfstæðisflokks taki fylgi frá fleirum en gamla hægri flokknum hljóta þessar vangaveltur að valda forystu Sjálfstæðisflokksins áhyggjum. Menn þar á bæ ættu að velta því fyrir sér hvort þeir séu á réttri leið. Því hefur lengi verið haldið fram að innan flokksins sé rúm fyrir alla en kannski er það ekki lengur.



**Enn í vinnslu**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er ekki tilbúin með frumvarp um náttúrupassa. Hún upplýsti á ársfundi Samtaka ferðaþjónustunnar að enn væri verið að skrifa frumvarpið og það yrði lagt fram á haustþingi. Passinn gæti þá tekið gildi um næstu áramót. Ögmundur Jónasson, VG, telur það lögleysu að rukka inn á vinsælum ferðamannastöðum. Hann hefur heimsótt Geysissvæðið í tvígang að minnsta kosti og neitað að borga inn. Svo er það bara spurningin hvort hann ætlar að mæta á Geysissvæðið um hverja helgi til áramóta til að mótmæla.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Forsendubrestur óbættur

FJÁRMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um niðurfellingu skulda er nú komið til umfjöllunar í þingnefnd.

Við í Samfylkingunni höfum djúpstæða sannfæringu fyrir því að enn sé ýmislegt eftir ógert í skuldamálum heimilanna. Þess vegna sögðum við fyrir kosningar að gera þyrfti meira til að leysa hinn raunverulega forsendubrest. Mæta heimilunum sem keyptu á versta tíma, á árunum fyrir hrun, og standa enn í þeirri stöðu að lánin hafa hækkað meira en sem nemur verðhækkun íbúðarinnar. Mæta heimilunum sem ekki nutu 110% leiðarinnar með sama hætti og aðrir – skuldurum Íbúðalánasjóðs og fólkinu með lánsveð.

Við sögðum þetta skýrt fyrir kosningar. Og við gerðum meira: Við lögðum til álagningu á fjármálafyrirtæki til að fjármagna aðgerðirnar, með sama hætti og nú hefur verið gert.

**Vantar upplýsingar**

Ríkisstjórnin hefur sem sagt tækin til að leysa vandann – 80 milljarða, sem við hjálpuðum henni að afla. En hún hyggst ekki nýta þau til að leysa forsendubrestinn. Tillögur ríkisstjórnarinnar fela í sér að það fólk sem á erfiðast með að láta enda ná saman fær hlutfallslega minnst.

**➜ Ríkisstjórnin hefur sem sagt tækin til að leysa vandann – 80 milljarða, sem við hjálpuðum henni að afla. En hún hyggst ekki nýta þau til að leysa forsendubrestinn.**

Í staðinn er peningum dreift til fólks sem ekki hefur orðið fyrir neinum forsendubresti, heimila sem kannski keyptu hús á sögulega lágu verði fyrir löngu síðan og búa svo vel að verð húsnæðisins hefur hækkað miklu meira en lánið sem á því hvílir. Sum þessara heimila skulda lítið sem ekkert í húseign sinni og bera mjög lítinn húsnæðiskostnað.

Ríkisstjórnin hefur engar upplýsingar getað sett fram um hversu hátt hlutfall af peningunum fer til þeirra sem teljast til stóreignafólks, til fólks með gríðarlega háar tekjur eða hversu hátt hlutfall það er sem fer til fólks sem ber mjög léttan húsnæðiskostnað, fólks sem keypti fyrir mörgum árum og varð ekki fyrir forsendubresti.

Ósanngirnin birtist víðar í þessum tillögum. Um fleiri ágalla á þeim mun ég fjalla í fleiri greinum á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Leiðréttingin kemur í heimsókn

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Í leikritinu „Sú gamla kemur í heimsókn“ eftir Friedrich Dürrenmatt er sagt frá eldri konu sem snýr aftur í heimabæinn eftir margra ára fjarveru. Konan, sem hefur nú efnast mjög, gerir bæjarbúunum tilboð. Hún ætlar að gefa bæjarsjóðnum og öllum „heimilum“ bæjarins mikla peninga. Hún setur þó eitt skilyrði: Drepa verður einn tiltekinn bæjarbúa, mann sem hún á ójafnaðar sakir við.

Í fyrstu er tilboðinu hafnað og allir hneykslast á þessu siðleysi gömlu konunnar. En smám saman kemst þessi óheppni bæjarbúi að því að allir í kringum hann eru að sökkva sér í skuldir: Fólk kaupir dýrustu hlutina í búðinni hans. Margir hyggja á stórframkvæmdir: Fólk ætlar sér að laga pallinn, gera upp stéttina og svo framvegis.

Þetta er vandinn við stóru millifærsluna. Menn geta verið á móti henni af prinsippástæðum. Menn geta kallað hana vonda nýtingu á almannafé. En svo fara menn að reikna þetta fyrir sjálfa sig. „Hvað lækkar þetta mikið fyrir mig? Já, ókei. Ég get þá keypt mér þennan bíl eftir allt saman. Og farið í hárlitun.“

**Sama hvernig maður litar það**

Þingmaður Framsóknar vonast til að skuldatilfærslan geri konu sem hann þekkir kleift að lita á sér hárið hjá fagfólki. Þetta veldur hlátrasköllum meðal okkar lesandi stétta. En stöldrum aðeins við. Hefði þingmaðurinn nefnt eitthvað eins og „nú getur vinur minn haft á efni á því að setja börnin í fótbolta“, eða „nú þurfa nágrannar mínir ekki lengur borða mat sem aðrir henda“ þá hefðu menn flissað minna. Dæmið er ekki vont. Viðbótarkrónur fæstra okkar verða nýttar til að komast hjá næringarskorti. Viðbótarkrónur flestra Íslendinga munu alltaf fara í það sem drjúgur hluti jarðarbúa skilgreinir sem lúxus.

Það er gott búa í samfélagi þar sem málarar mála, smiðir smíða, og hárgreiðslumenn lita og klippa hár. Og það á ekkert að hæðast að því að aukakrónurnar fari í „munað“ því þá væri engin skattalækkun (eða launahækkun) réttlætanleg. Vandinn er því ekki sá að þingmaðurinn vilji að fólk hafi efni á að fara í hárlitun heldur hvernig hann vill láta það gerast.

Stóra spurningin er: Af hverju á þessi tiltekna vinkona þingmannsins frekar að fá ríkisstyrk til að gera það sem hana langar að gera, frekar en fólk sem til dæmis býr í leiguhúsnæði? Leiguverð hefur áreiðanlega meira en tvöfaldast á seinustu sex árum. Hver ætlar að bæta leigjendum þann forsendubrest? Sumir þurftu að taka á sig launalækkun í hruninu. Margir misstu vinnuna. Hver ætlar að gefa þessu fólki peninga? Næsta ríkisstjórn?

Ef ríkissjóður á 80 milljarða aflögu væri þá ekki nær að borga niður skuldir? Svo kynslóðir framtíðarinnar geti litað hár sitt hjá fagmönnum?

**Súpan vond og lítið af henni?**

Sumir þeirra sem finna að þessari millifærslu gera það á þeim forsendum að tekjujöfnunaráhrif hennar séu ekki nógu mikil. Að ekki sé gert nógu mikið fyrir leigjendur á almenna markaðnum, fyrir þá sem búa í búsetafyrirkomulagi, eða þá sem búa í félagslegu húsnæði. Það er rétt að minna er gert fyrir suma hópa en aðra og þeir sem eru til vinstri í stjórnmálum myndu vilja nýta þessa aðgerð í tekjujöfnunartilgangi eins og alltaf þegar dreifa á opinberu fé. En sú gagnrýni er ekki sérlega öflug. Tilboð gömlu konunnar í leikritinu væri ekki siðlegra þótt hún hefði boðist til að dreifa peningunum með einhverri norrænni tekjutengingarformúlu. Hugmyndin sjálf er vond.

Þegar í ríkissjóð er komið eru engar rauðar krónur og grænar krónur. Bara einsleitar krónur sem teknar hafa verið af fólki og fyrirtækjum. En í stað þess að nota þessa peninga í það sem ríki eiga að nota peninga í, eða einfaldlega skila þeim, þá vill stjórnin nú dreifa þeim þangað sem atkvæðin liggja. Og jafnvel þeir sem í prinsippinu eru á móti þessu fara að „reikna þetta út fyrir sig“. Það er skiljanlegt. Engum finnst leiðinlegt að geta loksins stækkað pallinn, gert við stéttina eða litað á sér hárið. Það skemmir ekki fyrir að aðrir borgi.

> Vandinn er því ekki sá að þingmaðurinn vilji að fólk hafi efni á að fara í hárlitun heldur hvernig hann vill láta það gerast.

## AF NETINU

### Má ekki bjóða þér svolítið saffran?



Þetta um Maríu Antonettu og kökurnar er víst bara vitleysa – drottningin unga mun að vísu hafa tjáð sig eitthvað óheppilega um brauðverðið í París milli þess sem hún gekk um og lék hjarðmey í nánd Versala, en hún sagði aldrei þetta um kökurnar.

Nú hefur hinn ágæti alþingismaður Sigrún Magnúsdóttir aftur á móti fundið út að á svipuðum tíma og hjarðmærin umhugsaði hveitivörumálin í Frans hafi Íslandslýður flutt inn það góða krydd saffran, sem er einhver dýrasta vara í heimi miðað við þyngd. Það hefur ekki væst um landann á þessum tímum frekar en Maríu Antonettu.

Sigrún neitar því alls ekki að móðuharðindin séu söguleg staðreynd. En vísast hafa Skaftáreldar verið blásnir upp af neikvæðum niðurrifsöflum í félaginu Vonlausa Ísland, þessu fólki sem bara getur ekki sætt sig við að samfélagið okkar er einsog samfélagið okkar er og hefur alltaf verið.

Fólk er almennt alltof neikvætt á Íslandi. Má ekki bara bjóða þér að láta barnabörnin borga skattana þína? Hárlitun á stofu? Bankabónus? Eða viltu kannski svolítið saffran?

http://blog.pressan.is/mordur/

*Mörður Árnason*






# NÝBAKAÐIR SNÚÐAR
## ÍSLENSKI SNÚÐURINN MEÐ SKRAUTI







**Páskaeldhúsrúllur**




**Goodfella´s Pizzur**
- fljótlegt og þægilegt.




**Íslensk jarðarber**




**Te frá Pukka**
Nýjar tegundir af hinu vinsæla Pukka tei.




**Lay´s snakk**
Brakandi stökkt.




**Glerskálar**
6 stk í kassa 190 ml.

Gildir til 13. apríl á meðan birgðir endast.

## Páskarnir komnir í Hagkaup






Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup



HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HELGINA
Holta
KJÚKLINGUR
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
ÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI
1.874 kr/kg
Verð áður 2.498
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
ÚRBEINUÐ KALKÚNALÆRI
1.679 kr/kg
verð áður 2.399
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
LAMBAFILLE GRAND ORANGE
4.274 kr/kg
verð áður 5699
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
LAMBALUNDIR
4.724 kr/kg
verð áður 6.299
STJÖRNU GRÍS
Beint frá Bónda
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
1.299 kr/kg
verð áður 1.799
ÍSLANDS LAMB
LAMBALÆRI SÉRVERKAÐ
1.798 kr/kg
verð áður 1.998
RIANS EFTIRRÉTTIR
Eftirréttir fyrir tvo
France
FERSKT MEÐ FLUGI FRÁ FRAKKLANDI!
rians
La Crème aux Spéculoos
rians
La Crème Brûlée
rians
Fondant Chocolat
rians
Crème Brûlée
rians
La Crème Brûlée au Chocolat
rians
L'Ile Flottante
699kr/pk
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Viðbrögð við hlýnun heimilis okkar allra

UMHVERFISVERND



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Við erum, eins og mörg dæmi sanna, hrifin af tækifærum sem færa okkur skyndilega hagsbætur, eða að minnsta kosti fljótlega. Helst miklar á skömmum tíma. Auðvitað er þetta ekkert sérkenni Íslendinga einna en hefur lengi loðað við. Vandkvæðum sem fylgja er minna sinnt; gjarnan með því að horfa framhjá þeim, velja úr eða afneita þeim. Það er ávallt krefjandi að horfast í augu við raunveruleikann, þurfa jafnvel að gangast við að eiga þátt í vandkvæðunum og verða að vinna með mótsagnakenndar staðreyndir. Allt þetta blasir við á næstu fáeinum áratugum þegar loftslagsvandinn tekur að bíta illilega í allt okkar líf með ærnum tilkostnaði, einhverjum tækifærum og ansi mörgum ógnunum.

Forsætisráðherra missti af dýrmætu tækifæri til þess að leggja plúsa og mínusa með heildstæðum hætti á borðið, nú þegar nýjasta loftslagsskýrslan var kunngerð. Ofuráhersla á tækifærin, einstöðu Íslands og allt of fá orð um raunveruleg og víðtæk vandamál einkenndu orð hans. Þau hafa vakið athygli, heima og heiman.

Auðlinda- og atvinnuvegaráðherrann stóð sig mun betur (pistill í Fbl. 4. ap.) og gerir grein fyrir nokkrum tækifærum og fáeinum ógnunum. Þar nefnir hann t.d. súrnun sjávar. Hún, hlýnun hafsins og breytingar á fiskistofnum fela í sér gríðarmikil vandkvæði sem okkur rétt grunar hvert geta stefnt heimsbyggðinni.

Báðir ráðherrarnir slepptu því að tengja hvort sem er tækifæri, eins og matvælaframleiðslu, eða vandkvæði, eins og súrnun sjávar, við þá augljósu staðreynd að verði ekki dregið kröftuglega úr hækkun koltvísýrings í lofti (nú af óþekktri stærð í hundruð þúsundir ára – rúmlega 400 milljónustuhlutar) eigum við afar alvarlegt ástand í vændum. Og hvernig er það gert? Með alþjóðlegum samningum og höftum á orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti, minni vinnslu þessa eldsneytis, aukinni áherslu á nýja orkugjafa og minni áherslu á vinnslu málma og jarðefna sem menga við stóriðju.

**Aðlögun samfélaga**

Í þessu sambandi skiptir útflutningur raforku frá Íslandi litlu en kolefnisjöfnun með uppgræðslu og förgun koltvísýrings (eins og Sigurður Ingi nefnir), skorður við frekari álvinnslu hér heima og andstaða við gas- eða olíuvinnslu í norðrinu þeim mun meiru. Þýði það minni hagvöxt, breyttan lífsstíl og aðhald okkar og annarra, verður svo að vera.

Nú er komið að því að hlýnun andrúmsloftsins kallar á aðlögun samfélaga og alls konar mótvægisaðgerðir sem svör við afleiðingum hennar. Ríkisvaldið, sveitarfélög, helstu sérfræðistofnanir, Almannavarnir og hagsmunasamtök eiga að mynda þverfaglegan og -pólitískan samráðshóp með aðstöðu og starfsfólki: ÍSLAND 2030. Hlutverk hans væri að safna upplýsingum um leiðir til aðlögunar og mótvægis, kortleggja áhrif hlýnunar á Íslandi og við landið á samræmdan hátt og fræða almenning, þingið og framkvæmdavald um stöðuna með ársskýrslu.

Manngerði hluti skógar- og jarðvegseyðingar á Íslandi botnaði öldum saman í nánast óhjákvæmilegum leiðum til að lifa af í landinu og þekkingarskorti á afleiðingunum. Tækifærin voru mörg en vandkvæðin látin reka á reiðanum þar til of langt var gengið. Við gerum ekki viðlíka mistök á 21. öld.

**➜ Það er ávallt krefjandi að horfast í augu við raunveruleikann, þurfa jafnvel að gangast við að eiga þátt í vandkvæðunum og verða að vinna með mótsagnakenndar staðreyndir.**

# Aðildarviðræður og náttúruverndarhagsmunir

EVRÓPUMÁL



**Árni Finnsson**
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Undirritaður bregst hér við áskorun Jóns Bjarnasonar, f.v. sjávarútvegsráðherra, um að þeir sem þegið hafi boðsferðir til Brussel geri hreint fyrir sínum dyrum. Ásamt fulltrúum þrennra annarra félagasamtaka þáði ég boðsferð til Brussel haustið 2009 til að kynnast starfi og stefnu ESB í umhverfismálum. Viðurkennist hér með að ég tók við rúmlega 300 evrum í umslagi sem á gengi dagsins eru u.þ.b. 50 þúsund krónur, auk þess sem þriggja stjörnu hótel og flugferð var greidd af framkvæmdastjórn stækkunardeildar sambandsins.

Á hinn bóginn eru dylgjur Jóns Bjarnasonar þess efnisv að þeir sem þegið hafa boðsferðir til Brussel láti slík ferðalög ráða afstöðu sinni til hvort slíta skuli aðildarviðræðum eða ekki, fáránlegar. Við fengum að kynnast umhverfislöggjöf Evrópusambandsins, hvernig hún hefur þróast og hver markmið hennar séu. Erindi sem Tony Long, framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu WWF, flutti um hvernig frjáls félagasamtök geta haft áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins var einkar áhugavert. Aðildarviðræður hafa þegar knúið stjórnvöld hér heima til að breyta vinnubrögðum sínum í samskiptum við frjáls félagasamtök.

**Hagsmunir hvalveiða**

Ennfremur skal viðurkennt að undirritaður hugsaði sér gott til glóðarinnar vegna rýniskýrslu um stöðu umhverfismála hér á landi enda kom á daginn að Ísland verður að styrkja náttúruverndarlöggjöfina umtalsvert til að geta aðlagast umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf ESB.

Af lestri skýrslna Alþjóðamálastofnunar HÍ og Hagfræðistofnunar HÍ má ráða að hvalveiðar verði seint hluti af aðlögun að Evrópusambandinu. Við framhald viðræðna verða því stjórnvöld að „... meta hvort rétt sé að veiða hval út frá hagsmunum landsins.“ Þar sem tekið verði „... mið af sjálfbærni, efnahagslegum forsendum og áhrifum á aðrar atvinnugreinar, t.a.m. hvalaskoðun,“ svo vitnað sé til orða Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á bloggsíðu hans sl. mánudag.

Ísland á aðild að loftslagsstefnu ESB, tekur þar með á sig skuldbindingar ásamt 28 aðildarríkjum ESB í samræmi við KyotoII sem samþykkt var í Doha 2012. Á hinn bóginn, öfugt við félaga okkar í Brussel, hafa íslensk náttúruverndarsamtök nær enga aðkomu að stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki hér á landi.

M.ö.o. aðildarviðræður fela í sér umtalsverða hagsmuni fyrir þá sem vinna að umhverfisvernd hér á landi.

**➜ Aðildarviðræður hafa þegar knúið stjórnvöld hér heima til að breyta vinnubrögðum sínum ...**




# Með fróðleik í fararnesti

**Kræklingi safnað í Hvalfirði laugardaginn 12. apríl kl. 9.45 – mæting í Öskju**

**Fararstjórar: Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ í Sandgerði.**

**Brottför kl. 9.45** á einkabílum frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Kræklingur er hollur og afar bragðgóður en getur verið varasamur til manneldis á ákveðnum árstíma. Í þessari ferð safna þátttakendur kræklingi, fræðast um hann og verkun hans og fá líka að smakka því prímus og pottur verður með í för. Þátttakendur mæti í stígvélum og taki með sér ílát fyrir krækling.

Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna og tekur um þrjár klukkustundir. Hún er tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

**Allar nánari upplýsingar á hi.is**

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands halda áfram samstarfi sínu um fræðandi gönguferðir sem hófust á aldarafmæli skólans 2011. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskóla Íslands blandast saman í áhugaverðum gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Valitor** er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 141083


SAFT

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

# Afglæpavæðing og skaðaminnkun

SAMFÉLAG



**Hrafnhildur Lilja Harðardóttir**
sálfræðingur

Umræðan um afglæpavæðingu vímuefna hefur verið áberandi það sem af er ári. Ég er í þeim hópi sem fagnar þeirri umræðu og bind vonir við að um sé að ræða upphaf stefnumótunar í vímuefnalöggjöf á Íslandi sem, ólíkt þeirri refsistefnu sem við höfum nú, hefur möguleika á því að bera árangur.

Þrátt fyrir að búið sé að opna fyrir umræðuna um afglæpavæðingu er enn stór hluti fólks sem telur hana óhjákvæmilega fela í sér lögleiðingu fíkniefna. Afglæpavæðing felur slíkt hins vegar ekki nauðsynlega í sér heldur er um að ræða afnám refsinga vegna vörslu fíkniefna til einkanota. Það er líka algengur misskilningur að afglæpavæðing hafi í för með sér aukna neyslu, neyslutengdan skaða og glæpi en rannsóknir hafa leitt í ljós að í engu af þeim fjölda landa sem þegar hafa tekið skref í átt að afglæpavæðingu hefur slíkt verið uppi á teningnum.

**Árangur lét ekki á sér standa**

Það land sem hvað lengst er komið í þessu sambandi er Portúgal. Árið 2001 afglæpavæddu yfirvöld í Portúgal vörslu fíkniefna til einkanota. Skemmst frá því að segja að árangurinn lét ekki á sér standa, engin aukning varð á notkun vímuefna, dregið hefur úr vímuefnanotkun unglinga, neytendum sem nota hörð eiturlyf hefur fækkað, afplánunum og handtökum af völdum fíkniefna hefur fækkað, fleiri nýta sér meðferðarúrræði, færri dauðsföll hafa verið af völdum harðra efna auk þess sem umtalsvert færri hafa greinst með HIV og alnæmi.

Sá árangur sem náðst hefur, í Portúgal og í fleiri löndum, er hins vegar ekki einungis afurð afglæpavæðingar vímuefna (eða skrefa í þá átt) heldur einnig skaðaminnkunar. Raunar helst þetta tvennt óhjákvæmilega í hendur. Skaðaminnkun felur í sér að einstaklingnum er mætt með virðingu þar sem hann er staddur og í tilviki fíkla er reynt að lágmarka þann skaða sem vímuefnanotkunin veldur svo sem með því að stuðla að því að sprautunotendur fái hreinan búnað og að bjóða upp á neyslurými þar sem neytendur geta athafnað sig í hreinu umhverfi undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks.

Nú er svo komið að í öllum ríkjum Evrópu, að undanskildu Íslandi og Tyrklandi, er skaðaminnkun hluti af stefnumótun í vinnu með fíklum. Það er engu að síður löngu orðið ljóst að stríðið gegn vímuefnum er jafn tapað á Íslandi (og í Tyrklandi) eins og annars staðar.

Nú hafa stjórnvöld og Íslendingar allir val. Ætlum við að halda áfram að stinga hausnum í sandinn og horfa á vímuefnatengd vandamál stækka enn meira en nú er orðið, eða ætlum við að bregðast við með því að skoða nýjar leiðir sem við vitum að hafa gefið góða raun og hafa möguleika á að lágmarka skaða af völdum vímuefnamisnotkunar um leið og við eflum öryggi og heilsu þess hóps sem um ræðir og almennings alls?

**➜ Það land sem hvað lengst er komið í þessu sambandi er Portúgal. Árið 2001 afglæpavæddu yfirvöld í Portúgal vörslu fíkniefna til einkanota.**



PÁSKA
TILBOÐ
4BLS KIPPA ÚT :)
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS
Hallarmúla 2 Reykjavík
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS
Undirhlíð 2 Akureyri
11. Apríl 2014 • Tilboð gilda til páska eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM ACER FARTÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
OPIÐ ALLA HELGINA
TÖLVUTEK
Framúrskarandi fyrirtæki 2011-2013
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# PÁSKA

## AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA Í TÖLVUTEK • STÆRSTU TÖLVUVE

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

10-PUNKTA HD LED FJÖLSNERTISKJÁR

## ME69

- Intel Dual Core N2805 1.46GHz
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 10.1" HD LED fjölsnertiskjár 1366x768
- Li-Polymer rafhlaða allt að 6 tímar
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Fislétt og örþunn, aðeins 1.1kg
- Windows 8 og Office 2013 H&S fylgir

**49.900**

MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

KB-45006

## TE69

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
- 4GB ATI HD8330 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.900**

ÖFLUG QUAD CORE FARTÖLVA

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR TIL PÁSKA

85558G1

## V5-552

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt einum öflugasta skjákjarna í heimi og ótrúlegu hljóðkerfi.

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

KEMUR Í TVEIMUR LITUM

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB ATI HD8550G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD CrystalEye vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

acer

**119.900**

FÆST Í 2 LITUM

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1280x800 LED 10-PUNKTA SNERTISKJÁR

## GALAXY TAB3

GALAXY TAB SPJALDTÖLVA

Ný kynslóð Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1" fjölsnertiskjá, öflugum Dual Core örgjörva og nýjustu útgáfu Android Jelly Bean stýrikerfi.

AÐEINS 8mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT

SAMSUNG

- 10" HD LED fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Dual Core Atom Z2560 1.6GHz Turbo, 4xHT
- PowerVR SGX 544 HD DX9 skjákjarni
- 16GB FLASH og allt að 64GB Micro SD
- Innbyggðir stereo hátalarar og hljóðnemi
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 9 tímar
- Tvær HD vefmyndavélar 3.15MP og 1.3MP
- Android 4.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

**49.900**

ÚRVAL AF SAMSUNG SPJALDTÖLVUM

1366x768 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF POINT OF VIEW SPJALDTÖLVUM

## MOBII 1030S

- 10" HD IPS LED fjöldsnertiskjár 1366x768
- Dual Core 1.2GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- PowerVR SGX 540 HD skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- HDMI 1.4 mini, 1xUSB2 micro og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP
- Android 4.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

**26.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

A3 PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ

NR2 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM BROTHER PRENTURUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

brother at your side

## J4110DW

- Hágæða þráðlaust A4 lita fjölnotatæki
- Prentar allt að 18 bls/mín, 16 bls/mín í lit
- 4 hagkvæm hylki, fáanleg allt að 1200 bls
- 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
- 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
- Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/mín
- 4.5" lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
- USB 2.0 og LAN tengi, PC, MAC og LINUX

**29.900**

HINN FULLKOMNI PRENTARI!

ÚRVAL SPJALDTÖLVA Á VERÐI FRÁ 12.900

Mobii 703

**12.900**

## 7" SPJALDTÖLVA

SILICON BUMPER VARNARHLÍF

ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA

Mobii 721

**19.900**

## FRÁBÆR FYRIR KRAKKANA

NR4 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM APPLE FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

VERÐVÖRN

13" MacBook AIR 189.900

Verð frá:

**229.900**

## MacBook Pro Retina

Verð frá:

**1.990**

## ÚRVAL AF TÖSKUM

LENOVO B590

15.6" fartölva með Intel Dual Core örgjörva, 4GB minni, 320GB disk og Windows 8

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MBT3JMH

**59.900**

lenovo

## ÓTRÚLEGT VERÐ!

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR

4 LITIR

KOBO GLO

**29.900**

kobo

## KOBO GLO LESTÖLVA

NR4 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM APPLE SPJALDTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Verð frá:

**48.900**

## ÚRVAL AF iPAD

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

## USB GLINGUR

satzuma

Tt esports By Thermaltake

Silicon Power

POINT OF VIEW mobii

LACIE

brother at your side



## FRÍTT FYRIR HÖLLUR OG AFA

**Barnaleikritið Halla verður frumsýnt í Safnahúsinu á Ísafirði á morgun. Frítt er inn fyrir allar sem heita Halla og afar fá einnig frítt á sýninguna. Um leikgerð, leik og dans sjá Elfar Logi Hannesson og Henna-Riikka Nurmi.**








**BRAGÐGOTT** Úrval ferskra kryddjurta lífgar upp á leggina. MYND/GVA

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingaleggjum í kryddjurtasósu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## KJÚKLINGALEGGIR Í KRYDDJURTASÓSU

**FYRIR 4**
**3 msk. olía**
**12 kjúklingaleggir**
**1½-2 laukar, skornir í báta**
**2-3 hvítlauksgeirar, gróft saxaðir**
**1 msk. rósmarínnálar**
**½ msk. timjanlauf**
**2 dl hvítvín**
**2 dl kjúklingasoð eða vatn og kjúklingakraftur**
**1½ dl rjómi**
**Sósujafnari**
**3 msk. blandaðar kryddjurtir, t.d. basil, estragon, óreganó og steinselja**
**40 g kalt smjör í teningum**
**Salt og nýmalaður pipar**



Hitið olíu á stórri pönnu eða vok-pönnu og steikið leggina í 4-5 mínútur eða þar til þeir eru fallega brúnaðir á öllum hliðum. Kryddið með salti og pipar. Þá er lauk, hvítlauk, rósmarín og timjan bætt á pönnuna og steikt í 2 mínútur í viðbót. Hellið þá hvítvíni á pönnuna og leggið lokið á. Sjóðið við vægan hita í 25 mín. Þá er soði og rjóma bætt á pönnuna og soðið þykkt með sósujafnara. Takið þá pönnuna af hellunni og bætið blandaða kryddinu og smjöri á pönnuna og hrærið þar til smjörið hefur bráðnað. Smakkið til með salti og pipar og berið fram með t.d. hrísgrjónum sem soðin eru í rauðrófusafa og krydduð með anísfræjum.











HEILSURÉTTIR
065
Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr
980 | 1340
Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.
Án salts og sykurs.
NINGS
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is






**ÓVENJULEG SÝNING** Áhersla verður lögð á hönnunarþátt íslenskra frímerkja og þátt teiknara í gerð þeirra að sögn Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur, grafísks hönnuðar og sýningarstjóra Merkilegra merkja. MYND/GVA

# VINNAN Á BAK VIÐ LITLU LISTAVERKIN

**FRÍMERKJASÝNING** *Þáttur teiknara verður í forgrunni óvenjulegrar frímerkjasýningar sem hefst á morgun. Sýningin er ekki síst ætluð ungu fólki.*

Íslensk frímerki eru viðfangsefni óvenjulegrar sýningar sem verður opnuð á morgun, laugardag, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti. Sýningin ber heitið Merkileg merki og þar verður megináherslan lögð á hönnunarþátt íslenskra frímerkja og þátt teiknara í gerð þeirra. Að sögn Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur, grafísks hönnuðar og sýningarstjóra sýningarinnar, er ekki um hefðbundna söfnunarsýningu að ræða heldur er áherslan fyrst og fremst lögð á þátt teiknara enda séu frímerki oftar en ekki lítil listaverk sem margir safna.

„Segja má að sýningin sé tvískipt. Annars vegar verður áhersla lögð á verk Þrastar Magnússonar sem var um árabil afkastamikill teiknari og hönnuður frímerkja. Hins vegar eru frímerkjum og frímerkjasöfnun ásamt frímerkjaútgáfu Póstsins gerð skil. Sýningin höfðar til allra aldurshópa, ekki síst barna og unglinga og það kostar ekkert inn á hana.“ Kristín Þóra hefur gengið með hugmyndina að sýningunni í maganum í langan tíma en sjálf hefur hún teiknað nokkur frímerki undanfarin ár.

Í fremri sal Gerðubergs verður áherslan lögð á verk Þrastar en hann teiknaði 204 frímerki á árunum 1977-2001. Sýndar verða skissur og hugmyndir frá Þresti en allar myndir hans eru unnar í höndunum og því mun sýnilegri heldur en sú hugmyndavinna sem í dag fer að mestu leyti fram í tölvu. Meðal þekktra mynda hans eru plöntur, fuglar og dýr, bílar, skip, flugvélar og ýmis mannvirki.

Hinn hluti sýningarinnar snýr að nýjum frímerkjum auk þess sem saga frímerkja er skýrð og frímerkjasöfnun eru gerð skil á einfaldan og auðskilinn hátt. Sýningargestum gefst meðal annars kostur á að taka mynd af sér í frímerkjaramma og að taka þátt í að gera mósaíkheimskort úr erlendum frímerkjum.



**FALLEGAR MYNDIR** Fuglar og dýr prýddu mörg frímerki sem Þröstur Magnússon teiknaði á árunum 1977-2001. MYND/GVA




**PÓSTSKIP** Frímerkjasería frá árinu 1991, teiknuð af Þresti Magnússyni. Frímerkin sýna Søløven, Arcturus, Gullfoss I og Esju II. MYND/GVA

Sýningin nýtur styrks úr Frímerkja- og póstsögusjóði og er haldin í samvinnu við Póstinn, Félag frímerkjasafnara og Safnaramiðstöðina.

Sýningin verður opnuð á morgun kl. 14 og stendur yfir til 20. júní. **Nánari upplýsingar má finna á www.gerduberg.is.**

Flott föt fyrir flottar konur
stærðir 38-58




belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ÖLL DEKK



LÆGRA VERÐ
DEKKVERK
Lyngás 20, garðabær
Nýbílavegur 2, kóp
s: 578-7474
www.dekkverk.is
OPIÐ TIL KL.19 ALLA DAGA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
11. APRÍL 2014

*Vinirnir Arnar, Sturla og Konráð*
**REYKJAVÍK X ROSES BOLIRNIR VINSÆLIR 2**

*Hildur Ragnarsdóttir eigandi Einveru*
**STRIGASKÓSJÚK MEÐ SÖFNUNARÁRÁTTU 8**

*Þórunn Hulda Vigfúsdóttir*
**STJÖRNUMERKJAPLATTAR FYRIR ALLA 10**



*Sigríður Thorlacius*

## FEGIN AÐ HÚN HÆTTI EKKI Í HJALTALÍN

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
**Gréta Karen Grétarsdóttir**

**Aldur?**
2 old :) One should never trust a woman who tells one her real age. A woman who would tell one that would tell one anything.
*Oscar Wilde*

**Starf?**
Söngkona/lagahöfundur/píanóleikari sem dútlar við ljósmyndun og leiklist.

**Maki?**
Enginn maki en ég held ennþá í vonina um að giftast Robert Downey Jr. einn daginn.

**Stjörnumerki?**
Brjálaður hrútur.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Fékk mér ristað brauð með osti og íslenskt vatn.

**Uppáhaldsstaður?**
Þar sem fjölskyldan mín er. Your home is where the heart is.

**Hreyfing?**
Hvað er hreyfing?:) Hahaha. Labba út í bíl og ég stýri mjög mikið.

**Uppáhalds fatahönnuður?**
Alexander Wang.

## HVERJIR HVAR?

Það var margt um manninn í Tjarnarbíói þegar generalprufa leikverksins Útundan fór fram fyrir fullum sal á miðvikudagskvöldið. Verkið er í uppsetningu leikhópsins Háaloftsins í leikstjórn Tinnu Hrafnsdóttur. Á meðal gesta voru **Kristín Eiríksdóttir** rithöfundur, leikskáldið **Tyrfingur Tyrfingsson** og hinn góðkunni rappari **Ágúst Bent**.









Arnar Leó Ágústsson, Sturla Sær Fjeldsted og Konráð Logi Bjartmarsson.





# **TÍSKA** TENGDU VIÐ TRENDY REYKJAVÍK

***Arnar Leó Ágústsson, Sturla Sær Fjeldsted og Konráð Logi Bjartmarsson stefna langt í fatahönnun en þeir selja boli á Facebook-síðu sinni Reykjavík x Roses.***

„Sturla er undrabarn á saumavél. Hann byrjaði bara að fikta við að sauma föt á sjálfan sig og póstaði myndum af þeim á Facebook og á Instagram. Þannig byrjaði þetta. Arnari leist svo vel á flíkurnar hans og óskaði eftir samstarfi. Ég kom svo inn í þetta örlítið síðar til að sjá um almannatengsl,“ segir Konráð Logi Bjartmarsson sem er einn af teyminu sem stendur á bak við fatamerkið Reykjavík x Roses. Arnar Leó Ágústsson, Sturla Sær Fjeldsted og Konráð Logi Bjartmarsson kynntust allir í MS og áttu sér þann draum að hanna flott fatamerki. Eftir að hafa tekið þátt í frumkvöðlaverkefni í skólanum þar sem þeir hönnuðu boli, fór boltinn að rúlla. Bolirnir seldust upp og pantanirnar hrannast upp. Nú hafa þremenningarnir gert samning við Henson sem sér um framleiðsluna fyrir þá. „Það er búið að ganga framar öllum vonum og við erum farnir að vinna að næstu línu sem mun innihalda boli, jakka og peysur.“ Nafnið á merkinu segir hann hafa komið þannig til að þá langaði að tengja við borgina. „Reykjavík þykir mjög trendy víðs vegar um heiminn og svo langaði okkur að gera eitthvað með rósum, það fíla allir. Reykjavík x Roses fannst okkur því fullkomið.“

**2** bókstafir, fullkomin húð á **1** augnabliki




5 frábærir eiginleikar

Jafnar húðlit
Rakagefandi
Hylur
Gefur ljóma
Sólarvörn
SPF 15




*BB* **krem frá Garnier**

**Hvað er BB krem?**
BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleyndarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfínar litaragnir sem láta húðina ljóma.

**Miracle Skin Perfector**
Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-í-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

**Miracle** Skin Perfector
5-í-1-KREMIÐ

Take care.
GARNIER







# **HÖNNUN** VERNDANDI HRINGLAGA SPEGILL FYRIR HEIMILIÐ

***Auður Gná Ingvarsdóttir hannaði glæsilega hringlaga spegla og sýndi á Hönnunarmars.***

„Ég var lengi búin að hugsa um að gera spegil en ég er voðalega hrifin af speglum. Bæði sem hlut eða til að stækka rými og líka til að setja á heilan vegg sem að skapar sjónhverfingu,“ segir Auður Gná Ingvarsdóttir innanhúsarkitekt. Á Hönnunarmars fyrir skömmu sýndi hún nýja vörulína sem innihélt hringlaga spegla, korktöflur og bakka úr íslensku líbaríti. Auður Gná segir að hringlaga formið á speglinum hafi henni þótt skemmtilegt þar sem hringur hefur hvorki upphaf né enda.

„Hringurinn hefur svo margar merkingar. Hann er svo táknrænn og verndandi. Hann gefur manni þá tilfinningu að maður sé hólpinn,“ segir hún. Auður Gná rekur verslunina Insula á Skólavörðustíg 21 og hefur verið að vinna með skinnpúða undir vörumerkinu Further North. Speglarnir sem unnir eru á Íslandi munu fást í tveimur stærðum, í 50 cm og 70 cm þvermáli. Nánari upplýsingar um vörunar er að finna á heimsíðunni furthernorth.com.

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Vilhelm Gunnarsson**

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET








# FÁÐU MEIRA ÖRYGGI




Bíll á mynd:
Chevrolet Spark LTZ

## SPARK ER SÁ ÖRUGGASTI

2014 IIHS TOP SAFETY PICK+

Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna IIHS, hefur kynnt niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2014. Chevrolet Spark var **eini smábíllinn** sem stóðst hámarkskröfur stofnunarinnar „Top Safety Pick“.

ÓTRÚLEGT VERÐ
**1.790.000.-**
LS BENSÍN 1.0L
BSK. 5 DYRA

Hafðu í huga að Chevrolet Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn – sjá meira á benni.is

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| **Reykjavík** | **Reykjanesbær** | **Akureyri** |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*



# VICTORIA BECKHAM

## *40 ára • 40 kjólar • 40 stjörnur*

***Victoria Beckham gerði garðinn frægan með Spice Girls um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Síðan sveitin hætti hefur hún skapað sér nafn sem fatahönnuður. Hún fagnar fertugsafmæli 17. apríl en hönnun hennar er gríðarlega vinsæl hjá skærustu stjörnum heims.***



**FRÁ VINSTRI**
Naomi Watts
Kelly Rowland
Jourdan Dunn
Nicole Scherzinger
Carey Mulligan
Kate Winslet
Julia Roberts
Courteney Cox
Anne Hathaway
Erin Wasson



**FRÁ VINSTRI**
Allison Williams
Dannii Minogue
Sofia Vergara
Beyonce
Demi Moore
Blake Lively
Jessica Ennis
Jennifer Lawrence
Emilia Clarke
Elle Macpherson



**FRÁ VINSTRI**
Drew Barrymore
Gwyneth Paltrow
Jennifer Hudson
Cheryl Cole
Katherine Jenkins
Serena Williams
Iman
Eva Longoria
Rachel Weisz
Cameron Diaz



**FRÁ VINSTRI**
Jennifer Lopez
Olivia Palermo
Jada Pinkett Smith
Viola Davis
Jessica Biel
Rosamund Pike
Gisele Bundchen
Naomie Harris
Kim Kardashian
Oprah Winfrey


NÝTT
KOMDU MEÐ BRODDANA
NÚ ER VIÐKVÆM
HÚÐ MÍN TILBÚIN
NIVEA
SENSITIVE
DAY CARE
NIVEA
SENSITIVE
DAY CARE
SENSITIVE SKIN
Moisturizes & reduces
1. redness 2. tightness 3. dryness
Liquorice Extract &
Grape Seed Oil
VINNUR Á
ROÐA, ÞURRK
OG STREKKTRI HÚÐ
ÁN PARABENA, LITAR- OG ILMEFNA
NIVEA.com




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# SIGRÍÐUR THORLACIUS SKRIFAÐI DRAMATÍSKT UPPSAGNARBRÉF EN HÆTTI VIÐ

*Sigríður Thorlacius er ein ástsælasta söngkona Íslendinga og er oftast kennd við hljómsveitina Hjaltalín. Sveitin gekk í gegnum krítískan tíma áður en meðsöngvari Sigríðar, Högni Egilsson, var greindur með geðhvarfasýki. Þá skrifaði Sigríður dramatískt uppsagnarbréf og var staðráðin í því að hætta í bandinu.*

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@frettabladid.is

Við höfum farið á lengri túra og spilað á erlendum festivölum og ætlunin var að gera það líka þegar Enter 4 kom út. En utanaðkomandi aðstæður breyttu því. Við gátum ekki farið strax eftir að platan kom út því Högni var að glíma við veikindi þannig að það setti smá strik í reikninginn,“ segir Sigríður Thorlacius, söngkona í hljómsveitinni Hjaltalín. Hljómsveitin heldur stórtónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 16. apríl og spilar mestmegnis efni af fyrrnefndri plötu, Enter 4, sem kom út árið 2012.

Vinna við plötuna var um margt sérstök vegna þess að á því tímabili sem Hjaltalín vann hana var Högni Egilsson, annar söngvari sveitarinnar, að glíma við geðhvarfasýki eins og hann sagði mjög opinskátt frá í viðtali við Fréttatímann árið 2012.

„Þetta var svolítið erfitt en líka bæði mjög áhugavert og gaman. Þetta var erfitt fyrir alla en við þurftum bara að hugsa hlutina aðeins öðru vísi og vinna öðru vísi en við hefðum gert ella. Ég held að ég geti sagt að í hugum okkar allra sé þetta fullkomlega ógleymanlegur tími. Það var öskrað, grátið, hlegið og allt þar á milli,“ segir Sigríður. Á þessum tímapunkti vissu allir í hljómsveitinni hvaða sjúkdómur hrjáði Högna en lengi vel var það ekki svo. Hún segir að sá tími hafi verið afar erfiður.

„Þegar fólk fer í svona ástand gerist það hægt og maður tekur ekki eftir því strax. Allt í einu er hann kominn á stað þar sem augljóst er að það er einhver breyting í gangi. Áður en við áttuðum okkur á því hvað væri að gerast var þetta erfitt. Þá vissi ég ekki af hverju þetta var svona skrýtið. Ef maður ímyndar sér keðju þar sem einn hlekkurinn stækkar og breytist þá þurfa hinir hlekkirnir að aðlagast svo að keðjan haldi sér. Áður en þú áttar þig á því hvað er að gerast er það mjög erfitt. Þá veistu ekki hvernig þú átt að tækla hlutina og þú skilur ekki af hverju viðkomandi hagar sér eins og hann gerir. Allt umhverfi þitt breytist. Allir breyta hegðun sinni því þeir hafa ekki skilning á því sem hefur breyst. Þannig upplifði ég þetta. Það var óþægilegasti tíminn því þá var ég eitt spurningamerki. Persónuleiki manneskjunnar breytist. Egóið verður stórt og fyrirferðarmikið og ég reyndi að máta mig við það og jafna það út. Þá var þetta krítískt.“

### *Hætti við að hætta*

Þessi tími tók svo á Sigríði að hún íhugaði alvarlega að segja skilið við sveitina.

„Ég held að það hvarfli oft að fólki að hætta – almennt í því sem það vinnur við eða í einhvers konar samstarfi. En þarna var þetta virkilega ákveðin hugsun. Ég var búin að hugsa þetta út í gegn og ræða þetta við nokkra. Mér leið eins og ég væri að fara að skilja. Ég var mjög dramatísk yfir þessu og fannst þetta mjög hræðilegt. Ég held að vinum mínum hafi fundist hálfgalið hvernig ég díláði við þetta. Mér finnst ekki dramatískt að tala um þetta í dag en mér fannst það þá. Mér fannst eins og þarna væri ég að taka ákvörðun um framtíð mína. Klippa á einhvern streng sem gæti aldrei gróið til baka. Ég skrifaði meira að segja bréf. Mjög dramatískt uppsagnarbréf. Það er einhvers staðar til í kosmósinum og á internetinu. Ég sendi það á einn í bandinu sem bað mig um að hugsa þetta aðeins. Sem ég gerði og hætti við. Oft er betra, eins og þekkt er í sögunni, að sofa á hlutunum. Það getur komið allt önnur niðurstaða í morgunsárið. Í þessu tilviki er ég mjög fegin að ég gerði það. Annars væri ég að horfa á þá setja upp þessa tónleika í Hörpu og væri orðin frystikista af bældri óánægju. Það væri verra. Ég held líka að það væri ekkert betra fyrir þá. Ég held að það sé voðalega gott fyrir þá að hafa mig – stundum allavega,“ segir Sigríður.

### *Öskrandi sterk orka*

Hún segir allt hafa breyst þegar sveitin fékk þær fréttir að Högni væri með geðhvörf.

„Þá öðlaðist ég einhvern skilning. Um leið og maður skilur af hverju hlekkirnir breytast getur maður brugðist við því. Við sem hljómsveit vildum reyna að skilja þetta og vinna með það. Það var mjög falleg ákvörðun sem allir tóku. Við notuðum líka það sem hann hafði þá sem var náttúrulega ótrúlegt. Orkan var öskrandi sterk. Hann var með hugmyndir sem voru algjörlega stórkostlegar. Sumt var algjörlega galið og út úr kú. Þetta er rosalega áhugavert ástand að vera í og fylgjast með einhverjum sem er í því og reyna að fylgja honum eftir. Við tókum ákvörðun um að gera þessa plötu og allir lögðust á eitt því aðstæður voru þannig. Það er líka ástæða þess, og ég held ég tali fyrir hönd okkar allra, að okkur þykir svo vænt um þessa plötu. Þetta var svo tilfinningalegt ferli sem gekk nærri honum og okkur öllum. Við náðum að koma þessu skipi í höfn með fallegu, samstilltu átaki allra. Núna horfi ég til þessa tíma með mjög mikilli hlýju og ég er mjög ánægð að hafa ekki verið búin að yfirgefa móðurskipið áður en þetta allt kom til.“

### *Með kökk í hálsinum*

Sigríður hlakkar til að flytja Enter 4 í þessum mikilfenglega sal í Hörpu, sérstaklega í ljósi sögunnar á bak við plötuna.

„Ég held að þetta verði magnað. Ég á ekki von á öðru. Okkur finnst öllum enn þá eins og platan eigi eitthvað inni hjá okkur og fólki. Við héldum náttúrulega útgáfutónleika fyrir þessa plötu í Gamla bíói og þeir voru frekar dramatískir. Högni átti svolítið erfitt með það en stóð sig ótrúlega vel. Ég var oft með kökk í hálsinum því mér fannst svo ótrúlegt að við værum að gera þetta. En ég held að fólk þurfi ekki að búast við því að við séum að fara að gráta mikið á þessum tónleikum eða strunsa út. Ég held að ég hætti ekki á tónleikunum. Ég sé ekki fyrir mér að ég velji þetta mómemt til þess,“ segir hún og hlær.

### *Spila meira erlendis*

Hjaltalín er nýkomin úr tónleikaferðalagi um Evrópu, er byrjuð að huga að nýju efni og stefnir á að halda fleiri tónleika á þessu ári á erlendri grund. Aðspurð hvort meðlimir sveitarinnar hafi haldið að frægð og frami erlendis væri þeirra á þessum tímapunkti segir hún það ekkert aðalatriði.

„Við fengum ansi góða dóma erlendis fyrir Enter 4 í frekar flottum og stórum miðlum. Það hefði náttúrulega verið ákjósanlegast að fara strax af stað þegar hún kom út en það gerðist ekki þannig að við þurftum að endurskipuleggja það allt. Fyrir mína parta



finnst mér að eftir því sem maður fer oftar út og lengra inn í þennan bransa skilur maður líka síður hvað virkar og hvað virkar ekki. Hvað lætur hlutina ganga upp og hvað ekki. Þetta er svo stórt batterí. Þetta er rosa happa og glappa og snýst líka um að vera á réttum stað, á réttum tíma. Við viljum samt fara meira utan og stefnum á að gera það.“

### Ég er bara ein – þeir eru fimm

Sigríður er nú eina stelpan í hljómsveitinni eftir að Rebekka Björnsdóttir fagottleikari hætti fyrir rúmu ári. Hún segir það vissulega hafa verið viðbrigði.

„Hún hafði líka aðra ástríðu í lífinu sem var kvikmyndagerð. Hún flutti til New York með kærastanum sínum og er að vinna í þeim bransa. Hún hætti ekki með dramatískum hætti. Hún fór bara út og er að gera þetta. En það breyttist ýmislegt þegar hún hætti. Ég er bara ein – þeir eru enn fimm. Ég geri ekki mikið úr því að ég sé stelpa en ekki þeir. Þann punkt finnst mér leiðinlegt að taka. Öllum getur þótt einhver tími erfiðari en annar, burtséð frá kyni og aldri. En mér fannst þetta skrýtið fyrst, ég viðurkenni það alveg. Það tók tíma fyrir mig að aðlagast því þegar hún Rebekka mín hætti. Ef það kemur upp einhver umræða finnst mér ég oft vera ein. Þegar ég er gaggandi um einhver femínísk mál til dæmis. Þá er ég bara ein. Þá segi ég það bara oftar og hærra og það er allt í lagi. En þeir eru góðir við mig og góðir að aðlagast. Þeir gætu verið miklu verri. Við rökræðum mikið innan sveitarinnar. Það hefur hver og einn sína kosti og galla og sínar skoðanir á hlutunum en allir hafa rétt á að hafa sínar skoðanir. Það verða ekki allir að vera sammála alltaf. Ég get ekki ætlast til að fólk breyti sér í átt að mér alltaf. Ég get ekki ætlast til að ég geti breytt einhverjum einstaklingi með rifrildi. Ég þarf líka að taka til í mér og þarf að mæta þeim. Ég á fullt eftir þar.“

### Líður vel að vera ein

Talið berst að einkalífinu og hvort það rúmist í afar farsælum ferli sem Sigríður hefur átt síðustu ár. Hún hefur unnið með ótal listamönnum síðustu misseri og var kjörin söngkona ársins í flokknum popp og rokk á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir stuttu svo fátt eitt sé nefnt. Hún er barnlaus og einhleyp eins og stendur en standa engar breytingar á því til í nánustu framtíð?

„Hér búa augljóslega engin börn. Hér bý ég bara ein,“ segir Sigríður og lítur í kringum sig í litlu íbúðinni sinni í miðbæ Reykjavíkur. „Guð hjálpi því barni sem þyrfti að búa með mér í þessu litla plássi. Mér hefur aldrei, frá því ég var krakki, tekist að hugsa langt fram í tímann. Mér finnst rosalega gott að sjá fyrir mér nokkra mánuði, ekki meira. Það er hins vegar ekki einhver úthugsuð ákvörðun að búa hér á 35 fermetrum og ætla aldrei að fara héðan, aldrei að taka þátt í lífi annarra og alltaf að vera ein. Ég sé aldrei fram í tímann og er frekar afslöppuð varðandi framtíðarplön. Mér líður rosalega vel að vera ein og stjórna sjálfri mér og mínum tíma. Það er ekki þar með sagt að ég ætli alltaf að vera þannig,“ bætir hún við. Hún hefur tileinkað sér þá hugsun að útiloka ekkert í lífinu.

„Ef mig langar til að kanna eitthvað annað en söng þá geri ég það. Ég held að fólk ætti að hugsa það með drauma og hugmyndir sem fólki finnst fjarlægar. Mér finnst heftandi og skelfileg hugsun að hugsa sér að ég verði alltaf nákvæmlega svona. Frekar vil ég ímynda mér að ég eigi eftir að gera eitthvað allt annað í framtíðinni. Þegar manni líður vel í eigin umhverfi og eigin skinni geta maður dvalið þar. Um leið og maður fer að ókyrrast á maður að þora að stökkva.“



## Uppáhalds

**MATUR?** Tómatar, egg, pekanhnetur, döðlur.

**DRYKKUR?** Ég elska fátt meira en sítrónur. Heimagerða límónaðið mitt slær flest út.

**VEITINGAHÚS?** Það hlýtur að vera Snaps. Þar er góður matur, góð vín, gott fólk.

**VEFSÍÐA?** Fasteignavefur mbl.is.

**VERSLUN?** Bændamarkaður Frú Laugu á Óðinsgötu.

**HÖNNUÐUR?** Síbreytilegt. Akkúrat núna er ég alveg heilluð af skartinu frá Maríu Black.

**HREYFING?** Labb. Kann ekki á bíl. Finnst fátt betra en að labba ein – helst í rigningu.

**DEKUR?** Að sofa áhyggjulaust út – lengi …



# FATASKÁPURINN HEF ALDREI VERIÐ MJÖG BLEIK

**Hildur Ragnarsdóttir er eigandi verslunarinnar Einveru við Laugaveg, en hún hefur starfað í tískubransanum frá því að hún var unglingur. Hildur heldur úti tískubloggi á Trendneti og leyfði Lífinu að skyggnast inn í fataskápinn sinn.**


Hildur Ragnarsdóttir



### Töffaraleg blóm

Kápuna keypti ég í Jör í byrjun árs og þetta er ein mest notaða flík sem ég hef átt lengi. Fullkomin í sniðinu, klassísk, hlý og mér finnst ég alltaf fín í henni. Hvort sem ég er í strigaskóm eða á háum hælum. Hálsmenið er frá Kría Jewellery. Óvæntustu kaup ársins eru hins vegar þessi blómatoppur úr vor- og sumarlínu Kalda. Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega bleik og hvað þá í blómamynstri en ég varð alveg dolfallin yfir þessum topp. Töffaraleg blóm, er það ekki eitthvað?



### Punkturinn yfir i-ið

Uppáhaldsfylgihluturinn þessa stundina er þessi ljónataska sem ég keypti inn fyrir Einveru, hún er í fullkominni stærð fyrir kvöld úti á lífinu. Hún setur punktinn yfir i-ið á öll outfit. Hress en samt falleg. Trefilinn keypti ég í Gallerí 17 og hann er í miklu uppáhaldi, ég kalla hann trefil sem bjargar lífi því hann er risastór og hlýr. Veitir stundum ekki af á þessu landi. Beanie-húfan er líka frá nýja unisex-merkinu í Einveru – ég er dálítið veik fyrir öllu gráu svo hún var ekki lengi að verða mín.



### Rúllukragabolir þroskamerki

Ég held að það sé eitt helsta þroskamerki síðustu ára hjá mér að vilja ganga í rúllukragabolum og peysum. Þessi Kalda-rúllukragabolur er því í miklu uppáhaldi. Gengur við allt, mér finnst ég bæði geta verið í honum hversdags og við hátíðlegri tilefni. Blazer-jakkinn var algjör skyndikaup í Monki en varð fljótt í miklu uppáhaldi og er eiginlega ofnotaður. Hálsmen úr H&M.




### Unisex-bolur

Annar stuttermabolur úr safninu ógurlega – þessi er líka frá nýja unisex-merkinu í Einveru, ég er með æði fyrir svörtum stuttermabolum með hvítu letri.



### Strigaskósjúk

Pilsið er frá Kalda, helsti kosturinn við þetta pils er að ég þarf ekki að vera á háum hælum til að það komi vel út, sem hentar afskaplega vel fyrir strigaskósjúka manneskju eins og mig.



### Einverukjóllinn

Þennan kjól úr Einveru er ég búin að nota mjög mikið, hann er fullkominn undir þykkar og kósí peysur, stuttermaboli og einn og sér. Jakkinn er partur af dragt frá Just Female og er snilldarflík til að poppa upp hvaða dress sem er. Hálsmenið er frá Zöru.



### Biker-jakki algjört möst

Bolurinn er frá nýju unisexmerki í Einveru, ég er algjör stuttermabolaperri og á alltof mikið af þeim. Mér finnst vera algjört möst að eiga einn góðan biker-leðurjakka í skápnum sem allt af er hægt að grípa til. Þetta er mjög týpískt vinnu-look fyrir mig. Leðurjakki, stuttermabolur, gallabuxur og strigaskór.






# HÖNNUN BORÐIN Í LAGINU EINS OG ALDA

**Þóra Birna Björnsdóttir innanhússarkitekt hannaði borð með mjúkum línum og hægt er að raða á marga vegu.**


Þóra Birna Björnsdóttir

„Ég teiknaði þetta fyrst eins og dropa og var alltaf að hugsa um um vatnið. Ofan frá er þetta svolítið eins og bárur í vatni og því heita borðin Alda,“ segir Þóra Birna Björnsdóttir húsgagna- og innanhússarkitekt sem rekur teiknistofuna Eitt A ásamt tveimur öðrum. Þóru Birnu hlotnaðist styrkur fyrir skömmu frá Nýsköpunarsjóði til að koma álverkefnum sínum á erlendan markað og hún hefur hafið samstarf við Á. Guðmundsson hér á landi. Borðin hannaði hún með mjúkum línum haustið 2012 og sýndi þau á HönnunarMars í ár við góðar undirtektir. Eftir páska verður Alda framleidd úr eik og hnotu en einnig úr möttu ítölsku harðplasti sem er þeim eiginleika gætt að rispur er hægt að laga með rökum pappír og straujárni.


Borðin verða framleidd eftir páska af A. Guðmundssyni í tveimur viðartegundum.

AUGLÝSING: ST.TROPEZ OG SNYRTISTOFAN ÁGÚSTA KYNNA



Ofurfyrirsætan Kate Moss er andlit St.Tropez. Hún þykir sameina náttúrulega fegurð og fallegan húðlit.

# GULLINN BLÆR Á SKAMMRI STUNDU

**Brúnkukremin frá St.Tropez hafa lengi verið vinsæl á Íslandi. Vegna mikillar eftirspurnar er nú einnig boðið upp á brúnkusprey frá St.Tropez á snyrtistofum þar sem snyrtifræðingar úða fallegum sólarblæ á viðskiptavini. Meðferðin tekur stuttan tíma en endist í marga daga. Ein fyrsta snyrtistofan á Íslandi sem býður upp á brúnkusprautun frá St.Tropez er Snyrtistofan Ágústa í Hafnarstræti 5.**

„Hér á stofunni er starfsfólkið allt orðið brúnt og sællegt enda höfum við verið að prófa litina til að kynnast virkni og endingu þeirra,“ segir Ágústa Kristjánsdóttir, eigandi Snyrtistofunnar Ágústu. Snyrtistofan hafði ekki boðið upp á brúnkusprautun í nokkurn tíma en þegar Ágústa frétti af því að St.Tropez myndi bjóða upp á búnað og liti fyrir fagmenn ákvað hún að slá til. „Við byrjuðum að bjóða uppá þetta fyrir þremur vikum og reynslan hefur verið mjög góð. Vörurnar frá St.Tropez eru enda mjög þægilegar í notkun auk þess sem meðferðin er mjög einföld og fljótleg,“ segir Ágústa.



Ágústa Kristjánsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Ágústu.

Snyrtistofan **Ágústa** býður **St.Tropez** brúnkumeðferðina á kynningarverði úr apríl.

Kynningarverð **4.900**
Fullt verð **5.900**

### Nánast lyktarlaust

Brúnkumeðferðin nýtur þegar mikilla vinsælda hjá Ágústu. „Það er nóg að gera hjá okkur í þessu. Viðskiptavinir okkar eru enda afar ánægðir með hvað meðferðin tekur skamman tíma auk þess sem lyktin er nánast engin,“ lýsir Ágústa en margir þekkja hinn einkennandi þef sem fylgir mörgum brúnkulitum. Við þessu hefur St.Tropez brugðist með því að þróa sérstaka formúlu sem kallast Aromaguard og dregur úr lyktinni um 70 %.

Ágústa segir fólk vilja fallegan lit af nokkrum ástæðum. „Brúðir koma til að vera með gullinn blæ á brúðkaupsdaginn og við mælum með að brúðguminn komi líka svo verðandi hjón séu í stíl. Svo er vinsælt að fá lit til að líta vel út í árshátíðarkjólnum eða þegar til stendur að fara á sólarströnd,“ segir Ágústa. Hún bendir á að einnig séu fjölmargir sem vilji hafa það sem lífsstíl að vera með smá lit. „Margar koma vikulega til að viðhalda fallegum húðlit og við getum gert tilboð í slíkt,“ segir hún og telur fólk orðið mun meðvitaðra í dag um skaðsemi sólarbekkja. Því kjósi margir brúnkusprey fram yfir þá.

### Góð ending

Sólarliturinn frá St.Tropez getur enst frá fjórum og upp í sjö daga. Þó er ýmislegt sem fólk getur gert til að lengja þennan tíma og viðhalda litnum. „Hægt er að undirbúa húðina áður en komið er í brúnkumeðferðina. Til dæmis með því að nota skrúbb á líkamann til að fjarlægja dauðar húðflögur, og með því að bera krem á þurra bletti,“ lýsir Ágústa. Þá er best að láta litinn virka í fjóra til átta tíma áður en farið er í sturtu. „Svo er gott að nota húðkrem daglega til að halda húðinni rakri og mjúkri, þannig má viðhalda litnum lengur.“

### Virt vörumerki

St.Tropez kom á markað í Bretlandi árið 1996 og varð strax leiðandi á brúnkumarkaðnum. Merkið hefur hlotið fjölda verðlauna, til dæmis hefur það á síðustu þremur árum hlotið 90 verðlaun. Vörurnar frá St.Tropez eru notaðar af kvikmyndastjörnum, hönnuðum og snyrtifræðingum um heim allan. Fyrirsætur eru einnig afar hrifnar af brúnkumeðferðinni frá St.Tropez en ofurfyrirsætan Kate Moss er andlit merkisins. Hún þykir enda sameina náttúrulega fegurð og fallegan húðlit.






ST.TROPEZ

### Náttúrulegt

Vörurnar frá St.Tropez eru náttúrulegar og þróaðar með umhverfi og heilsu í huga. Vörurnar eru án allra parabena og súlfats og eru búnar til úr 100% náttúrulegum efnum sem unnin eru úr jurtaríkinu.

### Má einnig nota heima

St.Tropez býður ekki aðeins upp á línu fyrir snyrtistofur heldur er einnig með stóra línu af brúnkukremum sem fólk getur borið á sig sjálft. „Kostir varanna eru að með þeim fæst jafn, eðlilegur og fallegur litur sem endist í allt að fjóra til sjö daga auk þess sem liturinn dofnar jafnt,“ segir Ágústa en vörurnar eru bornar á með sérhönnuðum hanska til að tryggja sem fallegasta áferð.

Á vefsíðu St.Tropez www.st.tropez.com er að finna ógrynni upplýsinga, til dæmis myndbönd sem kenna fólki að bera á sig brúnkukremin með sem bestum árangri.



Plattarnir eru skemmtilegar gjafir og fást í fallegum pastellitum.

# HEIMILIÐ STJÖRNUMERKJAPLATTAR Í PASTELLITUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

***Þórunn Hulda Vigfúsdóttir hannar og framleiðir sniðugar gjafir undir nafninu Merkið mitt.***



Þórunn Hulda Vigfúsdóttir

„Þegar ég var að alast upp héngu koparpottar með stjörnumerkjum okkar fjölskyldunnar uppi á vegg hjá foreldrum mínum. Þetta var mjög vinsælt og þegar fólk kom í heimsókn var ósjaldan rætt um stjörnumerki fjölskyldumeðlima til skemmtunar. Mér fannst þetta alltaf heillandi og langaði sjálfa að eignast svipað fyrir mína eigin fjölskyldu,“ segir Þórunn Hulda Vigfúsdóttir sem nú hefur hannað sína eigin stjörnumerkjaplatta undir nafninu Merkið mitt. Þórunn Hulda lærði grafíska hönnun í Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum og segir hugmyndina hafa fæðst á því tímabili. Nú handgerir hún og framleiðir staka stjörnumerkjaplatta í pastellitum fyrir alla fjölskylduna en einnig er hægt að sérpanta aðra liti. Teikningarnar af stjörnumerkjunum voru unnar í samvinnu við Dagbjörtu Thorlacius myndlistarkonu. „Hvort sem þú ert ljón, vatnsberi eða í fiskamerkinu er hægt að fá platta í fjórum litum í þínu merki. Svo eru þetta einnig skemmtilegar fermingar-, skírnar- eða afmælisgjafir,“ segir Þórunn Hulda.

Hægt er að nálgast plattana á Facebook-síðunni **Multi by Multi**.

### *Í hvaða stjörnumerki ert þú?*

**HRÚTURINN** 21. mars til 13. apríl
**NAUTIÐ** 20. apríl til 20 .maí
**TVÍBURINN** 21. maí til 21. júní
**KRABBINN** 22. júní til 22. júlí
**LJÓNIÐ** 23. júlí til 22. ágúst
**MEYJAN** 23. ágúst til 22. september
**VOGIN** 23. september til 23. október
**SPORÐDREKINN** 24. október til 21. nóvember
**BOGMAÐURINN** 22. nóvember til 21 desember
**STEINGEITIN** 22. desember til 19. janúar
**VATNSBERINN** 20. janúar til 18. febrúar
**FISKURINN** 19. febrúar til 20. mars


**AUGLÝSING: SCANDIC HEILDVERSLUN KYNNIR**

# KRYDD Í TILVERUNA

## Spicentice eru tilbúnar kryddblöndur í ljúffenga rétti sem einfalt er að matreiða á fljótlegan hátt.

„Í Spicentice-kryddblöndunum eru engin aukefni, engin rotvarnar- eða litarefni og þær eru algerlega glútenfríar. Þá er nánast enginn sykur í Spicentice-blöndunum,“ útskýrir Dagmar S. Gunnarsdóttir, dreifingaraðili Spicentice á Íslandi.

Sjálf er Dagmar mikill matgæðingur og féll strax fyrir Spicentice.

„Ég nota kryddblöndurnar mikið í minni matargerð. Það er svo skemmtilegt að elda með Spicentice og einfalt,“ bætir hún við.

Í hverjum pakka er kryddblanda fyrir ákveðinn rétt. Aftan á pakkningunni er innkaupalisti fyrir réttinn og svo leiðbeiningar um hvernig á að elda hann og hversu langan tíma matseldin tekur. Einnig er hægt að kaupa grófari kryddblöndu eða „rub“ til að nudda á til dæmis kjöt eða fisk og einnig „chutney“.

„Það er svo þægilegt að vera með akkúrat réttu kryddsamsetninguna fyrir réttinn. Þá þarf ekki að kaupa mörg ólík krydd sem maður notar síðan kannski bara einu sinni. Með Spicentice fer ekkert til spillis.“

**Uppskriftir frá mömmu**

Stofnandi Spicentice, Ketan Varu, fékk þá hugmynd að markaðssetja tilbúnar kryddblöndur eftir að hafa reglulega fengið uppskriftir að indverskum réttum frá móður sinni sendar, meðan hann var við nám, með tilheyrandi kryddi meðfylgjandi í litlum pokum.

„Nú eru þetta ekki bara indverskir réttir heldur upp undir þrjátíu mismunandi réttir frá ólíkum löndum,“ útskýrir Dagmar. „Til að byrja með verð ég með sautján tegundir og fást þær í Hagkaup í Kringlunni, í Skeifunni og í Garðabæ. Spicentice er sannkallað krydd í tilveruna.“

Sjá www.spicentice.com. Scandic heildverslun sími: 864-7087.







Fljótlegt og einfalt er að elda ljúffenga rétti með Spicentice. Vörurnar fást í Hagkaup Kringlunni, Skeifunni og í Garðabæ.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# ÚTRÝMINGARSALA

vegna breytinga

# 30-50%

afsláttur af öllum vörum

**BUXUR FRÁ**
**2.000 kr**

**Skyrtur frá 1.000 kr**

**Lindebergh fermingarjakkaföt**
**9.990 kr**

Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

## facebook




**Humans of New York**

**www.facebook.com/humansofnewyork**

Brandon setti sér það markmið árið 2010 að taka myndir af 10 þúsund New York-búum og merkja á kort hvar myndirnar væru teknar. Fjórum árum síðar hefur síðan tekið á sig breytta mynd, en hann hóf að safna tilvitnunum og stuttum sögum frá myndefnunum sem hann lætur fylgja ljósmyndunum af fólkinu.

## Instagram



**The Coveteur**

**instagram.com/thecoveteur/#**

Æskuvinkonurnar Erin Kleinberg og Stephanie Mark stofnuðu bloggið The Coveteur, þar sem þær fara heim til og fá að skyggnast inn í fataskáp hjá tískufrömuðum og þekktum persónum um allan heim. Á Instagram-reikningi þeirra er að finna myndir úr tökum, af viðmælendum og úr lífi þeirra.

## Pinterest



**Katye Elliott**

**http://www.pinterest.com/katyelliott/**

Katy Elliott er dugleg á Pinterest en hún er að gera upp gamalt hús í Bandaríkjunum, þar sem hún býr. Hún sýnir ferlið í myndum, hefur klassískan og tímalausan stíl og höfðar sérstaklega til þeirra sem eru að gera upp gömul hús.

# BLOGGARINN DEILIR HEILSUSAMLEGUM UPPSKRIFTUM

Angela

**www.ohsheglows.com**

Angela glímdi við átröskun frá unga aldri, en tók líf sitt í gegn fyrir nokkrum árum og hefur æ síðan deilt vegan-uppskriftum með dyggum lesendahópi.

Uppskriftir hennar eru hollar og góðar, en þær henta meðal annars vel til þess að koma hollum mat ofan í matvönd börn. Hún gaf út sína fyrstu bók, The Oh She Glows Cookbook, þann fjórða mars síðastliðinn en bókin hefur þegar ratað á New York Times-topplistann.









## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



CHEVROLET Aveo. Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. búið að skipta um tímareim- ásett verð 950 þús TILBOÐ 790.000. Rnr.231023.



HYUNDAI Santa fe v6. Árgerð 2007, ekinn 79 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. tilboð 2.390.000. áhl 1750 þús Rnr.223164

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 41 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.990557. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I30 classic. Árgerð 2012, ekinn 56 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.990777.



MERCEDES BENZ E 280 cdi station . Árgerð 2006, ekinn 499 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.140721. Tilboð nú kr: 1.980.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

PLANIÐ bílasala 517 0000



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2008, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.300555. Á staðnum.



RENAULT Master. Árgerð 2009, ekinn 68 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.990.000. m/VSK Rnr.300604. Á staðnum.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2000, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 590.000. Rnr.300647. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18 & lau 12-16**
**www.planid.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



BMW X5 xdrive30d 3.0d e70 30d. Árgerð 2012, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur,M- Sport Pakki.Eins og nýr, Verð 11.900.000. Rnr.100045.Allar nánari upplýsingar í síma 588 5300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**WWW.SUZUKI.IS**

STÓRA BÍLASALAN



PEUGEOT 508 Active. Árgerð 05/2012, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Glerþak og fl. Verð 4.390.000.-.Er á staðnum. Rnr.155706.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SUBARU LEGACY SPEC B. ÁRG 6- 2007, ekinn 55 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Einn með öllu. Flottur bíll. 2 eigendur Verð 3.250þ Rnr.127240.



PORSCHE CAYENNE S Árg 2003 umboðsbíll, ek 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,er á loftpúðum ,20" turbofelgur. Verð 2.450þ enginn skipti!! Rnr.127171. Óskum eftir bílum á planið og á skrá Mikil sala.

**Höfðabílar**
**Fosshàls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**VIÐ STAÐGREIÐUM BÍLINN !**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílunum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð þér að kostnaðarlausu.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR Á 280 ÞÚS!**
PEUGEOT 206 árg 2001 ek.161 þús 3ja dyra, beinskiptur, vetrardekk, í góðu standi ásett verð 450 þús TILBOÐ 280 þús möguleiki á 100% visalani s.841 8955



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490ÞÚS, STGR.**
Peugeot 307 árg ,01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**FRÁBÆR EYÐSLUGRANNUR FERÐABÍLL**
Honda HR-V 1.6 árg ,00. ekinn 181þús km. beinskiptur. ný skoðaður. ný yfirfarinn á verkstæði. heilsársdekk. flottur og skemmtilegur bíll. ásett 680þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR-100% VÍSALÁN !**
NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955



**GÓÐUR NÝ SKOÐAÐUR BÍLL**
Renault Megane 1.6 árg ,03. ek. aðeins 130þús km. bsk. ný sko. glæný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. stór glerlúga, góður bíll. ásett verð 850þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**VW FOX DISEL !**
Mögulega eyðslu minnsti bíll sem að þú munt nokkurn tíman eiga ! VW Fox disel 1.4 árg ,06 ek. 141þús km. 3dyra. 4m. bsk. eyðsla ca 4L/100km. sko'15. ásett 1.050þús. Tilboðsverð 890þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

## 1-2 milljónir



VWGolf GTI 2005 ek159 209hö Ný vél ek18 ásett 2m. 100% ástand Verð 1.290þ 849-3012

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Renault Traffic 01/2007 Ekinn 200.000 km, nýupptekinn gírkassi, Skoðaður 15, dráttarbeysli. Uppl. í S: 697-3390

## Hjólhýsi



**HJÓLHÝSI ADORA 472 LU ÁRGERÐ 2012.**
Sem nýtt, aðeins notað í 4 stuttar ferðir. Vel útbúið og þar að auki fylgir aukabúnaður fyrir um 1,2 mkr, þ.m.t.: Keyrslumótor m/fjarst., markísa með 3 hliðum, stór sólarsella, TV og loftnet, Útvarp CD, 2 gaskútar o.fl. Tilboðsverð 3.9 mkr Uppl. í síma 771-2024

## Lyftarar



Jungheinrich rafmagnslyftari til sölu. Ný yfirfarinn með nýjum rafgeymi Lyftigeta 1,4 tonn Lyftihæð 5,2 m GSM 660 6050

## Bátar



**STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.**
**TILBOÐ ÓSKAST.**
DNG rúllur Viking 700 - dekkaður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Tilboð óskast . Uppl síma 696-1001

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



HYUNDAI IX35 GLS. Nýskr. 06/11, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.690.000.** Rnr.142051.



FORD Focus trend. Nýskr. 04/08, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.390.000.** Rnr.281605.



HYUNDAI Getz GLS. Nýskr. 06/08, ekinn 102 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.090.000.** Rnr.281475.



SUBARU Forester Plus. Nýskr. 03/08, ekinn 71 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.190.000.** Rnr.142035.



TOYOTA Previa. Nýskr. 06/04, ekinn 180 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.750.000.** Rnr.120313.



SUBARU Outback Wagon LUX. Nýskr. 03/11, ekinn 146 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.490.000.** Rnr.191295.



NISSAN Note Visia. Nýskr. 04/06, ekinn 102 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** Rnr.281551.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

# TILBOÐ

4BLS KIPPA ÚT :)

RSLUN LANDSINS HALLARMÚLA OG UNDIRHLÍÐ AKUREYRI

## FLEX

TRUE HD LED TOUCH HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

lenovo

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED 1366x768 fjölsnertiskjár
- 2GB AMD HD8570 DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps þráðlaust net, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 9 tímar
- Innbyggð 720p HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

LENOVO FLEX FRÁ 89.900

## V3-772G

FULL HD IPS SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI

54208G

NR9 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM ACER FARTÖLVUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

acer

- Intel Core i5-4200M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 17.3" FULL HD IPS skjár 1920x1080
- 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**169.900**

17" FULL HD LEIKJAFARTÖLVA

## V5-573G

7450121

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÚTLITSGÖLLUÐUM EINTÖKUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### KRAFTMIKIL ACER FARTÖLVA

Ein öflugasta og glæsilegasta fartölvan í dag með nýjasta Intel Haswell i7 Quad Core örgjörvanum og 4GB GT750M leikjaskjákorti.

- Intel Core i7-4500U 3.0GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Baklýst lyklaborð og stærri snertiflötur
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

4 SPEAKERS 10X 4.0 Bluetooth

acer

**169.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## LAUT

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF THONET & VANDER HLJÓÐKERFUM

RMS 60W HLJÓÐKERFI

### HÁGÆÐA 2.1 HLJÓÐKERFI

Glæsilegt og öflugt 2.1 hljóðkerfi samsett úr handvöldum hlutum með Lignin Polymer 6.5" bassakeilu og hárnákvæmum tweeterum sem skila afburða hljómgæðum.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 2.1 60W RMS, 40Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflug 6.5" segulvarin bassakeila
- Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
- 2xRCA stereo hljóð inngangar
- Hægt að stilla til Bass&Treble
- Frábært fyrir tónlist, leiki & kvikmyndir
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

THONET & VANDER state.of.the.art.sound

**13.930**

VERÐ ÁÐUR 19.900!

## CLOUDBOX

ÖLL ÞÍN GÖGN! 4TB HVAR OG HVENÆR SEM ER:)

LACIE

### 4TB TÖLVUSKÝ

- 4TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Sjálfvirk gagnafritun, Time Machine ofl.
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**39.900**

2TB 24.900 I 3TB 29.900

## PORSCHE

USB 3.0 10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

10% AFSLÁTTUR

LACIE

### 2TB USB 3.0 FLAKKARI

- 2TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**19.710**

3TB AÐEINS 26.910

## LEIKJAHEYRNARTÓL

SHOCK **9.990**

2 LITIR

## 8GB MINNISLYKILL

BLAZE B05 8GB **995**

16GB 1.990

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

32GB 3.990

Silicon Power

## 2TB HARÐDISKUR

ST2000 2TB **12.900**

3TB 19.900

1TB 9.990

4TB 29.900

Seagate

## 1TB PORSCHE USB3

P'9220 1TB **16.900**

500GB 12.900

1.5TB 19.900

LACIE

## SENNHEISER GÆÐI

HD 201 **3.690**

ENN BETRA VERÐ

SENNHEISER

## TURNKASSAR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF TURNKÖSSUM

## 2TB FERÐAFLAKKARI

BACKUP SLIM **24.900**

SEAGATE LEIÐANDI Í YFIR 30 ÁR!

Seagate

## 500GB STREAM USB3

S03 500GB **8.990**

1TB 12.900

AÐEINS 145gr

Silicon Power

GIGABYTE BenQ TÖLVUTEK

# PÁSKATILBOÐ

## AÐEINS Í NOKKRA DAGA FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

120GB SSD STYRIKERFISDISKUR

SKJÁ-FESTING FYLGIR

### GIGABYTE
**mini BRIX TÖLVUTILBOÐ A**

- GIGABYTE mini BRIX A8 borðtölva
- AMD A8-5545M Quad Core 2.7GHz TURBO
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 120GB SSD Atlas Deluxe mSATA3 diskur
- 2GB Radeon HD8510G DX11 skjákjarni
- 7.1 HD Dolby Pro Logic - HDMI / DP / SPDIF
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**119.900**

NÝ KYNSLÓÐ HEIMILISTÖLVA

TURBO 4.1GHz OFUR ÖFLUGT AMD ÖRGJÖRVA SKRÍMSLI

### GIGABYTE
**EXTRA TÖLVUTILBOÐ 3**

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- AMD A6-6400K Dual Core 4.1GHz Turbo
- GIGABYTE A88XM-DS2 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB Radeon HD8470D DX11 skjákjarni
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**

VINSÆLASTI TURNINN OKKAR:)

2X USB3 AÐ FRAMAN

NR9 PÁSKAEGG FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### GIGABYTE
**3D MONSTER TILBOÐ 2**

3D Monster 2 er ofur öflug Haswell leikjavél með öflugum 4ra kjarna Intel Core i5 örgjörva, öflugt leikjaskjákort og nýjasta G1.Sniper móðurborðið

- Thermaltake Urban S31 leikjaturn
- Intel Core i5-4670 Quad 3.8GHz Turbo 6MB
- GIGABYTE G1.Sniper B5 móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 7200RPM 64MB diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB GTX750 Ti leikjaskjákort PCI-E 3.0
- 7.1 Nichicon hágæða Gamers hljóðstýring
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.900**

HLAÐIN ALLRA NÝJUSTU TÆKNI

XL2411Z

144Hz 24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

GEFORCE 3D VISION READY

BenQ

## 24"3D
**144Hz 3D LED LEIKJASKJÁR**

Glæsilegur skjár fyrir þá kröfuhörðustu með yfirburði í hraða og gæðum með 144Hz 3D tækni ásamt LED baklýsingu sem tryggir einstaka litadýpt og upplifun í tölvuleikjaspilun.

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI, DVI-DL og VGA tengi
- UltraFlex upphækkanlegur fótur
- Þróaður og öflugur leikjahugbúnaður
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**59.900**

27" XL2720Z AÐEINS 99.900

GL2450

MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

BenQ

## 24"LED
**FULL HD SKJÁR**

- 24" LED FULL HD 1080p skjár 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**24.900**

SKJÁIR Á BETRA VERÐI:)

GL2760H

27" LED SKJÁR Á TILBOÐI TIL PÁSKA

BenQ

## 27"LED
**BENQ SKJÁR**

- 27" LED FULL HD 1080p skjár 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 2ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- HDMI HDCP, DVI og VGA D-SUB tengi
- SensEye3 tækni tryggir myndgæðin
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**39.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

BÆÐI BAKPOKI OG HLIÐARTASKA

**9.990**

LAN LEIKJATASKA

SAPHIRA

**7.990**

FRÁBÆR Í LEIKINA

ÚRVAL THERMALTAKE VÖKVAKÆLINGAR Í ÚRVALI

Performer 3.0

**14.900**

VÖKVAKÆLING

EW2440L

**49.900**

TRUE BLACK VA LED TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNNUR RAMMI

BenQ

ULTRA SLIM SKJÁR!

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI

TÖLVULEIKJA FATNAÐUR

2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

FORCE K3

**4.990**

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

GIGABYTE

LEIKJALYKLABORÐ

25% LÆKKUN VERÐ ÁÐUR KR. 19.900

Chronos LowProfile

**14.900**

240GB 24.900

120GB SSD DISKUR

GTX750Ti 2GB

**27.900**

1.11GHz OVERCLOCK

GTX750TI SKJÁKORT

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
10:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

2gja herb. íbúð óskast strax, í RVK. Skilvísar greiðslur nánari uppl. 7737677 661 0029

## Sumarbústaðir

**SUMARBÚSTAÐUR ÓSKAST**
Óska eftir sumarbústað í nágrenni við RVK ca. 100km radíus, helst við vatn. Skipti á íbúð koma til greina. Uppl. í s. 615 2527 eða skuli1@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast í fullt / hlutastarf á 10 Dropa kaffihús, helst með reynslu. Áhugasamir sendið umsókn á fanneyg@gmail.com f. 23. apríl.

**Sölufólk óskast!**
Hin árlega álfasala SÁÁ fer fram dagana 7 - 11. maí. SÁÁ auglýsir eftir sölufólki. Góð sölulaun eru í boði fyrir bæði einstaklinga og félagasamtök. Áhugasamir hafið samband við Hilmar í síma 824-7646 eða senda póst á hilmar@saa.is eða thorkell@saa.is



**STJÖRNUGRÍS HF. SALTVÍK KJALARNESI.**
Óskar eftir að ráða vanan úrbeiningamann og úrbeiningamenn til starfa. Nánari upplýsingar gefur Rögnvaldur Óli í síma 898 5990, milli kl. 14:00 og 16:00 virka daga. Umsóknir sendist á netfang, gudrun@svinvirkar.is fyrir 25.apríl 2014.



**STJÖRNUGRÍS HF. SALTVÍK KJALARNESI.**
Óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann til að sjá um lögun. Nánari upplýsingar gefur Rögnvaldur Óli í síma 898 5990, milli kl.14:00 og 16:00 virka daga. Umsóknir sendist á netfang, gudrun@svinvirkar.is fyrir 25.apríl 2014.

**MATREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST**
Viðkomandi mun taka þátt í að opna spennandi stað á einu flottasta horni Reykjavíkur.
**Áhugasamir sendið umsókn á helgitomas@gmail.com**

**BRÁÐ VANTAR VANAN MANN Á RÉTTINGAR OG MÁLNINGARVERKSTÆÐI Í KEFLAVÍK.**
Þarf helst að vera með réttindi og geta hafið störf sem fyrst, ath aðrir starfsmenn búa í Reykjavík svo auðvelt er sameinast í bíl.
**Uppl. í s. 8480170 Viðar og 8674818 Sóli.**

**ÞJÓNAR ÓSKAST**
Viðkomandi mun taka þátt í að opna spennandi stað á einu flottasta horni Reykjavíkur.
**Áhugasamir sendið umsókn með mynd á helgitomas@gmail.com**

**JÁRNIÐNAÐARMENN**
Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is**
**Merkt: Járniðnaðarmenn**

**BJÖRNSBAKARÍ-VESTURBÆ**
óskar eftir að ráða bakara og aðstoðarfólk í framleiðslu. Vinsamlega sendið svar á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is. eða í síma: 663-2268. Íslenskukunnátta skilyrði.

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir á staðnum eða í síma 544 5012 Sólning Smiðjuvegi 68-72

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ungleg og heit kona býður unaðsþjónustu. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130

Ung kona vill kynnast eldri manni. Tilbreyting. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8615.

Ung kona vill gera skemmtilega hluti með karlmanni. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl.nr. 8724.

Sjálf drottningin vill nudda þig. Rauða Torgið, 9005-2000 og 535-9920, augl. nr. 8549

46 ára kk vill kynnast kk í reglulegan hitting, verður að hafa aðstöðu. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8109.

Viltu láta þér líða vel? Aðstaða fyrir hendi. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8130.

## atvinna

**Skipaeftirlitsmaður** HB GRANDI
HB Grandi óskar eftir að ráða skipaeftirlitsmann í sumarafleysingar til að hafa umsjón með viðhaldi togara félagsins. Viðkomandi þarf að vera vélfræðingur eða hafa sambærilega menntun. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á póstfangið **torfi@hbgrandi.is**
Nánari upplýsingar gefur Gísli Jónmundsson í síma 858 1103 eða Guðmundur Hafsteinsson í síma 858 1122

**HB Grandi hf. óskar eftir að ráð gæðaeftirlitsmann** HB GRANDI
HB Grandi óskar eftir að ráða gæðaeftirlitsmann fyrir frysti-og ísfisktogara félagsins, en félagið gerir út þrjá frystitogara og fjóra ísfisktogara

**Starfið felur meðal annars í sér:**
- Úttekt á afurðum frystitogara
- Mat á gæðum og frágangi á fiski af ísfisktogurum
- Kennsla um borð í meðferð afla og vinnslu
- Innleiðing og viðhald á gæðakerfum
- Ýmis tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sjómennsku
- Færni í helstu tölvuforritum
- Ensku kunnátta
- Mjög góðir samskipta hæfileikar
- Háskólapróf kostur en er ekki nauðsyn

Umsóknir skal senda á póstfangið **torfi@hbgrandi.is**
Nánari upplýsingar gefur Torfi Þ. Þorsteinsson í síma 858 1140 eða Birkir Hrannar Hjálmarsson í síma 858 1101

## fasteignir

**220 Hafnarfjörður** **Skipalón**





Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Glæsileg íbúð á annarri hæð
- Stæði í bílageymslu
- Mikið sjávar útsýni, Snæfellsjökull
- Opið eldhús og fallegar stofur
- Útgengi út á tvennar svalir úr stofu



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **45,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**LAUGARDAGURINN 12. APRÍL**
13:50 SUNDERLAND - EVERTON
13:50 STOKE CITY - NEWCASTLE
16:00 WIGAN - ARSENAL
*FLEIRI LEIKIR Í BOÐI*
**SUNNUDAGURINN 13. APRÍL**
12:30 LIVERPOOL - MAN. CITY
15:00 SWANSEA CITY - CHELSEA



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## MERKISATBURÐIR

**217** Macrinus verður keisari Rómar.

**1700** Hvergi er messað á landinu þó páskadagur sé vegna mikillar snjókomu á norðan. Veturinn er því kallaður páskavetur.



**1909** Ungmennafélagið Afturelding er stofnað í Mosfellsbæ.

**1912** Mánaðarlöngu verkfalli kvenna í fiskverkun í Hafnarfirði lýkur með samningum. Þetta var fyrsta verkfall kvenna á Íslandi og jafnvel fyrsta skipulagða verkfallið.

**1915 Kvikmyndin Flækingurinn með Charlie Chaplin er frumsýnd.**

**1920** Sveinafélag járniðnaðarmanna er stofnað en stuttu seinna er nafninu breytt í Félag járniðnaðarmanna.

**1945** Stefánskirkjan í Vínarborg brennur.

**1959** Rannveig Þorsteinsdóttir fær rétt til þess að flytja mál fyrir Hæstarétti fyrst kvenna.

**1961 Bob Dylan kemur fyrst fram í New York-borg.**

**1970** Minkarækt hefst að nýju á Íslandi.

**1979** Idi Amin, einræðisherra í Úganda, er steypt af stóli.



---

†

Stjúpfaðir okkar og fósturfaðir,

**EINAR ANDRÉS EINARSSON**
**frá Skálará í Keldudal, Dýrafirði, síðast til heimilis að Grýtubakka 6,**

lést á Vífilsstöðum 9. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.00.



**Edda Björgmundsdóttir**
**Bragi Björgmundsson**
**Einar Már Gunnarsson**
**og fjölskyldur.**

---

†

Móðir okkar, dóttir, systir og frænka,

**GUÐRÍÐUR BJÖRG GUNNARSDÓTTIR**

lést í Reykjavík 1. mars síðastliðinn. Bálför hefur þegar farið fram.



**Aðstandendur.**

---




---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

**ÞETTA GERÐIST** 11. APRÍL 1921

# Furstadæmið Transjórdanía stofnað

Á þessum degi árið 1921 viðurkenndu Bretar stofnun furstadæmisins Transjórdaníu. Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar hafði svæðinu í kring um Transjórdaníu verið komið undir stjórn Breta en Frakkar höfðu völdin í Sýrlandi. Eftir að arabar innan landsvæðis Transjórdaníu höfðu reynt að safna saman her til að ráðast á Frakka samþykktu Bretar að leyfa leiðtoga herdeildanna, Abdúllah íbn Hussein, að stofna furstadæmið Transjórdaníu. Furstadæmið náði í grófum dráttum yfir landsvæði Palestínu og Ísraels.

Hið nýstofnaða ríki var undir hælnum á Bretum og treysti mjög á fjárstuðning frá þeim. Árið 1946 breyttist Transjórdanía í konungdæmi og Abdúllah lýsti sjálfan sig konung. Árið 1949 var ný stjórnarskrá samþykkt og var ríkið um leið nefnt Jórdanía og heitir það enn í dag. Eftir stríðið sem braust út í kjölfar stofnunar Ísraelsríkis minnkaði Transjórdanía töluvert en hélt landsvæðinu sem kennt er við Vesturbakkann.

Árið 1951 var Abdúllah konungur myrtur á hrottafenginn hátt fyrir utan Al-Aksa-moskuna í Jerúsalem þar sem hann gekk til bæna. Með í för var sonarsonur hans, Hussein, sem horfði upp á afa sinn deyja á tröppum moskunnar. Hussein tók við konungstigninni í kjölfarið og var konungur til ársins 1999 þegar hann lést.



---



**FJÖLBREYTT HÁTÍÐ** Íris Stefanía Skúladóttir er framkvæmdastýra hátíðarinnar Listar án landamæra þar sem sérstök áhersla er lögð á blinda og sjónskerta í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ört stækkandi hátíð

Hátíðin List án landamæra hefst í dag og stendur til 25. maí. Fjölbreytt dagskrá er á boðstólum þar sem myndlist skipar stóran sess. Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastýra hátíðarinnar, segir skemmtilegar vikur framundan.

„Hátíðin í ár er svipuð að stærð og í fyrra en hún hefur farið ört stækkandi síðan árið 2003," segir Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastýra hátíðarinnar Listar án landamæra sem er sett í ellefta sinn í dag. Borgarstjórinn Jón Gnarr setur hátíðina í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17.30 í dag þar sem fjöldinn allur af listamönnum mun troða upp og sýna verk sín. Hátíðin stendur til 25. maí með fjölbreyttri dagskrá víðs vegar um landið en einn verkefnastjóri hefur séð um að skipuleggja viðburði í hverjum landsfjórðungi í samstarfi við heimamenn. „Það er leiklist, tónlist og mikið af myndlist á dagskránni og er mikil áhersla lögð á skemmtilegar leiðir í uppsetningu listar," segir Íris sem sér fram á viðburðaríkar vikur.

List án landamæra er hátíð fjölbreytileikans og auðugs samfélags. Hátíðin er ekki stofnun heldur grasrótarsamtök og var fyrst skipulögð af Friðriki Sigurðssyni, formanni Þroskahjálpar sem nú er verndari hátíðarinnar. Markmið hennar er að bæta aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífinu auk þess að brjóta niður múra á milli fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

Sérstök áhersla er lögð á blinda og sjónskerta í ár og það hvernig þeir geta iðkað list og notið hennar. Til dæmis verður fjölskyldusýningin Hamlet litli í Borgarleikhúsinu, fyrst allra leiksýninga á Íslandi sýnd bæði með sjónlýsingum og táknmálstúlkun í einu. Boðið verður upp á heyrnartól með sjónlýsingum og verða leikarar túlkaðir með skuggatúlkun, einn túlkur á hvern leikara. „Þetta er ákveðið frumkvöðlaverkefni sem við erum mjög spennt að sjá hvernig til tekst."

Nánari dagskrá hátíðarinnar Listar án landamæra má finna á heimasíðunni Listin.is.

alfrun@frettabladid.is

### LISTAMAÐUR HÁTÍÐARINNAR 2014

Listamaður hátíðarinnar í ár er Sigrún Huld Hrafnsdóttir myndlistarkona og fyrrverandi ólympíumeistari í sundi. Sigrún Huld hóf að leggja stund á myndlist fyrir alvöru árið 1997 og málaði þá mest með pastellitum en í dag notar hún jöfnum höndum pastel-, akríl- og vatnsliti. Listakonan málar helst hús, tré, fjöll og dýr en hugmyndirnar fær hún úr sínu nánasta umhverfi, það sem ber fyrir augu hverju sinni. Sigrún Huld mun sýna verk sín í Listasal Mosfellsbæjar en einnig mun hún vinna verk með Söru Riel sem sýnt verður á Kjarvalsstöðum og verður hluti af uppboði til styrktar List án landamæra.

---

# Tilraunir með ljós og rými

Jóhanna Helga Þorkelsdóttir opnar sýninguna Glit í Galleríi Þoku á morgun.

Jóhanna Helga Þorkelsdóttir opnar sýninguna Glit í Galleríi Þoku á morgun. Tilraunir með samspil ljóss og rýmis hafa verið Jóhönnu Helgu hugleikið viðfangsefni og heldur hún þeim tilraunum áfram í einkasýningunni Gliti.

Jóhanna hefur áhuga á náttúrulegri fegurð, samræmi og heilandi eiginleikum í umhverfinu og er meðvituð um hvernig áhrif þessara þátta koma fram í hugum fólks. Undir það fellur sólarljósið en það er alltaf á leiðinni eitthvert og stoppar stutt við á hverjum stað er það teiknar sér leið í gegnum tímann. Listakonan tekur tengsl okkar við ljós og náttúru til skoðunar en einnig reynslu okkar af náttúrunni og miðlar hún þeirri athugun með verkum sínum.

Sýningin samanstendur af ljósinnsetningu þar sem margir fletir gallerísins hafa verið gerðir að einum stórum skjá. Sýndarsólarljós ferðast um í rýminu líkt og inn um glugga. Með því að líkja eftir sólarljósinu er listakonan að gera tilraun til að njóta þess lengur. Hún leitast við að virkja næma undirmeðvitund áhorfandans og hafa áhrif á væntingar hans, sem þar af leiðandi opnar mögulega fyrir óljósum minningum og hugrenningatengslum.



**LJÓS OG RÝMI** Jóhanna Helga Þorkelsdóttir opnar sýninguna Glit á morgun.

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

# MASSIVE ATTACK [UK]

**KYNNUM MEÐ STOLTI 50+ NÝ TÓNLISTARATRIÐI:**

## SCHOOLBOY Q [US] BANKS [US]

THE 2 BEARS [UK] ROB DA BANK [UK] XXX ROTTWEILER [IS]

MOLOTOV JUKEBOX [UK] GÍSLI PÁLMI [IS] DOORLY [UK] HE [IS]

GLUTEUS MAXIMUS [IS] KALEO [IS] EMMSJÉ GAUTI [IS]

ÚLFUR ÚLFUR [IS] TINY [IS] TRUE TIGER [UK] ELIPHINO [UK]

PALEMAN [UK] BENTON [UK] MONKEY WRENCH [UK] SPOILS [UK] MARGEIR [IS]

EXOS [IS] BARELY LEGAL [UK] AMY BECKER [UK] JAMIE LEWIS [UK] DISA [IS]

STATE UNKNOWN [UK] HEROES IN HIDING [IRE] RUM BUFFALO [UK] RAMI ALI [UK]

BENNI B-RUFF [IS] SHADES OF REYKJAVIK [IS] CONTROLFREQS [US]

REYKJAVÍKURDÆTUR [IS] OPEN SOURCE [IS] KÖTT GRÁ PJE [IS]

CENTURY [MEX] LEX LUCA [UK] VIKTOR BIRGIS [IS] THANK U J DILLA [IS] LORD PUSSWHIP [IS] MARTEINN [IS]

PETTRO [MEX] KRISTIAN KJÖLLER [DK] JOHNNY AND THE REST [IS] MAFAMA [IS] HYMNA LAYA [IS]

RUNAR THORISSON [IS] DJ HENDRIK [IS] LAGAFFE TALES [IS] KERR [IS] KSF [IS] MICRO PONY [IS] VRONG [IS]

**MIÐASALA Á www.SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS**

wow air FOUNDING SPONSOR · ICELANDIC GLACIAL · 365 · Budget · 66° NORTH · the warehouse project


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
25 ára
Við eigum afmæli í apríl
BÓNUS 25 ára
BÓNUS 1989 - 2014
25 ára BÓNUS 1kg
Gleðilega páska
Til hamingju!
Þú hefur unnið
10.000 kr.
GJAFAKORT
Upplýsingar á skrifstofu Bónus í síma 527 9000.
1998 kr. 1 kg.
Leynist glaðningur?
Leynist glaðningur í Bónus 1 kg. egginu þínu ?
100 stk. af 10.000 kr. úttektarkorti í Bónus
eða 25 stk. Dolse Gusto kaffivélar
1098 krónur kg.
Bónus Grísahnakkafillet
1298 krónur kg.
Bónus Grísahryggur úrb.
Ali Grísakjöt
698 kr. kg.
Ali Grísahakk ferskt
FRÁBÆRT VERÐ Beinlaus biti
1298 krónur kg.
Ali Grísakótilettur / úrb.
198 kr. 4 stk.
Bónus Kringlur mjúkar
398 kr. 4 stk.
Bónus Lágkolvetna rúnstykki
359 kr. 15 stk.
Bónus Kleinur 15 stk.
598 kr. kg.
Bónus grísabógur ferskur
BAYONNE
1198 krónur kg.
ALI Bayonne-skinka
NÝ REYKT 1.FLOKKUR
Feti
339 kr 250g
Bónus Feti kryddolía/m. olífum
BÓNUS PIZZABLANDA
198 kr 200g
Bónus rifin Pizza-ostablanda
30% AFSLÁTTUR
Nóa konfekt 630g
FYLLTIR MOLAR
1259 kr. 630g
Verð áður kr. 1798
BÓNUS KAFFI
359 kr 500g.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS
UM PÁSKAHELGINA
Sjá nánar á www.bonus.is
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159 kr 4 stk.
Merrild MALAÐ KAFFI
5.000 PAKKAR Í BOÐI
579 kr. 500g
GLEÐILEGA PÁSKA NÓI SÍRÍUS
689 kr. 150g
1298 kr. 520g
120 gramma hamborgari í brauði aðeins 200 KR
1598 kr 10 stk. 120g
KJARNAFÆÐI Frosnir nautgripaborgarar 120g
BÓNUS XL hamborgarabrauð
Honey Cheerios
10.000 PAKKAR Í BOÐI
598 krónur 565g
Cheerios
10.000 PAKKAR Í BOÐI
498 krónur 518g
Cocoa Puffs
10.000 PAKKAR Í BOÐI
498 krónur 465g
998 krónur bakkinn
Bónus Hamborgarhryggur
1259 krónur kg.
Vanillu ís 2
2 LTR.
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
Súkkulaði ís 2
359 krónur 2 ltr.
BÓNUS
198 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
179 kr. 600g
Bónus 3ja kornabrauð 600g
159 kr 5 stk.
359 kr 10 stk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk
& Pylsur 10 stk 485g
Coca-Cola
198 kr. 1.5 ltr.
6 FYRIR 4
792 sex flöskur
25 ára BÓNUS
ÞÚ KAUPIR FJÓRAR 2L PEPSI & FÆRÐ TVÆR 2L FRÍTT MEÐ
398 kr. 125g
BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g
Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30



2 | KL. 19:45

**Spurningabomban**

Logi Bergmann fær til sín frábæra gesti í þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

2 | KL. 19:20

**The Simpsons**

Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



2 | KL. 20:35

**Men In Black 3**

Bráðskemmtileg ævintýramynd með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00

**The Last Stand**

Spennumynd með Arnold Schwarzenegger, Forest Whitaker og Johnny Knoxville í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:15

**Community**

Önnur gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindi sín og neyðist til að setjast á skólabekk á ný.



3 | KL. 20:35

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| 9 | | | | | 7 | | | 3 |
| | 5 | | 8 | 2 | | | | |
| 4 | | | 6 | 8 | | | | |
| | | 1 | 5 | | | | 7 | 8 |
| 5 | 3 | | | | 4 | | | |
| 7 | 9 | | | | 2 | | | 4 |
| | | | 3 | 9 | | 2 | 1 | |
| | 2 | 5 | | | | 3 | | 9 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 4 | 3 | 8 | | 2 | | |
| 5 | | | 4 | | | | | |
| | 8 | | | 1 | | 4 | | |
| | | | | | 7 | 3 | 6 | |
| | | 2 | 1 | | | | 7 | |
| | | 1 | 5 | | 3 | | | |
| 4 | | | | | 9 | | | |
| | | 7 | | 2 | | 6 | 3 | |
| | | | | 5 | | 9 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | 9 | | 3 | |
| 1 | 9 | 2 | | | | | 7 | |
| | | | 7 | 8 | | | 5 | 2 |
| | 8 | | 6 | | | | 1 | |
| 3 | 6 | 7 | 4 | | | | | |
| | | | 5 | 3 | 7 | | | 8 |
| | | | | | 5 | 1 | | |
| 2 | | | | | | | | 6 |
| 6 | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 8 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 7 |
| 5 | 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 6 | 5 | 3 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 2 | 6 | 7 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 3 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 1 | 6 | 9 | 5 | 8 | 7 | 3 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 6 | 9 | 3 | 2 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 2 | 8 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef þú vilt fara eitthvert er betra að finna einhvern sem hefur komið þangað.“

*Robert Kiyosaki*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** svari, **6.** klaki, **8.** tré, **9.** gæfa, **11.** mun, **12.** bani, **14.** einkennis, **16.** frú, **17.** aldur, **18.** hluti verkfæris, **20.** tveir eins, **21.** skott.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** átt, **4.** eyja, **5.** svelg, **7.** hugarró, **10.** svívirðing, **13.** spor, **15.** þekking, **16.** drulla, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ansi, **6.** ís, **8.** við, **9.** lán, **11.** ku, **12.** ólífi, **14.** aðals, **16.** fr, **17.** rek, **18.** orf, **20.** yy, **21.** rófa.

**LÓÐRÉTT: 1.** kíló, **3.** nv, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** sálarró, **10.** níð, **13.** far, **15.** skyn, **16.** for, **19.** ff.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ólafur Gísli Jónsson (1.890) vann laglegan sigur á Kristjáni Halldórssyni (1.861) í 4. umferð Skákmóts öðlinga.**

**Hvítur á leik:**



**31. Re7! Bxe7?** (31.…gxh5 32. Df5+ Kh8 33. Rxg8 Kxg8 34. Dg6+ Kh8 35. Bxf7) **32. Hxh6+!** Svartur gafst upp þar sem hann er mát eftir 32.…Kxh6 33. Dh4#. Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir, Ögmundur Kristinsson og Sævar Bjarnason eru efst á mótinu.

**www.skak.is:** Sterkasta Íslandsmót sögunnar.

# AÐEINS 100 TÖLVUR !

## EINSTAKT VERÐ Á BLEIKRI 15,6“ FARTÖLVU BEINT FRÁ VERKSMIÐJUM ASUS !

**Sem umboðsaðilar Asus á Íslandi fáum við stundum ótrúleg sértilboð á mjög lítið útlitsgölluðum og umbúðarlausum tölvum beint úr verksmiðjum þeirra. Í þetta skipti er það fallega bleik 15,6“ fartölva með sprækum Intel Pentium örgjörva.**




15,6“

# SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ

# 69.990

ASUS ASU-X502CAHPD1104KP

**Fallega bleik og glæsilega hönnuð 15,6“ fartölva með burstaðri áferð. Intel Pentium örgjörvi og Intel HD sambyggt skjákort. Hljóðlátur 500GB harður diskur og 4GB vinnsluminni. USB3 tengi fyrir allt að tífaldan gagnaflutningshraða við yfirfærslu gagna. HDMI til að tengja við sjónvarp eða hljómtæki fyrir bestu mynd og hljómgæði. Innbyggð HD myndavél í skjá. Windows 8 stýrikerfi.**

**Takmarkað magn**
Einstaka sinnum bjóðast okkur ótrúleg verð á verksmiðjutölvum frá framleiðendum. Yfirleitt er um að ræða tölvur úr framleiðslulínu þeirra eða sýnishorn – kallast refurbished á ensku. Fartölvurnar frá Asus koma þaulprófaðar en því miður í takmörkuðu magni.

**Asus gæði sem borga sig**
Asus er einn stærsti virtasti tölvuframleiðandi heims. Tölvulistinn hefur selt Asus fartölvur um margra ára skeið við mikla ánægju viðskiptavina vegna lágrar bilanatíðni og glæsilegrar hönnunar.

**Intel Pentium örgjörvi**
Sprækur Intel Pentium örgjörvi sem tryggir viðunandi vinnsluhraða fyrir verkefni dagsins. Sambyggt Intel HD Graphics skjákort.

**Glæsilega bleik á litinn**
Skemmtilega hönnuð í fallega bleikum lit með burstaðri áferð. Stórt og þægilegt chicklet lyklaborð með bili milli takka gerir áslátt léttari og hraðvirkari.

**Ótal tengimöguleikar**
Með því að tengja tölvuna með HDMI við stórt sjónvarp er hægt að vinna í tölvunni á risaskjá í frábærum gæðum. Einnig USB3 tengi með margföldum gagnaflutningshraða í samanburði við USB2.

**Mikill sparnaður**
Sambærileg bleik fartölva kostar að lágmarki kr. 100.000 ný úr kassanum. Það felst mikill sparnaður að sætta sig við að hún komi umbúðalaus og mögulega með smávægilegum útlitsgöllum.

**2 ára traust ábyrgð**
Tölvulistinn hefur rekið viðgerðarverkstæði í 20 ár. Þrátt fyrir að tölvan sé refurbished þá gildir vissulega á henni full ábyrgð í tvö ár sem hægt er að treysta.

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

tl.is
TÖLVULISTINN

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **EGILSSTAÐIR** | **KEFLAVÍK** | **SELFOSS** | **AKRANES** | **HAFNARFJÖRÐUR** |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |



**PÍANISTINN** „Mörg lög hafa lifað um aldir,“ segir Ástvaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Erfði sálmabók ömmu sinnar

„Þetta eru sálmar sem ég hef verið að spila og útsetja og gaf út á plötunni Hymnasýn 2011,“ segir Ástvaldur Traustason píanisti um tónleika sína norðan heiða um helgina. Hann verður í Dalvíkurkirkju klukkan 17 á laugardag og í Akureyrarkirkju klukkan 16 á sunnudag. „Ég hafði samband við kirkjurnar fyrir norðan og það var auðsótt mál að fá að flytja efnið þar. Ég hlakka til. Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer út fyrir borgarmörkin þeirra erinda.“

Ástvaldur er búddaprestur og segir það eflaust þykja skrítið að hann spili kristna sálma í kirkjum í djassútsetningum. „Þetta er svolítið skitsó,“ viðurkennir hann en hvernig kom þetta til?

„Ég erfði sálmasöngbók eftir ömmu mína. Segja má að ég hafi bara rétt snert yfirborðið því efnið er svo mikið að það fór langur tími í að velja úr því. Það er ótrúlegt hvað sálmaarfurinn okkar er sterkur, mörg falleg lög hafa lifað með þjóðinni um aldir.

Spurður hvort hann leiki þekkta sálma á tónleikunum svarar Ástvaldur: „Sumir eru vel þekktir, til dæmis Víst ertu, Jesú, kóngur klár. Svo er ég með þrjá samtímasálma við lög eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem lést fyrir rúmu ári. Mig langaði að gera honum svolítið hátt undir höfði.“ -gun

# Þetta var draumaverkefni

**Freydís Kristjánsdóttir teiknari beitti pennastöng og bleki upp á gamla mátann við myndirnar sem prýða nýja útgáfu Heims af Íslenskum þjóðsögum. Myndin Móðir mín í kví kví var henni einna erfiðust.**

„Þetta var eiginlega draumaverkefni. Allt sem lýtur að þjóðlegum fróðleik, þjóðsögum og fornsögum finnst mér frábært að vinna með,“ segir Freydís Kristjánsdóttir teiknari um myndir sínar í bókinni Íslenskum þjóðsögum sem er nýkomin út.

Hún kveðst hafa fengið verkefnið í hendur síðastliðið sumar og afgangurinn af því ári hafi farið í skissuvinnu. „Ég byrjaði ekki að fullvinna myndirnar fyrr en núna um áramótin. Þetta var törn, heljarmikil törn,“ viðurkennir hún.



**FREYDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

Skyldi hún gera myndirnar í tölvu? „Ég hef alltaf teiknaðar myndir í grunninn. Í þetta skipti var ég með pennastöng og blek og svo vann ég þær áfram í tölvunni, skerpti þær, lagfærði og bætti við.“

*Notaðir þú pennastöng eins og fólk skrifaði með í gamla daga?*

„Já, ég iðkaði það svolítið á 10. áratugnum en lagði það á hilluna og hef ekki notað þá aðferð lengi. Hún er tímafrek og oft er eitthvað annað sem hentar betur í stíl. En útgefendurnir voru að leita að gömlu yfirbragði og pennastöngin og blekið hentuðu vel fyrir það útlit. Við urðum sammála um að draga það fram og mér fannst það mjög skemmtilegt,“ segir Freydís og kveðst hafa verið í nánu samstarfi við feðgana Jóhannes Benediktsson og Benedikt Jóhannesson sem gefa bókina út. „Þeir skoðuðu allar skissur og við köstuðum boltanum á milli. Það er svolítið óvenjulegt fyrir mig en gafst vel. Ég hugsa að margar myndanna hafi orðið betri fyrir vikið.“



**KUNNUGLEGT EFNI** Svona sér Freydís Búkollu fyrir sér.



**SÚ ERFIÐASTA** Móðir mín í kví kví krafðist yfirlegu.

*En var einhver ein mynd erfiðari en önnur?*

„Já, myndin af móður minni í kví kví var ansi snúin og krafðist talsverðrar yfirlegu.“

Freydís segir eitt og annað í pípunum fyrir sumarið. „Ég myndskreytti bók í fyrrasumar sem heitir Tröllastrákurinn og er eftir Sirrý. Nú er ég að bíða eftir framhaldinu.“

Spurð í lokin nánar út í starf teiknarans svarar hún: „Það er misskemmtilegt, stundum hálfeinmanalegt, en þetta þjóðsagnaverkefni var sérstakt því að þar var um mikla samvinnu að ræða.“

gun@frettabladid.is

> **Útgefendurnir voru að leita að gömlu yfirbragði og pennastöngin og blekið hentuðu vel fyrir það útlit.**



# Lengi dreymt um að vinna með Bergþóri

Bergþór Pálsson mun í hádeginu í dag syngja ljóð þekktra skálda við lög Sunnu Gunnlaugsdóttur í Háteigskirkju. Sunna segist lengi hafa átt sér þann draum að vinna með Bergþóri og segir aldrei að vita nema verkefnið vindi upp á sig.

„Mig hefur lengi langað til að gera eitthvað með Bergþóri og ég greip tækifærið núna,“ segir Sunna Gunnlaugsdóttir djasspíanisti sem í hádeginu í dag heldur tónleika í Háteigskirkju ásamt Bergþóri Pálssyni. „Upphaflega var tríóið mitt bókað á þessa tónleika, en svo þurfti bassaleikarinn að fara til Austurríkis og þá ákvað ég að láta þennan draum um að vinna með Bergþóri rætast.“

Á tónleikunum flytja þau tónsmíðar Sunnu við ljóð eftir Tómas Guðmundsson, Óskar Árna Óskarsson og Nínu Björk Árnadóttur. Tvö verkanna eru óútgefin en önnur er að finna á hljómdiski Sunnu, Fagra veröld, sem kom út árið 2002. „Kristjana Stefánsdóttir söng lögin á þeirri plötu,“ segir Sunna. „En það eru þarna lög við tvö ljóð eftir Tómas Guðmundsson sem henta betur fyrir karlsöngvara. Svo eru nýju lögin tvö við ljóð eftir Óskar Árna og Nínu Björk.“

Sunna segist ekki hafa gert mjög mikið af því að semja lög við ljóð þekktra skálda og vildi gjarna gera meira af því. „Ég gerði það fyrir þessa plötu, Fögru veröld, en ég hef ekki lagt mikla rækt við þetta síðan. Samt hef ég mjög gaman af því að semja lög við ljóð annarra og kannski nýti ég tækifærið núna með Bergþóri til að gera þetta að stærra verkefni.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 í dag og taka um hálfa klukkustund.

fridrikab@frettabladid.is



**Kannski nýti ég tækifærið núna með Bergþóri til að gera þetta að stærra verkefni.**

**TÓNSKÁLDIÐ** Sunna segist vel geta hugsað sér að gera meira af því að semja lög við ljóð þekktra skálda. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON









# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**11. APRÍL 2014**

### Leiklist

**20.00** Dagbók jazzsöngvarans er saga um samhengi kynslóða. Hvernig sársauki einnar kynslóðar flyst yfir á þá næstu. Hvernig sársaukakeðjan slitnar ekki nema hún sé rofin. Þetta er saga um baráttu við ósýnilegt mein, um ást, missi, vináttu og ekki síst þakklæti. Sýningin er sett upp af Common Nonsense í samstarfi við Borgarleikhúsið en það samstarf gat af sér Tengdó sem fékk Grímuna sem sýning ársins 2012 og sópaði til sín helstu verðlaunum hátíðarinnar það árið. Sýningin fer fram á Nýja sviðinu B klukkan 20.00.

### Ópera

**20.00** Skáldið og biskupsdóttirin er ný ópera í konsertuppfærslu. Óperan verður sýnd í Hallgrímskirkju, Saurbæ í Hvalfirði. Tónlistin er eftir Alexöndru Chernyshovu. Einsöngvarar eru Kristján Jóhannsson, Eiríkur Hreinn Helgason, Alexandra Chernyshova, Elsa Waage, Egill Árni Pálsson, Þorgerður Sól Ívarsdóttir, Ísabella Dagrún Leifsdóttir, Hanna Þóra Guðbrandsdóttir, Margrét Einarsdóttir og Þórhallur Barðason. Sögumaður og leikstjóri er Guðrún Ásmundsdóttir. Óperan hefst klukkan 20.00.

### Sýningar

**17.00** Inga Birgisdóttir opnar sýninguna Mixtúrur í Mengi í dag klukkan 17.00. Á sýningunni sýnir Inga pennateikningar sem sækja innblástur sinn í kafla um heilsu og lyf í bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili um Íslenska þjóðhætti.

**18.00** Í dag klukkan 18.00 sýna feðgarnir Úlfur Björnsson og Björn Ingvarsson myndir sem teknar voru á Austurströnd Grænlands 2012. Sýningin stendur til 1. maí og fer fram í Sláturhúsinu Menningarhús, Kaupvangi 7 á Egilsstöðum.

### Umræður

**20.00** Úrslit í Mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólana á Íslandi eða MORFÍs fara fram í kvöld þar sem lið Menntaskólans við Sund mætir Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Keppnin fer fram í Háskólabíói og hefst hún klukkan 20.00.

### Tónlist

**12.00** Á hádegistónleikum í Háteigskirkju í dag mun djasspíanistinn Sunna Gunnlaugs fá til liðs við sig Bergþór Pálsson söngvara. Þau ætla að flytja tónsmíðar Sunnu við ljóð meðal annars eftir Tómas Guðmundsson, Óskar Árna Óskarsson og Nínu Björk Árnadóttur. Tvö verkanna eru óútgefin en önnur er að finna á hljómdiski Sunnu, Fagra veröld, sem kom út árið 2002. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.00 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**18.00** Tectonics-tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands með nýrri tónlist undir listrænni stjórn Ilans Volkov verður haldin í þriðja sinn. Sérstök áhersla á hátíðinni í ár verður lögð á íslenska tónlist með ný íslensk verk og nýja íslenska hljómsveitartónlist í forgrunni þar sem samstarf ólíkra tónlistarmanna úr ýmsum geirum kristallast. Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Charles Ross, Valgeir Sigurðsson, Kjartan Sveinsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Bergrúnu Snæbjörnsdóttur. Hátíðin fer fram í Hörpu og hefst klukkan 18.00.

**20.00** Barítónsöngvarinn Jón Leifsson og píanóleikarinn Tómas Guðni Eggertsson verða með klassíska tónleika í bland við ljóð og sönglög. Jón stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík og lauk burtfararprófi þaðan vorið 2005. Kennarar hans þar voru Eiður Á. Gunnarsson, Bergþór Pálsson og Hólmfríður Sigurðardóttir. Hann hefur sótt Masterclass hjá Kristni Sigmundssyni, David Jones, Elisabetu Meyer-Topsoe, Robert Stapleton og Kiri Te Kanawa og hlotnaðist sá heiður að syngja á tónleikum hennar haustið 2005. Hann hefur tekið þátt í allmörgum óperum með kór Íslensku óperunnar og söng hlutverk herforingja í Rakaranum í Sevilla eftir Rossini og þjóns Macbeths í samnefndri óperu eftir Verdi í Íslensku óperunni. Jón er í kjarnakór Íslensku óperunnar og hefur tekið þátt í öllum uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og fara fram í Salnum í Kópavogi.

**20.00** Friðrik Ómar syngur sálma og saknaðarsöngva í Húsavíkurkirkju í kvöld klukkan 20.30. Húsið verður opnað klukkan 20.00 og er miðasala við innganginn. Miðaverð 2.500 krónur.

**21.00** Hljómsveitin The Roulette verður með tónleika á Bar 11 í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 21.00 og aðgangur er ókeypis.

**21.00** Sin Fang er Sindri Már Sigfússon, á tyllidögum nýtur Sindri líka fulltingis ofurhljómsveitar sem skipuð er nokkrum af reyndustu jálkum senunnar. Sindri treystir þó einnig á sjálfan sig og sinn tækjakost en á tónleikunum í Mengi munu tveir ásláttarleikarar styðja þessa eins manns súpergrúppu. Aðgangseyrir 2.000 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00.

**21.35** Dillon-partí af gamla og nýja skólanum. Hljómsveitirnar Elín Helena, Morgan Kane og Pungsig koma fram á Dillon í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.35.

**22.00** Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar, með Pálma Gunnarssyni og KK, heldur tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg í kvöld klukkan 22.00, aðgangseyrir 2.000 krónur.

**23.00** Ingvar Grétarsson og gestir skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld klukkan 23.00. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Klukkan 20.00 í kvöld heldur Halldór Haraldsson fyrirlestur um þróun lífsins, þróun mannsins og innri gerð mannsins í húsi Lífspekifélagsins í Ingólfsstræti 22. Þetta er þriðji fyrirlestur í röð fyrirlestra í apríl um lífspekilegar kenningar.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**GAMAN SAMAN** Lið Flensborgarskólans í Hafnarfirði er hér í góðum gír.



**SVARTHVÍT OG SIGURVISS** Lið Menntaskólans við Sund í miklu stuði.

## MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

**Lið MS sigraði ME, FS, ML og Verzló á leið sinni í úrslitin.**

| | |
|---|---|
| Liðsstjóri | **Arnar Snær Magnússon** |
| Frummælandi | **Telma Sif Reynisdóttir** |
| Meðmælandi | **Elísa Líf Ingvarsdóttir** |
| Stuðningsmaður | **Sædís Ýr Jónasdóttir** |

## FLENSBORGARSKÓLINN

**Flensborgarliðið sigraði MK, FB og MA á leið sinni í úrslitin.**

| | |
|---|---|
| Liðsstjóri | **Aron Kristján Sigurjónsson** |
| Frummælandi | **Jón Gunnar Vopnfjörð Ingólfsson** |
| Meðmælandi | **Magni Sigurðsson** |
| Stuðningsmaður | **Katrín Ósk Ásgeirsdóttir** |

# Úrslitin í Morfís ráðast

Menntaskólinn við Sund og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði keppa í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna í kvöld. Mikil stemning er fyrir keppninni.

Úrslitin í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna fer fram í kvöld í Háskólabíói en þar mætast Menntaskólinn við Sund og Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. Í úrslitunum er umræðuefnið „Vopnaður friður?“ MS er með og Flensborg er á móti. Fréttablaðið skellti símtali á liðsstjóra beggja liða til að kanna hvernig stemningin væri fyrir úrslitunum. „Við erum í úrslitum annað árið í röð og höfum trú á okkur en vanmetum þó ekki andstæðinginn,“ segir Aron Kristján Sigurjónsson, liðsstjóri Flensborgarskóla, spurður um stemninguna fyrir úrslitunum.

„Okkur þykir það alls ekkert stressandi að Flensborg hafi farið í úrslitin á síðasta ári því við höfum þrisvar farið í úrslit á síðustu fimm árum. Við vitum að þetta eru krakkar sem kunna að keppa í Morfís og erum mjög spennt,“ segir Arnar Snær Magnússon, liðsstjóri MS, um stemninguna fyrir úrslitunum.

Hvað ætla liðin að gera á úrslitadeginum? „Ræðumennirnir fara í sund en ég verð nú bara slakur heima, annars er ekkert sérstakt planað,“ segir Aron Kristján. „Við förum yfir gömlu, góðu rútínuna og hittumst upp úr hádegi. Við ætlum að borða saman og eyða deginum saman til að koma okkur í rétta gírinn,“ segir Arnar Snær.

Báðir liðsstjórarnir segja að stemningin sé mögnuð í skólunum vegna keppninnar og gera ráð fyrir góðri mætingu en ætla liðsmennirnir ekki að gera eitthvað flippað ef liðið vinnur Morfís, eins og að fá sér tattú? „Ég held við munum bara fagna vel og vandlega. Ég geri ekki ráð fyrir því að fólk fái sér tattú en það gæti þó alveg verið að Katrín stuðningsmaður taki tattúið á sig,“ segir Aron Kristján hress og kátur. „Það er ekkert planað hjá okkur ef við vinnum. Hins vegar gæti alveg verið að einhver fái sér tattú ef við vinnum,“ segir Arnar Snær.

Úrslitin fara fram í Háskólabíói í kvöld og hefjast klukkan 20.00.

gunnarleo@frettabladid.is



FLUTTIR HEIM Í LÁGMÚLANN
OPNUNAR TILBOÐ
FRÁ 1966
Pioneer HLJÓMTÆKI X-EM11
TILBOÐ 19.900
Hljómtækjastæða Verð: 25.900
Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM11-K
TILBOÐ 27.900
Hljómtækjastæða Verð: 34.900
Pioneer HLJÓMTÆKI X-SM00
TILBOÐ 29.900
iPod vagga Verð: 39.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DEH-X3500UI
TILBOÐ 21.500
Bíltæki Verð: 28.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
5.1 rása
TILBOÐ 36.900
DVD-Heimabíókerfi Verð: 49.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
TILBOÐ 9.900
DVD spilari Verð: 14.900
UE46F5005AK
SAMSUNG 46"
Drauma dagar
TILBOÐ 159.900
LED Verð: 189.900
UE50F5005AK
SAMSUNG 50"
Drauma dagar
TILBOÐ 199.900
LED Verð: 249.900
UE46F6675
SAMSUNG 46"
Drauma dagar
TILBOÐ 269.900
LED·SmartTV Verð: 299.900
Nintendo Wii mini
Wii U
NINTENDO DS
Tveir litir
Kr. 7.990
Kr. 7.990
Kr. 9.450
Kr. 8.990
Kr. 8.990
Kr. 5.990
Kr. 5.990
SPENNA SNERPA SNILLD
Mario Kart fylgir Verð: 26.900 I Verð: 69.900 I Verð: 29.900
Ljósaperan enduruppgötvuð
LIFX SMART LED LJÓSAPERA
· 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
· 1017 Lumens í fullum styrk
· 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
· Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
· LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
· Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.
LIFX
Verð: 15.900
SAMSUNG NX 1000 { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }
TILBOÐ 79.900
SAMSUNG
· 20.3 milljón pixlar
· 20-50 mm linsa fylgir
· APS-CMOS Sensor
· 8 rammar á sek.
· Direct Wi-Fi
· I-Function linsa
· Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
· ISO 100-12800
· Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
· Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
· Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
SAMSUNG GALAXY Tab 2
fylgir með vélunum
Kaupauki
Samsung GALAXY Tab 2
7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum
SHARP LC39LE351
39"
TILBOÐ 119.900
LED Verð: 144.900
SHARP LC39LE751
39"
TILBOÐ 149.900
LED Verð: 189.900
SHARP LC50LE651
50"
TILBOÐ 219.900
LED Verð: 279.900
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS

# LÍFIÐ

## Bestu lögin til að hlaupa við

Vefsíðan The Running Awards tekur saman lista í hverri viku yfir bestu lögin til að hlaupa við og getur hver sem er kosið hvenær sem er á síðunni. Í þessari viku kennir ýmissa grasa á topp tíu listanum.

1. Pass Out – Tinie Tempah
2. Eye of the Tiger – Survivor
3. Insomnia – Faithless
4. Underdog – Kasabian
5. Rolling in the Deep – Adele
6. Billie Jean – Michael Jackson
7. Gonna Fly Now (Rocky Theme) – Bill Conti
8. Stronger – Kanye West
9. Everlong – Foo Fighters
10. Breathe – The Prodigy



# Hefur aldrei á ævinni hitt vinsamlegra fólk

**YouTube-stjarnan er í kynningarferð fyrir DVD-útgáfu af kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty á Íslandi. Hún verður hér fram á þriðjudag en ætlar að heilsa upp á aðdáendur sína í Smáralind á sunnudag. Hún hlakkar til að eyða nokkrum klukkutímum með þeim.**

„Ég fer lítið í bíó en ég fór á kvikmyndina The Secret Life of Walter Mitty með systur minni. Þegar myndin var búin vorum við harðákveðnar í því að fara einhvern tímann til Íslands. Svo kom það til að myndverið Fox vildi senda okkur hingað til að kynna myndina og stukkum við á það tækifæri,“ segir YouTube-stjarnan og leikkonan iJustine, sem heitir réttu nafni Justine Ezarik. Hún er á Íslandi ásamt systur sinni Jennu og fara þær af landi brott á þriðjudag. Meðan á ferðinni stendur setja þær daglega inn myndbönd á YouTube þar sem fólk getur valið á milli tveggja hluta sem þær þurfa að prófa á landinu. Kosningin fer fram á Twitter með sérstöku kassamerki og þær systur taka síðan upp herlegheitin og setja á YouTube.

iJustine ætlar að heilsa upp á aðdáendur sína á Íslandi við Smáratívolí í Smáralind á sunnudaginn klukkan 15.

„Þegar ég sagðist vera að koma hingað fékk ég fullt af tístum frá fólki sem vildi hitta mig,“ segir iJustine sem hafði heyrt af óförum Vine-stjörnunnar Jerome Jarre í Smáralind í byrjun árs áður en hún kom til landsins. Hún er því búin að skipuleggja heimsókn sína í verslunarmiðstöðina þannig að slíkt atvik ætti ekki að endurtaka sig.

„Ég hef verið að gera myndbönd á netinu síðan árið 2006 þannig að ég er ekki aðeins stór partur af lífi aðdáenda minna heldur eru þeir líka stór partur af mínu lífi. Ég hlakka til að eyða með þeim nokkrum klukkutímum.“

iJustine kann vel við sig á landinu. „Þessir dagar hér hafa verið ótrúlegir. Ég hef aldrei hitt vingjarnlegra fólk en hér. Allir taka svo vel á móti okkur. Ég er ekki vön því enda bý ég í Los Angeles. Mig langar að gera eins mikið og ég get á meðan ég er hér,“ segir stjarnan sem einnig hefur spreytt sig á leiklistinni í þáttum á borð við Criminal Minds og The Vampire Diaries. Hún kann þó vel við sig í YouTube-heiminum.

„Mig langar jafnvel að breyta YouTube-myndböndunum í sjónvarpsþætti eða kvikmynd einn daginn. Þetta er vinnan mín og hún getur verið strembin en þetta er það sem ég elska að gera.“

liljakatrin@frettabladid.is

### HVER ER IJUSTINE?

- Byrjaði að gera myndbönd árið 2006
- Hefur gert yfir 2.500 myndbönd
- Myndbandið sem er hvað þekktast er um 300 blaðsíðna símareikning sem iJustine fékk
- Myndböndin hennar hafa verið skoðuð tæplega 500 milljón sinnum
- Vann Webby-verðlaun árið 2011 sem besti vefsjónvarpsmaðurinn



**HITTA AÐDÁENDUR** Jenna og iJustine hlakka til að hitta aðdáendur sína um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
KORPU
OUTLET
Nýjar vörur frá:
JACK & JONES
VILA
SELECTED
VERO MODA

# ÞAÐ ER GOTT

# ★ AÐ BORÐA ★

# Í KÓPAVOGI



Serrano opnar nýjan og glæsilegan stað
á Nýbýlavegi 6-8 í dag kl. 11:00

**200 FYRSTU GESTIRNIR FÁ FRÍAN BURRITO**

Eftir það bjóðum við upp á brjálæðislega ferskan
BBQ burrito og Kristal **á aðeins þúsund kall.**

Tilboðið gildir aðeins á Nýbýlavegi fram yfir síðustu kvöldmáltíð á skírdag.

serrano

FRESH ★ HAPPY ★ MEX

ÍSLENSKA/SIA.IS SER 68665 04/14

# Gengur ekkert í leiklistinni?

**BAKÞANKAR**
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Ég lærði leiklist úti í Danmörku. Fjögur ár af ævi minni fóru í nám sem ég hefði aldrei getað ímyndað að myndi reynast mér svona vel í lífinu.

**EFTIR ÚTSKRIFT** hef ég svo sem ekki fengist við mikið sem tengist náminu beint. Ég hef heldur ekki sóst mikið eftir því að vinna í þessum bransa.

**IÐULEGA** fæ ég spurningar á borð við: „Ert þú alveg búin að gefa leiklistardrauminn upp á bátinn?“ Eða: „Er ekkert að gerast hjá þér í leiklistinni?“

**ÉG SVARA** nánast án undantekninga að draumurinn deyi aldrei enda lifa draumar að eilífu. Ég vil allavega hugga mig við þá tilhugsun í oft grámyglulegum hversdeginum.

**EN BURTSÉÐ** frá draumum og einhverri óskiljanlegri hugmynd um frægð sem flestir halda að sé eitthvað sem allir leikarar þrá þá gæti svar mitt við þessum spurningum orðið svo langt að ég myndi fljótt þreyta marga.

**ÉG LÆRÐI** nefnilega svo margt ómetanlegt í leiklistarskóla. Eitthvað sem ég tel að ég hefði aldrei lært ef ég hefði ekki stokkið á þennan draum sem var búinn að fylgja mér síðan ég var lítil. Ég lærði nefnilega að ég væri alveg ágætis persóna þrátt fyrir mína galla. Eða eiginlega vegna þeirra. Mínir gallar væru nefnilega mínir og ég væri ekki ég án þeirra. Það síðasta sem ég ætti að gera væri að afneita þeim og reyna alltaf að vera einhver annar en ég væri. Ég ætti hins vegar að taka þessum göllum fagnandi, sættast við þá og rækta frekar kostina mína.

**ÉG LÆRÐI** líka margt um mannskepnuna. Hvaða hvatir stjórna henni. Hvernig á að nálgast mismunandi manneskjur eftir því hvaða mann þær hafa að geyma.

**EN FYRST** og fremst lærði ég að treysta á sjálfa mig, taka gagnrýni frá öðrum á uppbyggilegan hátt og hætta að reyna að þóknast öðrum í einu og öllu sem ég geri.

**ÉG VEIT EKKI** með ykkur en mér finnst það bara helvíti vel af sér vikið. Þannig að jú, það er fullt að gerast hjá mér í leiklistinni. Á hverjum einasta degi.

# Uppgötva nýja tónlist

Hafþór og Viktor starfrækja vefsíðuna Songs.is, sem sérhæfir sig í að kynna fólki nýja tónlist. Þeir setja aldrei inn lög ef þau eru eldri en mánaðargömul.

„Við vildum búa til síðu sem er hugsuð fyrir þá sem vilja uppgötva nýja tónlist. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð enda þótti okkur vanta svona síðu,“ segir Hafþór Óli Þorsteinsson sem stofnaði ásamt Viktori Jóni Helgasyni vefsíðuna Songs.is fyrir skömmu. Um er að ræða vefsíðu þar sem þeir félagar kynna fólki nýja tónlist. „Við höfum eina reglu og hún er sú að við póstum ekki lögum ef þau eru eldri en mánaðargömul,“ segir Hafþór Óli.

Þeir félagar kynna bæði íslenska og erlenda tónlist á síðunni. „Við erum líklega aðeins meira í erlendri tónlist en við reynum að forðast að setja inn lög sem eru að fara fá spilun í útvarpið,“ bætir Hafþór Óli við. Þeir hafa báðir alla tíð verið virkir við að uppgötva nýja tónlist og eru miklir tónlistarunnendur. gunnarleo@frettabladid.is



> Okkur fannst vera kominn tími til að búa til svona síðu og bæta nýjum lit í tónlistarlitrófið.
> *Hafþór Óli Þorsteinsson*

**SPEKINGAR** Hafþór Óli Þorsteinsson og Viktor Jón Helgason starfrækja tónlistarsíðuna Songs.is sem sérhæfir sig í að kynna fólki nýja tónlist. MYND/EINKASAFN

## Um Songs.is

Songs.is er ekki síða sem sér um plötuumfjallanir, heldur er meira lagt í að kynna lög fyrir hlustendum og í kjölfarið fær hlustandinn áhuga á tónlistarmanninum eða hljómsveitinni.

Á síðunni er að finna ýmsa tónlistarflokka þannig að ef fólk vill kynna sér nýja og framandi popptónlist þá smellir viðkomandi á flokkinn popp og svo framvegis. „Okkur fannst vera kominn tími til að búa til svona síðu og bæta nýjum lit í tónlistarlitrófið.“


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4-5-6-7-8-9-10 | 7 |
| HARRÝ OG HEIMIR LÚXUS | KL. 4-6-8-10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 – 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 - 9 - 10 | 7 |
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 6 - 8 | 16 |
| HEILD | KL. 6 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HARRY OG HEIMIR | 4, 6, 8, 10 | 7 |
| MONICA Z | 5:50, 8 | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 8, 10:45 | 12 |
| NOAH | 10:20 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 4, 6 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 4 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 3 - 5 - 8 - 10 - 10:50 | 12 |
| DIVERGENT VIP | KL. 5 - 8 | |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 5:10 - 8 - 10:45 2D: 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 10:50 | |
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:10 | 12 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 4 - 5:40 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 5:15 - 10:45 2D: 8 | 12 |
| NOAH | KL. 5 | 12 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NOAH | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 6 - 9 - 11:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 6 - 9 - 11:45 | 12 |
| NOAH | KL. 9 - 11:45 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 10 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 | L |
| HENTURÁNIÐ ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
NORRÆN KVIKMYNDAHÁTÍÐ
3.–15. APRÍL 2014



FÖSTUDAGUR 11. APRÍL
18:00 Lärjungen, Finnland (2013) sænskumælandi
20:00 Miss Farkku-Suomi, Finnland (2012)

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.
Nánari upplýsingar á norraenahusid.is.

www.baddydesign.com NORRÆNA HÚSIÐ

Riddarinn Ølstofa - Engihjalla
BOLTINN Í BEINNI
PREMIER LEAGUE UEFA CHAMPIONS LEAGUE
Hamborgari franskar & bernaise
Hot wings m. gráðostasósu
Pizza m. skinku og pepperoni
Gullnáman

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS ÍSLANDS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# VORTILBOÐ!

## AÐEINS Í HEILSUHÚSINU

**Komdu og gerðu góð kaup!**

TILBOÐIN GILDA TIL 13. APRÍL.




**Hnetumix**
Valhnetur, möndlur, kasjúhnetur, hunang og salt.
Sjá uppskrift á bls. 6 í Heilsufréttum.
**30% afsláttur ef allt hráefnið er keypt.**
**20% af stökum vörum.**




**Efalex**
Efalex hefur þróað bætiefni sem byggir á Omega 3 fiskiolíum, ásamt ólíkri virkni meðfylgjandi bætiefna í hverri og einni vöru. Stuðlar að heilbrigði og góðri líðan.




**Arctic Root - Extra sterk burnirót!**
Eflir í senn andlegt jafnvægi, einbeitingu, athygli, gleði og jafnvel kynhvöt.






**Biotta Mango mix**
Einstök blanda fyrsta flokks exótískra ávaxta eins og mangó, guava og passion-ávaxtar. Frábær drykkur!






**Túrmerik frá Sonnentor**
Lífrænt vottað, malað túrmerik.
Kryddbaukur og Maldon salt fylgja.




**Silica Plus**
Frábært fyrir húð, hár og neglur!




**Vivani súkkulaði**
Lífrænt lúxussúkkulaði.
Fáðu þér aðeins það besta fyrir páskana.
Fjölmargar tegundir!



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | REYKJANESBÆ

## Harpa skoraði þrennu á Möltu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið valtaði yfir Möltu, 8-0, er liðin mættust í gær ytra í undankeppni HM 2015.

Einstefna ríkti hjá íslenska liðinu frá upphafi til enda. Stjörnukonan Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu í leiknum. Aðrir markaskorarar voru Dóra María Lárusdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Guðmunda Brynja Óladóttir og Dagný Brynjarsdóttir sem skoraði tvö mörk.

Ísland er með níu stig í öðru sæti þriðja riðils í undankeppni HM 2015, sex stigum á eftir Sviss sem hefur leikið fimm leiki. Ísland er búið með fjóra leiki.

Næst taka við erfiðir útileikir gegn Sviss og Danmörku. - hbg



HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR.

## Bikarinn fór á loft á Ásvöllum



**STEMNING** Matthías Árni Ingimarsson lyftir bikarnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** Haukar tryggðu sér deildarmeistaratitilinn í gær er liðið marði jafntefli gegn Akureyri. Ein umferð er eftir af deildarkeppninni.

Fram náði ekki að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni og spennan fyrir lokaumferðina er mikil.

KR og Stjarnan þurfa svo að mætast aftur í körfunni eftir magnaðan sigur Stjörnunnar vestur í bæ í gær. - hbg

**visir.is**

Frekari umfjöllun um leikina.

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**KR - STJARNAN 76-95**

**KR:** Demond Watt Jr. 22/11 fráköst, Helgi Már Magnússon 18, Pavel Ermolinskij 17/8 fráköst/5 stoðsendingar, Martin Hermannsson 11.

**Stjarnan:** Matthew James Hairston 41/16 fráköst, Marvin Valdimarsson 20, Justin Shouse 15, Jón Sverrisson 8, Dagur Kár Jónsson 7.

*KR er yfir í einvíginu, 2-1.*

### OLÍS-DEILD KARLA

**ÍBV - VALUR 31-27**

**ÍBV - Mörk (skot):** Róbert Aron Hostert 9 (16), Theodór Sigurbjörnsson 8/3 (10/3).

**Varin skot:** Henrik Vikan Eidsvag 6 (21, 29%).

**Valur - Mörk (skot):** Sveinn Sveinsson 8/1 (12/2), Elvar Friðriksson 5 (8), Guðmundur Helgason 4 (8)

**Varin skot:** Hlynur Morthens 13 (39/2, 33%)

**FRAM - ÍR 26-28**

**Fram - Mörk (skot):** Ólafur Jóhann Magnússon 6 (6), Elías Bóasson 5 (12), Sveinn Þorgeirsson 4 (7).

**Varin skot:** Svavar Már Ólafsson 6 (15/1, 40%), Stephen Nielsen 5 (24/2, 21%).

**ÍR - Mörk (skot):** Sturla Ásgeirsson 9/3 (12/3), Davíð Georgsson 6 (6), Guðni Kristinsson 5 (8).

**Varin skot:** Arnór Stefánsson 14 (33/1, 42%)

**FH - HK 35-28**

**FH - Mörk (skot):** Ásbjörn Friðriksson 8/5 (10/5), Benedikt Kristinsson 7 (7), Ísak Rafnsson 6 (10)

**Varin skot:** Ágúst Björgvinsson 11/2 (39/4, 28%),

**HK - Mörk (skot):** Garðar Svansson 8/1 (11/1), Atli Karl Bachmann 7 (11), Leó Pétursson 4/1 (7/3).

**Varin skot:** Valgeir Tómasson 9 (36/5, 25%)

**HAUKAR - AKUREYRI 21-21**

**Haukar - Mörk (skot):** Elías Már Halldórsson 4 (8), Tjörvi Þorgeirsson 4 (8), Þórður Rafn Guðmundsson 3 (5), Árni Steinn Steinþórsson 3 (8).

**Varin skot:** Einar Vilmundarson 2 (10/2, 20%),

**Akureyri - Mörk (skot):** Bjarni Fritzson 8/4 (11/4), Kristján Orri Jóhannsson 4 (6), Þrándur Gíslason

**Varin skot:** Jovan Kukobat 18 (39/2, 46%).

# Maður er fljótur að gleymast

Grétar Rafn Steinsson er á fullu að búa sig undir lífið eftir fótboltaferilinn. Hann er í námi í fótboltastjórnun og ferðast um heiminn til að koma sér upp tengslaneti. Fór á völlinn með van Gaal og van Persie.

**FÓTBOLTI** „Ég er í námi að læra fótboltastjórnun og er einnig að kynnast fólki og stækka tengslanetið. Maður er að læra allt um leikinn sem maður kann ekki og veit ekki hvernig virkar. Fótboltinn er svo fljótur að breytast að maður verður að uppfæra sig," segir Grétar Rafn Steinsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í fótbolta, sem lagt hefur skóna á hilluna vegna þrálátra meiðsla.

**Nýtur námsins**

Grétar Rafn er nú á fullu að undirbúa sig fyrir lífið eftir fótboltaferilinn þótt hann stefni að starfi innan fótboltans. Hann nemur fótboltastjórnun við Johan Cruyff-stofnunina þar sem kenndar eru viðskiptahliðar boltans.

„Þetta tengist meira viðskiptum en fótbolta. Með fullri virðingu fyrir okkur fótboltamönnum þá erum við margir ekkert búnir með mikið háskólanám. En sem betur fer kláraði ég fjölbraut áður en ég fór út og er því með einhvern grunn," segir Grétar en hvað er það nákvæmlega sem menn læra þarna?

„Það er mikið farið út í áætlanir, taktík og greiningar. Einnig fer þetta yfir í markaðsfræði og vörumerkin. Þetta eru bara alls konar þættir sem snúa að viðskiptahluta fótboltafélaga – eitthvað sem ég þekki ekki. Ég þarf að læra þetta og hef mjög gaman af. Svo sjáum við bara til hversu langt þetta fer með mig."

Grétar er einnig á miklu flakki um Evrópu og fer á fótboltaleiki víðs vegar um álfuna. Það gerir hann til að styrkja tengslanetið ef ske kynni að hann myndi til dæmis leggja fyrir sig umboðsmennsku. Hann er nú þegar farinn af stað með skrifstofu sem hann rekur erlendis.

**Framtíðin óráðin**

„Þú gerir ekkert mikið í þessum bransa nema vera vel tengdur og vita hvað er að gerast. Ég vinn í gegnum erlendan markað og er með skrifstofu hérna úti. Framtíðin er samt óráðin. Ég er með umboðsréttindi en maður þarf bara alltaf að vera tilbúinn að læra og uppfæra sig," segir Grétar en ein ástæða þess að hann sækir alla þessa velli og ferðast svona mikið er til að minna á sig.

„Þú ert kannski eitthvað þekktur þegar þú ert að spila en þegar þú hættir ertu bara einn af hundruðum þúsunda fyrrverandi fótboltamanna. Maður er fljótur að gleymast. Því þarf að leggja á sig marga tíma á dag til að gera eitthvað því heimurinn getur verið harður," segir Grétar Rafn.



**ÞRÍR GÓÐIR** Louis van Gaal, Grétar Rafn og Robin van Persie. MYND/FCUPDATE

Mynd af Grétari Rafni vakti mikla athygli hér heima um síðustu helgi þar sem hann sást á leiðinni á leik Vitesse Arnhem og Ajax með tveimur risum í bransanum: Louis van Gaal, landsliðsþjálfara Hollands, og Robin van Persie, framherja Manchester United.

„Ég þekki Van Gaal náttúrlega mjög vel eftir daga mína hjá AZ. Hann skutlaði okkur á völlinn og við áttum bara fínasta dag saman. Ég er búinn að vera í heimsókn hjá hollenska sambandinu þannig að þetta hentaði ágætlega. Maður þarf að reyna að fá sem mest út úr svona dögum." tom@frettabladid.is

FERMINGARGJÖF Á FRÁBÆRU VERÐI




TILBOÐ!
4.999
Verð áður 16.890

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Endurmenntun í gangi

Gott og mikið badmintonstarf á Siglufirði.

**BADMINTON** „Tinna er frábær þjálfari og ég hef oft fengið hana til mín að þjálfa en hún býr í Danmörku og veit ekki alveg hvað er að gerast hérna heima," segir Anna Lilja Sigurðardóttir, formaður fræðslunefndar Badmintonsambands Íslands og yfirþjálfari hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar.

Anna Lilja hafði samband við Fréttablaðið í kjölfar viðtals sem birtist við Tinnu Helgadóttur, þrefaldan Íslandsmeistara í badminton, sem starfar sem yfirþjálfari hjá Værlöse í Danmörku.

Gagnrýndi Tinna barna- og unglingastarfið hér heima og fannst skrítið að yngra fólk, á borð við hana sjálfa, fengi ekki starf, t.a.m. í stærsta félaginu, TBR, þar sem sömu þjálfararnir hafa verið í mörg ár. Sagði hún lítið um endurmenntun þjálfara hér á landi.

„Það er ekki rétt. Nú síðast í janúar var Daninn Peder Gade, einn besti spilari sögunnar, hér á landi og hélt fyrirlestur fyrir badmintonþjálfara og var svo með æfingar. Árið á undan kom líka annar Dani hingað sem bjó til Miniton-kerfið. Sambandið sendir svo að lágmarki þrjá þjálfara á námskeið á ári hverju," segir Anna Lilja.

Tinna benti einnig á að badminton væri því miður farið of mikið að einskorðast við Reykjavík og félög að leggjast af úti á landi. Önnu fannst leiðinlegt að hún hafði Siglufjörð með í þeirri upptalningu



**ÓSAMMÁLA** Anna Lilja er ekki sammála Tinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

en þar er unnið gott og mikið starf.

„Siglufjörður var með næstfjölmennasta hópinn á síðasta Íslandsmóti unglinga. Þar er hrikalega öflug kona með starfið og aldrei verið fleiri krakkar að æfa. Stærstur hluti krakkanna þar í bæ iðkar badminton," segir hún.

Anna segir að auðvitað megi alltaf bæta og efla starfið en bendir á að þegar kemur að því að fá unga krakka til að iðka badminton sé í gangi verkefni sem kallast „shuttle-time". Það er skólaátak og hafa yfir 100 íþróttakennarar sótt kennslu á vegum sambandsins til að geta miðlað þeirri þekkingu í skólunum.

„Kosturinn við badminton er að krakkar koma ekkert bara til að keppa. Hjá okkur má æfa án þess. Við erum með fullt af krökkum sem koma bara til að hreyfa sig sem er hið besta mál," segir Anna Lilja Sigurðardóttir. - tom


copa mundial
er kominn í sambagallann!
Þú færð Copa Mundial 2014 einungis í Jóa útherja
game on
or game over
adidas
Jói útherji
Ármúla 36 · 108 Reykjavík · 588 1560 · joiutherji.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.35
### Men in Black 3

Stórmynd frá 2012 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Þeir leika K og J sem starfa fyrir leynileg samtök svartklæddra manna sem gæta þess að geimverur sem lifa á jörðinni haldi friðinn og mannfólkið komist ekki að tilveru þeirra.

## Í KVÖLD



### Skólahreysti

**SJÓNVARPIÐ KL. 19.40** Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.



### Spurningabomban

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum og er hvort skipað tveimur keppendum.



### Grindavík – Njarðvík

**STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00** Bein útsending frá leik Grindavíkur og Njarðvíkur í Dominos-deild karla í körfubolta.

## Bylgjan kl. 16.00
### Reykjavík síðdegis

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.




## FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



# DRYKKJAN TÓK YFIR

**Guðmundur Ragnar Einarsson** er uppkomið barn alkóhólista. Hann segir ekki hlúð að börnum í sömu sporum og vill að þeim sé gefin rödd. Hann leitaði meðal annars til vinar síns **Gunnars Helgasonar,** sem byggði vinsælar barnabækur á áhrifaríkri sögu Guðmundar.

### Ég vil fræða fólk en ekki hræða.



**Marta Eiríksdóttir,** jógakennari hefur illilega fengið að kenna á hinum svokallaða Lyme-sjúkdómi. Ekki einu sinni heldur tvisvar.

### Hvetur íslenskar konur áfram

**Ingibjörg Þórðardóttir,** fréttastjóri á BBC, hefur komist langt í karlaveldi fjölmiðlanna. Hún þakkar femínísku uppeldi ásamt sterkum kvenfyrirmyndum allt í kringum sig.



FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Malcolm In the Middle
**08.25** Kingdom of Plants
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Celebrity Apprentice
**11.45** Fairly Legal
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Glee Project
**13.45** Story of Us
**15.40** Hundagengið
**16.05** Waybuloo
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** The Simpsons
**19.45** Spurningabomban
**20.35** Men in Black 3
**23.50** Little Miss Sunshine
**01.30** Saw VI
**03.00** Final Destination 4
**04.20** Story Of Us
**05.55** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Dallas - San Antonio
**12.20** Benfica - AZ Alkmaar
**14.00** 3. liðið
**14.30** KS deildin
**15.00** Samantekt og spjall Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**15.30** KR - Stjarnan
**17.00** La Liga Report
**17.30** FA Cup - Preview Show 2014
**18.00** UFC Fight Night Bein útsending frá UFC Fight Night í Abu Dhabi þar sem aðalbardagi kvöldsins verður á milli Minotauro Nogueira og Roy Nelson.
**20.00** Grindavík - Njarðvík Bein útsending.
**22.00** UFC Now 2014
**22.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**23.20** Evrópudeildarmörkin
**00.15** Grindavík - Njarðvík
**01.45** Dallas - San Antonio

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.50** Cardiff - Crystal Palace
**12.30** PL Classic Matches. Tottenham – Manchester Utd.
**13.00** Hull - Swansea
**14.40** Chelsea - Stoke
**16.20** Premier League World
**16.50** Messan
**18.20** West Ham - Liverpool
**20.00** Match Pack
**20.30** Enska úrvalsdeildin – upphitun
**21.00** Króatía, Brasilía og Kamerún
**21.30** Football League Show 2013/14
**22.00** Newcastle - Man. Utd.
**23.40** Tottenham - Sunderland.
**01.20** Everton - Arsenal

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Reykjavíkurrölt **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**12.50** Simpson-fjölskyldan
**13.10** Friends
**13.35** Mindy Project
**13.55** Glee
**14.40** Hart of Dixie
**15.25** Pretty Little Liars
**16.10** Gossip Girl
**16.55** The Carrie Diaries
**17.35** Jamie's 30 Minute Meals
**18.00** Raising Hope
**18.20** The Neighbors
**18.40** Cougar town 4
**19.00** Top 20 Funniest
**19.45** How To Make It in America *(6:8)*
**20.15** Community *(3:24)*
**20.35** American Idol *(27:37)*
**20.55** Grimm *(22:22)*
**21.35** Sons of Anarchy *(2:13)*
**22.20** Memphis Beat
**23.00** Dark Blue
**23.40** Top 20 Funniest
**00.20** American Idol
**00.40** How To Make It in America
**01.05** Community
**01.25** Grimm
**02.05** Sons of Anarchy
**02.45** Tónlistarmyndbönd

## KrakkaStöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Hvellur keppnisbíll **08.34** Svampur Sveinsson **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tom and Jerry **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Hvellur keppnisbíll **12.34** Svampur Sveinsson **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tom and Jerry **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Skógardýrið Húgó **14.22** Latibær **14.46** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tom and Jerry **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Skógardýrið Húgó **18.22** Latibær **18.46** Ævintýraferðin **19.00** Litla stóra Pandan **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.50** Seinfeld
**19.15** Modern Family
**19.40** Two and a Half Men
**20.05** Wipeout – Ísland *(2:10)*
**21.00** Twenty Four *(12:24)*
**21.40** World Without End *(2:8)*
**22.30** It's Always Sunny In Philadelphia *(6:13)*
**22.55** Footballers Wives
**23.45** The Practice
**00.35** Wipeout – Ísland
**01.25** World Without End
**02.10** It's Always Sunny in Philadelphia
**02.35** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.55** Charlie and the Chocolate Factory
**12.50** Wall Street
**14.55** The Oranges
**16.25** Charlie and the Chocolate Factory
**18.20** Wall Street
**20.25** The Oranges
**22.00** The Last Stand
**23.50** Scream 4
**01.40** Flypaper
**03.10** The Last Stand

## RÚV

**15.40** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Litli prinsinn
**17.43** Hið mikla Bé
**18.05** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Ebbu
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Skólahreysti *(2:6) (Austurland og Suðurland)* Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol. Umsjón: Edda Sif Pálsdóttir og Haukur Harðarson.
**20.25** Útsvar *(Mosfellsbær – Grindavíkurbær)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.35** Harry og Heimir – á bak við tjöldin
**21.55** Blúsbræður *(The Blues Brothers)* Sígild gamanmynd frá 1980 um bræðurna Jake og Elwood Blues sem setja saman gamla hljómsveit í fjáröflunarskyni.
**00.05** Fjölskylduraunir *(Case 39)*
**01.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.00** Dogs in the City
**16.50** Food & Fun 2014
**17.20** Food & Fun 2014
**17.50** Dr. Phil
**18.30** Minute to Win It
**19.15** America's Funniest Home Videos *(26:44)*
**19.40** Got to Dance *(14:20)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn.
**20.30** The Voice *(13:28)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á SkjáEinum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna.
**22.45** The Tonight Show Kevin Costner kíkir við í settið hjá Jimmy ásamt sjónvarpsleikkonunni Danica McKellar. The Good Wife-leikarinn Alan Cumming bregður á leik.
**23.30** Friday Night Lights – LOKAÞÁTTUR
**00.15** Royal Pains
**01.05** CSI Miami
**01.45** Californication
**02.15** The Good Wife
**03.05** The Tonight Show
**04.35** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.45** Bundesliga Highlights Show **13.26** Dutch League - Highlights 2014 **14.25** Borussia Dortmund - Vfl Wolfsburg **16.16** Vitesse - AFC Ajax **18.05** Heerenveen - PSV Eindhoven **19.56** Dutch League - Highlights 2014 **20.56** Bundesliga Highlights Show **21.40** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** 2014 Augusta Masters **12.30** Tvöfaldur skolli **13.10** PGA Tour Latinoamerica **13.40** 2014 Augusta Masters **18.10** Golfing World 2014 **19.00** 2014 Augusta Masters **23.30** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Tökum vel við vorinu

## MÚRBÚÐARVERÐ



LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**17.990**



HLA-205
Áltrappa 5 þrep,
tvöföld
**6.490**
4 þrepa 5.490,-
6 þrepa 7.690,-



**Ryco LCL-M2 T8 lampi**
2x36W 113 cm IP30
með perum
**5.990**



1/2" slanga 15 metra
með stút og tengjum
**1.490**



Cisa 43840
Eldhústæki
**7.490**

**Gluggaþvotta-kústur,** gegn
um rennandi
116>180cm,
hraðtengi
með lokun
**2.490**



*Uppfyllir EN-131 staðalinn*

**Alvöru græja!**

TIA PRO álstigi 2x12 þrep
3,61-6,1 m
**28.990**



Drive 12V Li Ion
rafhlöðuborvél
**4.495**



Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
**11.990**



**6.990**
Drive ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta



Öflugar hjólbörur 90 lítra
**8.290**

**MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM**



Gua-543-1 vegghengdur,
1mm stál, einnig fáanlegur
í borð kr. 17.990
**19.900**

**Botnventill og vatnslásar fylgja öllum vöskum**

**25% afsláttur**



Rafhlöðuborvél
HDA2514 18V
~~16.900~~
**12.675**



PVC mottur 50x80 cm **1.490**
66x120 cm kr **2.790**
100x150 cm kr **4.990**



Ryk/blautsuga Drive ZD10
50L 1000W, 50 lítrar
**28.900**



Black&Decker
háþrýstidæla Max bar 110
**14.990**
**1400W, 360 min/lit/klst**
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki,
sápubox



Strákústur
30cm breiður
**695**



Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
**390**



Drive flísasög 600W
**8.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## UPPÁHALDSDÝRIÐ MITT



**„Ég get eiginlega ekki gert upp á milli katta og apakatta.“**

Valdimar Píanó Kristjónsson, framkvæmdastjóri og píanisti.

# Endurmat lífið eftir alvarlegt bílslys

Tónlistarkonan Svala Björgvinsdóttir er læknum Landspítalans ævinlega þakklát en hún lenti í bílslysi ásamt manni sínum og fjölskyldu hans fyrir sex árum. Hún vill helst ekki keyra bíl enn þann dag í dag.

„Ég er alltaf með beltið spennt, sama hvar ég sit í bílnum,“ segir tónlistarkonan Svala Björgvinsdóttir en hún lenti í alvarlegu bílslysi ásamt manni sínum, Einari Egilssyni, og bræðrum hans, þeim Erling og Eðvarð, og föður þeirra, Agli Eðvarðssyni, fyrir sex árum. „Ég er ennþá afskaplega bílhrædd og vil helst að Einar, maðurinn minn, keyri en ef einhver annar er við stýrið verð ég mjög óróleg og kvíðin,“ segir Svala og bætir því við að hún og Einar hafi þurft að takast á við ýmsa kvilla eftir slysið.

„Einar hefur þurft að ganga í gegnum margt á þessum sex árum heilsufarslega séð en hann er bara svo jákvæður og duglegur að við látum ekkert stoppa okkur,“ segir Svala sem er ákaflega þakklát þeim sem björguðu þeim eftir bílslysið.

„Við erum endalaust þakklát þeim læknum uppi á Borgar- og Landspítala sem björguðu lífi okkar með því að framkvæma erfiðar aðgerðir á okkur. Algjörar hetjur þar, maður kvartar ekki þegar maður lifir svona atburð af, þetta var svo svakalegt bílslys og þess vegna er lífið svo dýrmætt,“ segir Svala sem vill vekja athygli á öryggi í umferðinni og notkun sætisbelta. - bþ



**ILLA FARIN** Svala og Einar lentu í alvarlegu bílslysi. MYND/EINKASAFN





„Einn okkar fremsti rannsóknarblaðamaður.“

EGILL HELGASON

Óþægilegar sögur - ágeng bók um aðdraganda hrunsins!

VERÖLD




**TEKUR EITT VERK FYRIR** Brynhildur leikur um þessar mundir í Furðulegu háttalagi hunds um nótt í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kveikti bál í Brynhildi

Ólafur Egill Egilsson er höfundur leikgerðar af Karitas án titils eftir Kristínu Marju. Brynhildur Guðjónsdóttir leikur titilhlutverkið í Þjóðleikhúsinu í haust.

„Mig langaði til að sjá þessa sögu lifna við á sviðinu,“ segir Ólafur Egill Egilsson, höfundur leikgerðar af Karitas án titils eftir Kristínu Marju Baldursdóttur, sem sett verður upp á fjölum Þjóðleikhússins í haust.

„Þetta er áhrifamikil og dramatísk saga, bæði um samfélagslegar hræringar og hræringar hjartans,“ bætir Ólafur við. „Þetta er kvennasaga, jú, en kannski fyrst og fremst einstaklingssaga – um baráttuna fyrir því að ráða lífi sínu – frelsið og helsið í tilverunni.“

Harpa Arnardóttir kemur til með að leikstýra verkinu, en Brynhildur Guðjónsdóttir leikur titilhlutverkið. „Einhvern veginn höguðu örlögin því þannig að ég hafði ekki lesið bókina, svo ég las leikgerðina hans Ólafs fyrst og kynntist sögunni þannig. Leikgerðin er algjörlega frábær og hún kveikti bál í mér. Óli er frábær sviðsarkítekt og náttúrulega penni og hann skrifar gagngert inn á svið, en í því felst mikil fullnægja fyrir leikara, að verkið sé skrifað af einhverjum sem skilur leikhús svona vel. Leikgerðin er bæði ljóðræn og unnin af mikilli virðingu fyrir höfundarverki Kristínar Marju,“ útskýrir Brynhildur sem hlakkar til að takast á við verkefnið. „Ég hef gert þetta svona undanfarin ár, tekið að mér eitt hlutverk og reynt að þjóna því vel.“

Brynhildur leikur nú í Furðulegu háttalagi hunds um nótt í Borgarleikhúsinu, í fyrra lék hún í Gullregni Ragnars Bragasonar og á næsta leikári er það Karitas. „Leikgerðin er búin til af svo miklu næmi og þetta er manneskjusaga. Tilfinningarnar eru stórar og togstreitan mikil.“

Brynhildur segir aðspurð að fólk hafi alltaf misjafnar skoðanir á því þegar bók er leikgerð. „Það sem við setjum á svið er sjálfstætt listaverk. Leikhús lýtur allt öðrum lögmálum en skáldsagan og ég hlakka bara til að takast á við þetta skemmtilega en krefjandi verkefni.“

Ólafur Egill útilokar ekki að hann muni skrifa leikgerð upp úr sjálfstæðu framhaldi sögunnar um Karitas, Óreiðu á striga. „Við sjáum hvernig þetta fer, en það gæti bara vel verið ef við náum til fólksins.“ olof@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HÖFUNDUR LEIKGERÐARINNAR** Ólafur Egill Egilsson útilokar ekki að skrifa leikgerð upp úr Óreiðu á striga.

### → Líkt við Sölku Völku og Sjálfstætt fólk

Karitas án titils kom fyrst út árið 2004 og hefur fengið góða dóma víða erlendis. Ekki er langt síðan bókin var gefin út í norskri þýðingu og gaf gagnrýnandi Verdens gang bókinni fullt hús stiga. Þá tók gagnrýnandi Adresseavisen í Þrándheimi í svipaðan streng og sagði bókina sverja sig í ætt við verk á borð við Sölku Völku og Sjálfstætt fólk. Á miðvikudagskvöldið opinberaði Egill Helgason lista yfir íslensk öndvegisrit í sjónvarpsþættinum Kiljunni og var Karitas án titils eitt þeirra.

# Schoolboy Q á leið til Íslands

Rapparinn kemur fram á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni í sumar.

Rapparinn Schoolboy Q kemur fram á Secret Solstice tónlistarhátíðinni í sumar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu vegna hátíðarinnar. Óhætt er að segja að Schoolboy Q sé meðal stærstu atriða hátíðarinnar en nýjasta plata tónlistarmannsins, Oxymoron, náði fyrsta sæti á Billboard 200 listanum þegar hún var nýkomin út. Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar segja að ákvörðunin um að bóka Schoolboy Q sé skref í að víkka sjóndeildarhring hátíðarinnar og bæta enn einni tónlistarstefnu við þá flóru tónlistaratriða sem nú þegar eru bókuð. Auk rapparans mun fjöldi tónlistarmanna koma fram en meðal nýjustu nafna eru bandaríska tónlistarkonan Banks, rafsveitin True Tigers og breski plötusnúðurinn Rob da Bank. Á meðal íslenskra listamanna sem koma fram eru meðal annars Högni Egilsson með nýjasta hugarfóstur sitt, HE, hljómsveitin Gluteus Maximus og rappteymið Reykjavíkurdætur. -bþ



SCHOOLBOY Q

Regatta GREAT OUTDOORS® · CRAGHOPPERS · Dare2b · BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

# OKKAR VERÐ

## NÝJAR VÖRUR! SUMAR 2014



HJÓLAJAKKAR
9.990.-



FLÍSPEYSUR
4.990.-



ISOLITE JAKKAR
4.990,-



CLIMAPLUS JAKKAR
11.990.-



HJÓLAJAKKAR
9.990,-



FLÍSPEYSUR
3.990.-



SOFTSHELL BUXUR
8.490.-



STRETCH ZIP-OFF BUXUR
8.490.-

## VERÐDÆMI

### Börn

| | |
|---|---|
| Flíspeysur | 2.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- |
| Softshell buxur | 5.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.490,- |
| Skór | 7.990,- |

### Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 3.990,- |
| Flíspeysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 5.990,- |
| Core Stretch peysur | 5.490,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Softshell buxur | 8.490,- |
| Zip off buxur | 8.490,- |
| Stretch buxur | 8.990,- |
| Regnbuxur | 1.990,- |
| Regnjakkar | 2.990,- |
| Hjólajakkar | 6.990,- |
| Kápur | 8.990.- |
| Skór | 7.490,- |
| Bakpokar | 4.990,- |

o.fl. o.fl.

**„ÓDÝRA HORNIÐ“ VERÐHRUN!**



**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 – 16**

facebook.com/
utivistogsport

Kíktu á síðuna!
Myndir af nýjum vörum!

**ÚTIVIST & SPORT**

Faxafen 12 S. 533-1550 www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Badmintonstjarna í innivinnu

Ein fremsta badmintonkona landsins, **Ragna Ingólfsdóttir,** hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra kynningarmála hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Ragna var valin úr stórum hópi umsækjenda en hún er með BA-gráðu í heimspeki og er í meistaranámi í lýðheilsuvísindum við HÍ.

Ragna mun hafa yfirumsjón með heimasíðu sambandsins og samfélagsmiðlum, svo sem Facebook.

Ragna mun svo vafalítið grípa til spaðans þegar hún þarf að teygja úr sér eftir langan dag við skrifborðið. **- ssb**



### Vill láta Jón Gnarr keyra sig um bæinn

Grínistinn Jeff Dunham óskaði sérstaklega eftir því að fá að hitta borgarstjórann **Jón Gnarr** að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins. Dunham mun hafa óskað eftir því að fá Jón Gnarr til þess að keyra sig um stræti borgarinnar í leigubíl, þar sem hann hafi einu sinni verið leigubílstjóri. Sýning Dunhams, sem verður um páskana í Eldborg, verður tekin upp fyrir heimildarmynd um Dunham og átti upptækið að vera hluti af því. Jón Gnarr verður þó ekki í borginni yfir páskana og gat því ekki orðið við bón kollega síns frá Bandaríkjunum. **- glp**



## Mest lesið vísir

1 Yfirlýsing frá fréttastjóra Vísis: Sorphirðumenn Reykjavíkur beðnir afsökunar
2 Halldór 10.04.14
3 „Við erum algjörlega drepin í þessari frétt"
4 Opið bréf til Illuga menntamálaráðherra
5 Hvað var að trufla Pórodd Hjaltalín sumarið 2012? | Myndband





